allt

ÞRÁINN BERTELSSON:
Rithöfundurinn sem var kúasmali
atvinna
Í MIÐJU BLAÐSINS

STEINUNN SIGURÐARDÓTTIR
TAUGAÁFALL VAR ALDREI VALMÖGULEIKI
Handriti að Sólskinshestinum stolið
FÓLK 38

ÍSLENSKA ÓPERAN
THE TURN OF THE SCREW
EFTIR
BENJAMIN BRITTEN
Tökin hert
MIÐASALA Á WWW.OPERA.IS, S. 511 4200

FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
23. október 2005 – 252. tölublað – 5. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 550 5000

SUNNUDAGUR

Raunveruleikinn rennur inn í skáldskapinn

Kristjón Kormákur hefur sent frá sér skáldsögu þar sem hann notast við tölvupóstsamskipti við þekkta Íslendinga.

BÆKUR 18 - 19

Haukar töpuðu

Íslandsmeistarar Hauka biðu lægri hlut gegn slóvenska liðinu Gorenje Valenje í Hafnarfirðinum. Það var skelfilegur fyrri hálfleikur sem varð Haukum að falli.

ÍÞRÓTTIR 32

Beið björgunar í myrkrinu

Smári Eiríksson var sjö ára þegar snjóflóðið féll á Flateyri fyrir tæpum tíu árum. Hann komst lífs af. Foreldrar Smára, Eiríkur Finnur Greipsson og Guðlaug Auðunsdóttir, rifja upp hina örlagaríku nótt.

VIÐTAL 18

VEÐRIÐ Í DAG



YFIRLEITT FREMUR SKÝJAÐ Stöku él á Vestfjörðum og við norður- og austurströndina. Hætt við slydduéljum suðvestan til. Hiti 0-5 stig syðra en við frostmark norðan til. Víðast næturfrost.

VEÐUR 4

LESTUR MEÐAL KVENNA 20-40 ÁRA
Innkaupastjórar heimilanna kjósa Fréttablaðið!
64%
Fréttablaðið
44%
Mbl.
*Lestur á sunnudegi samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í september 2005.

Launaleynd hindrar launajöfnuð kynja

Kvenfrelsi verður þungamiðja í stefnuyfirlýsingu vinstri grænna að loknum landsfundi flokksins. Í pallborðsumræðum kom fram að jafnréttisyfirvöld hafa takmarkaðri heimildir til að rannsaka launamun en aðrar eftirlitsstofnanir.

STJÓRNMÁL Kvenfrelsi og jafnréttismál verða meðal helstu áherslumála Vinstri hreyfingarinnar - græns framboðs að loknum landsfundi flokksins sem lýkur á Grand hóteli í Reykjavík í dag.

„Við ákváðum fyrir tveimur árum að endurskoða stefnuyfirlýsingu okkar með það fyrir augum að koma þessum málum í sviðsljósið. Landsfundi lýkur daginn fyrir kvennafrídaginn og það fer vel á því að koma kvenfrelsismálum í sviðsljósið," segir Katrín Jakobsdóttir, varaformaður vinstri grænna.

Hún segir að ástæða sé til að nota hugtakið kvenfrelsi, en ekki aðeins jafnrétti kynjanna, til þess að endurspegla áherslurnar. „Konur eru reyndar meirihluti kjósenda vinstri grænna. Við erum ekkert að reyna að sækja nýtt fylgi til kvenna með nýjum áherslum heldur erum við að setja kvenfrelsið formlega í stefnuyfirlýsingu okkar og gera málaflokkinn að meginstoð í starfi okkar."

Í pallborðsumræðum á landsfundinum um kvenfrelsi kom fram í máli Atla Gíslasonar lögfræðings að íslenska ríkið og önnur ríki sem bundin eru mannréttindasáttmálum ættu með virkum úrræðum að tryggja að konur og karlar nytu jafns réttar í hvívetna. Það ætti líka við um sömu laun fyrir sambærileg og jafn verðmæt störf. „Ríkið lætur mannréttindabrot, sem kynbundinn launamunur er, viðgangast... Við megum ekki sitja með hendur í skauti."

Atli taldi launaleynd vera meinsemd og sagði brýnt að jafnréttisyfirvöld fengju heimild til þess að aflétta slíkri leynd. „Það merkilega er að samkeppnisstofnun, skattayfirvöld og fjármálaeftirlitið hafa þessar heimildir. En þegar maður vill fá heimild til þess að rjúfa viðvarandi mannréttindabrot þá sýpur ríkisstjórnin hveljur og ýmsir íhaldsmenn. Það er mun brýnna að veita heimildir til þess að rjúfa þessa kyrrstöðu gagnvart konum heldur en að eltast við það hvort fjármálafyrirtæki fara sínu fram."

Atli Gíslason minnti á að ríkið bæri mikla ábyrgð sem stærsti atvinnurekandinn og viðsemjandinn um launakjör kvenna: „Þar eru hæg heimatökin." **- jh**

Stjórnskipuleg kreppa:

Ráðherrarnir misstu sig

KVENNAFRÍDAGUR Vigdísi Finnbogadóttur forseta Íslands fannst hún „móðguð" og síðan „niðurlægð" þegar ríkisstjórnin krafðist þess að hún staðfesti lög um bann við verkfalli flugfreyja hjá Flugleiðum á kvennafrídaginn 24. október 1985. Vigdís, sem hafði hugsað sér að halda kvennafrídaginn heilagan, óskaði þess að þurfa ekki að undirrita lögin fyrr en að þeim degi loknum.

VIGDÍS FINNBOGADÓTTIR Vigdísi forseta fannst ríkisstjórnin sýna óbilgirni á kvennafrídaginn 1985.

Ríkisstjórn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks sem þá var við völd taldi hins vegar „óásættanlegt" að bíða svo lengi og hefði látið lögin taka gildi án undirritunar forseta með vísan í 26. grein stjórnarskrárinnar. „Sumir af æðstu embættismönnum þjóðarinnar misstu sig," segir Halldór Reynisson, sem var forsetaritari á þessum árum.

sjá bls. 16

LATABÆJARHÁTÍÐ ICELANDAIR Íþróttaálfurinn heilsaði upp á börnin í gær. Fimmtán þúsund manns sóttu hátíðina. FRÉTTABLAÐIÐ / E.ÓL.

Þúsundir gesta í Latabæ:

Börnin gæddu sér á ávöxtum

HÁTÍÐ Um það bil fimmtán þúsund manns mættu, og þar af stór hluti börn, á Latabæjarhátíð Icelandair í gær.

Veitingarnar voru að hætti Latabæjarbúa en börnin fengu að gæða sér á ávöxtum á meðan á dagskránni stóð. Auk Latabæjar voru Strákarnir með atriði og stelpurnar í Nylon sungu nokkur lög. Hátíðin var haldin til að fagna samstarfi Icelandair og Latabæjar sem felst í því að barnamatur um borð í vélum Icelandair mun uppfylla hollustukröfur Íþróttaálfsins auk þess sem boðið verður upp á Latabæjarútvarps- og sjónvarpsefni. **- eö**

Rjúpnasvangir tilbúnir að greiða 20 þúsund krónur fyrir jólamatinn:

Verðið hvetur til magnveiða

SKOTVEIÐI „Eftirspurn eftir rjúpum á höfuðborgarsvæðinu veldur því að rjúpnaveiðimenn, vítt og breitt um land, veiða meira en góðu hófu gegnir. Fólk hefur þurft að bíða í tvö ár eftir að fá rjúpu í jólamatinn og margir eru tilbúnir að borga tvö þúsund krónur og þar yfir fyrir hverja rjúpu," segir Gísli Sverrisson, hjá Veiðiþjónustunni Fálkakletti í Mývatnssveit.

„Fjögurra manna fjölskylda þarf átta til tíu rjúpur í jólamatinn og því getur kostnaður þeirra sem ætla að kaupa rjúpu í ár farið yfir tuttugu þúsund krónur," segir Gísli. Hjá Veiðiþjónustunni Fálkakletti í Mývatnssveit geta veiðimenn keypt sér aðgang að rjúpnalandi en verðið er 4.500 krónur fyrir daginn.

DÝR JÓLAMATUR Samkvæmt reglugerð umhverfisráðherra um rjúpnaveiðar er ekki leyfilegt að selja rjúpu eða rjúpnaafurðir og bannað er að nota vélsleða eða torfærutæki við veiðarnar. FRÉTTABLAÐIÐ/KRISTJÁN

Gísli segir meirihluta veiðimanna fara að tilmælum umhverfisráðuneytisins þess efnis að skjóta ekki fleiri en tíu til fimmtán rjúpur á veiðitímabilinu en of margir skjóti þó mun fleiri.

„Þegar verðið er svona hátt freistast hluti veiðimanna til að skjóta fleiri rjúpur en þeir annars hefðu gert og ég tel að fimm til fimmtán prósent veiðimanna hyggist skjóta fimmtíu rjúpur eða fleiri og koma í verð því sem þeir ekki nota sjálfir. Einstaka veiðiböðlar skjóta svo miklu fleiri en fimmtíu rjúpur en vonandi fer þeim fækkandi," segir Gísli. **- kk**

Frjáls íbúðalán
4,15%
verðtryggðir vextir
Hrimnn og hafsíA
FRJÁLSI

SPURNING DAGSINS

Dagur Snær, ertu viss?

„Já, í flestum tilvikum."

Dagur Snær Sævarsson spurði Atla Gíslason í umræðum um kynfrelsi á landsfundi v instri grænna hvort gera þyrfti sáttmála við konur áður en farið væri í rúmið. „Já, ef þú ert ekki viss," var svar Atla á fundinum.

Húsnæði BUGL löngu sprungið og peningum safnað til stækkunar:

Meira en eitt hundrað börn bíða eftir greiningu á BUGL

HEILBRIGÐISMÁL Meira en 100 börn bíða nú eftir að komast til mats á göngudeild BUGL, samkvæmt upplýsingum frá deildinni. Forráðamönnum hennar hefur nú borist góður liðstyrkur í yfirstandandi fjársöfnun, sem miðar að því að stækka húsnæðið, þannig að hægt verði að koma til móts við þann stóra hóp barna og unglinga sem stríðir við geðraskanir.

Þessi liðstyrkur er Lýsing hf. sem mun kosta klassíska tónleika til styrktar Barna- og unglingageðdeild Landspítalans. Þeir verða þann 29. og 30. nóvember í Grafarvogskirkju. Þar mun hinn margrómaði fiðluleikari Hjörleifur Valsson flytja Árstíðirnar eftir Antonio Vivaldi, ásamt 12 manna strengjasveit. Þá er á teikniborðinu að landskunnir listamenn taki þátt í tónleikunum með mjög sérstökum og óvenjulegum hætti. Hver einasta króna sem inn kemur í aðgangseyri rennur óskert til BUGL.

ÓSÝNILEGIR ERFIÐLEIKAR Á hverju ári eru skráðar yfir 5.000 komur á göngudeild BUGL og hefur þeim fjölgað jafnt og þétt um nokkurra ára skeið.

Áætlað er að fyrsti áfangi viðbyggingar við BUGL verði um 950 fermetrar að stærð, en að stækkun lokinni mun húsnæðið verða um 3.200 fermetrar. **- jss**

Íslenskir útvegsmenn:

Deila enn við Norðmenn

SJÁVARÚTVEGUR Ef samningar nást ekki við Norðmenn um stjórn fiskveiða við Svalbarða innan mjög skamms tíma þurfa stjórnvöld að að höfða mál fyrir Alþjóðadómstólnum í Haag. Þetta segir Friðrik J. Arngrímsson framkvæmdastjóri LÍÚ.

Friðrik segir Norðmenn hafa einhliða tekið að sér stjórn fiskveiða á svæðinu þrátt fyrir að Íslendingar, Rússar og Evrópusambandið telji sig hafa jafnan rétt á við Norðmenn.

Friðrik segir íslensk skip hafa hætt veiðum á Svalbarðasvæðiu í fyrra af ótta við að Norðmenn tækju þau fyrir fiskveiðibrot. ■

KARL SIGURBJÖRNSSON BISKUP FLYTUR STEFNURÆÐU SÍNA.

Kirkjuþing stendur yfir:

Kirkjan vill meira frelsi

LAGABREYTINGAR Frumvarp til laga um breytingu á þjóðkirkjulögum frá 1997 er eitt af helstu málunum sem verða tekin fyrir á kirkjuþingi sem nú stendur yfir.

Breytingin gerir ráð fyrir að kirkjuþingið fái meira svigrúm til að fara með skipulagsmál sín eins og skipan kjördæma til kirkjuþings, fjölda fulltrúa á kirkjuþingi og kosningarétt á kirkjuþingi. Alls verða tekin fyrir 25 mál á kirkjuþinginu sem hófst í gær og stendur til 27. október.

Tveir varamenn sitja þingið en það eru þau Guðlaug Helga Ásgeirsdóttir og Magnús Kristinsson. **- eö**

Ritskoðun

Sökum lögbanns sem sýslumaðurinn í Reykjavík setti á skrif Fréttablaðsins sem byggja á tölvupósti sem með einum eða öðrum hætti hefur haft viðkomu hjá Jónínu Benediktsdóttur, eru lesendur beðnir að athuga að blaðið getur þar með ekki skrifað fréttir um aðdraganda rannsóknar Baugsmálsins eins og það hefði kosið að gera. Sýslumaður hefur bannað Fréttablaðinu að endurbirta, í heild eða hluta, fyrri fréttir um sama mál. Þar sem fátt fréttnæmt var eftir óbirt í þeim gögnum sem hald var lagt á munu aðgerðir sýslumanns ekki skaða fréttaskrifin eins mikið og í fyrstu mætti ætla.

-ritstj.

Beitir sér fyrir því að verksmiðjan rísi

Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra segir að hann muni leggja sig allan fram um að kalkþörungaverksmiðjan á Bíldudal verði að veruleika. Hún sé gríðarlega mikilvæg fyrir byggðarlagið.

VIÐSKIPTI „Ríkisstjórnin kom á sínum tíma fram með tillögu um að leggja fé í hafnarmannvirki og uppfyllingu á Bíldudal sem var samþykkt. Auk þess lagði hið opinbera fram fjármagn til þess að kosta rannsóknir og undirbúningsvinnu sem voru forsendur þess að þetta mál fór af stað," segir Einar K. Guðfinnsson, sjávarútvegsráðherra og fjórði þingmaður Norðurlands vestra.

Einar telur að ríkisstjórnin hafi með eðlilegum hætti stutt við bakið á þessari viðskiptahugmynd sem hann segir að hafi síðan verið borin uppi af fjárfestunum og væntanlegum eigendum. Einar segist hafa komið að vinnu við þetta mál árum saman og telji það mjög mikilvægt. „Ég hef lagt mig fram og mun leggja mig fram um að þessi verksmiðja verði að veruleika. Það er allt sem bendir til þess því það er búið að tryggja aðra fjármögnun og vinna alla undirbúningsvinnu."

EINAR K. GUÐFINNSSON sjávarútvegsráðherra vill sjá kalkþörungaverksmiðju rísa á Bíldudal.

Írska alþjóðafyrirtækinu Marigot sem ætlar að reisa kalkþörungaverksmiðjuna á Bíldudal var synjað um lán hjá íslenskum banka. „Það er ekkert nýtt að bankastofnanir meti eignir á landsbyggðinni með öðrum hætti en eignir á höfuðborgarsvæðinu. Stundum eru sjálfsagt einhverjar efnislegar ástæður sem liggja að baki en stundum eru það að mínu mati hreinir fordómar," segir Einar. Hann segist vona bankans vegna að á bak við þessa ákvörðun séu ekki fordómar gagnvart þessu svæði því það væri ekki gott til afspurnar. „Í hugum okkar landsbyggðarmanna er það dapurlegt þegar það gerist að bankar horfi með öðrum hætti á eignir á landsbyggðinni. Almennt ætti það að vera þannig að horft væri á rekstrarforsendur þessara verksmiðja frekar en staðsetningu þeirra." Einar telur að kalkþörungaverksmiðjan ætti að geta gengið vel. „Inn í þetta tiltekna verkefni eru að koma alvöru fjárfestar með áratuga reynslu, innlendir og erlendir sem hafa notið mikils trausts."

Spurður um það hvort slík atvinnuuppbygging geti ekki aukið lánstraust íbúa á staðnum sem hafa ekki átt auðvelt með að fá lán til viðhalds fasteigna sinna segir Einar að svo sé: „Sem gamalreyndur landsbyggðarþingmaður hef ég séð fjölmörg dæmi þess að atvinnuuppbygging sem þessi hafi áhrif á allt líf fólks á staðnum. Áhugi fólks á framkvæmdum heima hjá sér eykst og trú þess á byggðarlagið eflist." Hann segir að miklar vonir séu bundnar við kalkþörungaverksmiðju á Bíldudal og áhugi fólks á því að starfa í henni sé gífurlegur: „Þessi verksmiðja er ígildi stóriðju fyrir þetta byggðarlag."

emilia@frettabladid.is

Lánveitingar lánastofnana:

Viðmið lánastofnana ólík

VIÐSKIPTI „Almennt eru notuð jafnræðisviðmið þegar kemur að lánveitingum lánastofnana," segir Guðjón Rúnarsson, framkvæmdastjóri Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja. Hann segir að hins vegar geti það gerst að ákveðin svæði teljist of áhættusöm þegar kemur að lánveitingum til uppbyggingar.

GUÐJÓN RÚNARSSON Segir það geta gerst að ákveðin svæði þyki of áhættusöm þegar kemur að lánveitingum.

„Það er til dæmis þekkt í lánveitingum til fasteignakaupa að það skiptir máli hvort um er að ræða virkt markaðssvæði eða svæði þar sem er erfitt að selja fasteignir. Það er samt engin algild regla í þessum efnum því lánastofnanir nota mismunandi viðmið," segir Guðjón. **-eö**

LÖGREGLUFRÉTTIR

Vinnuslys Maður á fimmtugsaldri datt fram af vinnupalli við nýbyggingu í Kópavogi um hádegisbil í gær. Hann var talinn fótbrotinn þegar sjúkrabíllinn kom á staðinn. Samkvæmt upplýsingum frá Landspítalanum var hann lagður inn á slysadeild en ekki fengust nánari upplýsingar um líðan hans. Maðurinn var við störf á Smiðjuvegi 74 þegar hann missti jafnvægið og féll tæpa þrjá metra.

Rjúpnaskyttur undir eftirliti Lögreglan á Selfossi fékk tilkynningu í gær um að einhverjir væru á rjúpnaveiðum á fjórhjóli en það er stranglega bannað að vera á vélknúnum farartækjum við rjúpnaveiðar. Lögreglan á Egilsstöðum var einnig við rjúpnaveiðieftirlit í gær en þar fór allt vel fram og allir voru fótgangandi við veiðar.

www.toyota.is

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN ÍSLAND HF. TOY 24932 10/2005

Þetta er þitt tækifæri
til að eignast betri bíl.

Komdu í Toyota Nýbýlavegi, kíktu á úrvalið og verðið, gakktu frá málunum á staðnum og aktu heim á betri notuðum bíl.

BETRI NOTAÐIR BÍLAR TOYOTA

Toyota Nýbýlavegi 4 Kópavogur Sími 570-5070

Fyrsti kvenrektor Háskóla Íslands brautskráði kandídata í gær:

Háskólinn þarf tryggt fjármagn

BRAUTSKRÁNING „Háskólinn þarf að hafa skýra stefnu, meitlaðar áherslur og hvassan vilja til verka," sagði Kristín Ingólfsdóttir Háskólarektor við brautskráningu kandídata í gær. Hún sagði einnig að sú ábyrgð hvíldi á stjórnvöldum að styðja skólann og tryggja honum nauðsynlegt fjármagn til starfseminnar: „Fjárfesting samfélagsins í Háskóla Íslands er nauðsynleg, arðbær og áhættulaus."

Rektor sagði að samfélagið hefði meiri þörf fyrir háskóla í fremstu röð nú en nokkru sinni fyrr. „Heimurinn sem við lifum í einkennist af vaxandi samskiptum og samkeppni og þeim vegnar einfaldlega best sem efla hraðast þekkingu, vísindi og rannsóknir."

Þetta var fyrsta brautskráning Kristínar sem rektors og var hún söguleg að því leyti að aldrei áður hefur kvenrektor brautskráð kandídata frá Háskóla Íslands. Alls voru 322 kandídatar brautskráðir og þar á meðal voru hjónin Ólafur Bjarni Halldórsson og Salbjörg Jósepsdóttir frá Ísafirði sem brautskráðust saman úr fjarnámi í íslensku. **-eö**

BRAUTSKRÁNING HÁSKÓLA ÍSLANDS Kristín Ingólfsdóttir brautskráði 322 kandídata við hátíðlega athöfn í Háskólabíói í gær.

Þreföld frumsýning

í HEKLU 22. og 23. október

+ MITSUBISHI MOTORS +

=

Við höldum veglega hátíð í tilefni af frumsýningu á þremur nýjum bílum,
Volkswagen Jetta, Mitsubishi Colt og Volkswagen Passat Variant.

Fáðu þér far með veltibílnum og upplifðu hvernig öryggisbelti virka í raun!

Reynsluaktu Volkswagen og þú gætir

unnið ferð fyrir fjóra í ævintýralandið Autostadt, skemmtigarð í Wolfsburg í Þýskalandi, sem dregur að sér 4 milljónir gesta árlega.

Sérvaldir glæsilegir Volkswagen bílar með 100% fjármögnun í Bílaþingi, Laugavegi.

Sýningin er opin

laugardag kl. 12–17 og sunnudag kl. 12–16

Sýning hjá eftirtöldum umboðsmönnum:

Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100
HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416

HEKLA, Laugavegi 174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is

HEKLA®

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 4329

GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 21.10.2005

		KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	USD	60,17	60,45
Sterlingspund	GBP	106,68	107,20
Evra	EUR	72,25	72,65
Dönsk króna	DKK	9,682	9,738
Norsk króna	NOK	9,273	9,327
Sænsk króna	SEK	7,616	7,660
Japanskt jen	JPY	0,5208	0,5238
SDR	XDR	86,89	87,41

Gengisvísitala krónunnar
101,6498

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Tveir íslendingar á vegum Rauða kross Íslands verða sendir til Pakistan:

Helmingurinn fær ekki tjöld

JARÐSKJÁLFTAR Öflun og dreifing tjalda er nú helsta áhyggjuefnið í Pakistan. Um 3,3 milljónir eru heimilislausar en þau tjöld sem væntaleg eru munu einungis nægja tæpum helmingi bágstaddra. Einnig er þörf á fleiri þyrlum á svæðið svo hægt sé að ná til afskekktari svæða. Rauði kross Íslands hefur ákveðið að senda tvo Íslendinga til hjálpar í Pakistan, þau Jón Hafsteinsson og Sólveigu Ólafsdóttur.

Að sögn Kristínar Ólafsdóttur, verkefnisstjóra Rauða kross Íslands, er Sólveig þaulreyndur samskipta- og upplýsingafulltrúi. Hún hefur unnið fyrir Alþjóða Rauða krossinn frá árinu 1998. „Sólveig verður send beint frá Sri Lanka, en þar hefur hún verið við vinnu undanfarið. Starf hennar er að koma upplýsingum um ástandið á framfæri bæði innan Rauða krossins sem og til almennings," segir Kristín.

Jón Hafsteinsson er sjúkraflutninga- og slökkviliðsmaður. Hann hefur verið á Veraldarvakt Rauða krossins síðustu ár og var sendur til Kosovo og Albaníu árið 1999. Að sögn Kristínar mun Jón líklega starfa í héraðsborg Kasmír, Musafarat.

BALAKOT Í PAKISTAN Rúmlega 3 milljónir eru heimilislausar.

„Helsti vandinn nú er fjármagnið en ennþá vantar tæp 70 prósent af því fjármagni sem beðið var um," segir Kristín. **- mþþ**

Morð í Lundúnum:

Hinn myrti óþekkjanlegur

BRETLAND, AP Lögreglan í Lundúnum handtók í fyrrakvöld tvo menn sem grunaðir eru um að hafa framið hrottalegt morð. Þeir myrtu tuttugu og fjögurra ára karl sem rak vinsælan næturklúbb fyrir samkynhneigða. Hinir handteknu eru 33 og 25 ára og hafa verið yfirheyrðir vegna málsins.
Morðið hefur vakið gríðarlegan óhug í Lundúnum en hinn látni hlaut svo mikla áverka á höfði að ættingjar hans þekktu hann ekki. Vitni herma að árásarmennirnir hafi hrópað slagorð gegn samkynhneigðum áður en þeir frömdu ódæðið.

HAMINGJA Í DANMÖRKU María er hún fór heim með litla krónprinsinn. FRÉTTABLAÐIÐ/KS

Danska konungsfjölskyldan:

Nýi krónprinsinn á spítala

DANMÖRK Hinn nýi krónprins Danmerkur var fluttur á sjúkrahús á fimmtudagsnótt með gulu að sögn dagblaðsins Politiken.

Komu foreldrar hans með hann á Rigshospitalet í Kaupmannahöfn um klukkan þrjú og var hann þá settur í ljósakassa. Prinsinn tók vel við meðferðinni og var útskrifaður strax morguninn eftir.

Gula er algeng meðal fyrirburа en krónprinsinn fæddist tveimur vikum fyrir tímann. **- ks**

EVRÓPA

Fyrrverandi hershöfðingi fær völd Næsti varnarmálaráðherra Serbíu og Svartfjallalands verður Zoran Stankovic, fyrrverandi hershöfðingi. Hann var í tengslum við Ratko Mladic, fyrrverandi yfirmann herafla Bosníu-Serba, sem er í felum vegna fjölmargra stríðsglæpa á síðasta áratug.

LÖGREGLUFRÉTTIR

Ökumaður undir lögaldri Réttindalaus ökumaður var stöðvaður á Húsavík klukkan rúmlega 2 í fyrrinótt. Ökumaðurinn sem var 16 ára gamall virti ekki stöðvunarmerki lögreglunnar og reyndi að stinga hana af. Stuttu síðar fór hann út úr bílnum og var gripinn af lögreglunni á hlaupum.

Hraðakstur Sex menn voru teknir fyrir of hraðan akstur við Ólafsvík á föstudag. Sá sem hraðast ók var á um 120 kílómetra á klukkustund. Ökumaðurinn sem var á fertugsaldri var að aka veginn milli Akureyrar og Ólafsvíkur, Ólafsfjarðarveg.

Taldi sig vanhæfan til að skipa dómara

Björn Bjarnason dómsmálaráðherra sagði á Alþingi í fyrradag að menn í hans stöðu hefðu ekki kost á að segja sig frá málinu og vísaði þar til skyldu sinnar að ráða nýjan saksóknara í Baugsmálinu. Hann sagði sig frá skipan dómara í fyrra.

STJÓRNMÁL Björn Bjarnason dómsmálaráðherra taldi sig vanhæfan og kaus að víkja sæti við meðferð og töku ákvörðunar um veitingu embættis hæstaréttardómara fyrir ári.

Ástæðan var sú að meðal umsækjenda um embætti hæstaréttardómara ári áður var Hjördís Hákonardóttir dómsstjóri. Þegar Ólafi Berki Þorvaldssyni var veitt embættið bar hún málið undir kærunefnd jafnréttismála. Nefndin komst að því að ákvörðun dómsmálaráðherra hefði brotið gegn lögum um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla.

Mál Hjördísar var ekki til lykta leitt þegar auglýst var staða hæstaréttardómara og var Hjördís enn á ný meðal umsækjenda.

Björn Bjarnason dómsmálaráðherra taldi að aðrir umsækjendur gætu dregið í efa óhlutdrægni hans við val á umsækjendum og kaus því að víkja.

Málið kom til kasta Davíðs Oddssonar, þáverandi forsætisráðherra, og 13. september í fyrra tilkynnti hann Birni Bjarnasyni að hann hefði sett Geir H. Haarde fjármálaráðherra til að fara með málið.

Geir veitti síðan Jóni Steinari Gunnlaugssyni embættið, en hann var meðal umsækjenda.

Björn Bjarnason metur skipan sérstaks saksóknara í Baugsmálinu með öðrum hætti og sagði meðal annars á Alþingi í fyrradag að menn í hans stöðu hefðu ekki kost á að segja sig frá málinu. „Menn hafa ekki þann kost í minni stöðu... Menn geta ekki af umhyggjusemi fyrir sjálfum sér eða einhverjum öðrum eða góðum óskum þingmanna um velgengni tekið ákvörðun um að lýsa sig vanhæfan... Það er ekki þannig fyrir ráðherra að þeir séu eins og að velja matseðil eða geti valið rúsínur úr tebollunni. Þeir verða að sitja uppi með allan pakkann... Og ef þeir taka ákvarðanir um að þeir séu vanhæfir verða þeir að hafa fyrir því rök," sagði Björn Bjarnason.

Í umræðunni vísaði dómsmálaráðherra einnig til doktorsrits Páls Hreinssonar prófessors um hæfisreglur stjórnsýslulaga. Páll telur að hafi ráðherra tjáð sig um viðkvæm einkamálefni manns í tengslum við úrlausn máls sem ekkert tilefni hafi verið til að fjalla um á opinberum vettvangi kunni ráðherra að verða vanhæfur til meðferðar málsins.

Björn taldi ekki að þetta ætti við um skipan sína á nýjum saksóknara í Baugsmálinu. „Í því máli sem hér um ræðir er atvikum alls ekki þannig háttað."

johannh@frettabladid.is

BJÖRN BJARNASON DÓMSMÁLARÁÐHERRA Björn taldi sig vanhæfan til að gera upp á milli umsækjenda þegar Jón Steinar Gunnlaugsson var skipaður hæstaréttardómari. Ástæðan var að Hjördís Hákonardóttir, annar umsækjandi, hafði kært dómsmálaráðherra til kærunefndar jafnréttismála og málið var ekki til lykta leitt.

FJÖLFARIÐ AFHENT Sigurður Ó. Sigurðsson afhendir Sigurði Grétari Ragnarssyni lykilinn að fjölfarinu að viðstöddum starfsmönnum Flugmálastjórnar og Páli Björnssyni sýslumanni.

Hornafjarðarflugvöllur:

Torfærutæki til neyðarnota

HORNAFJÖRÐUR Starfsmenn Flugmálastjórnar á Hornafirði fengu síðastliðinn fimmtudag afhent átta hjóla Argo-fjölfar til notkunar á flugvallarsvæðinu á Höfn ef slys eða aðra neyð ber að höndum. Fjölfarið hentar vel þar sem leirur umlykja flugvelli, líkt og á Höfn, en það hefur mikinn drifkraft og getur auk þess siglt á vatni. Hámarkshraði tækisins á landi er 35 km á klukkustund en fjórir til fimm km á klukkustund í vatni.
Fjölfarið ásamt aukabúnaði kostaði rúmar þrjár milljónir króna en fjölfarið á Höfn er annað sinnar tegundar sem Flugmálastjórn hefur yfir að ráða og er hitt staðsett á Akureyrarflugvelli. **- kk**

Vopnabúr gert upptæk:

Tuttugu felldir

ÍRAK, AP Tuttugu uppreisnarmenn féllu í átökum við bandarískа hermenn skammt frá landamærum Íraks að Sýrlandi í gærmorgun.
Átökin blossuðu upp þegar hermennirnir gerðu húsleit í fylgsnum erlendra al-Kaída-liða. Hermennirnir eru sagðir hafa fundið meðal annars tvö stór vopnabúr og búnað til sprengjugerðar.
Bandarískar hersveitir hafa undanfarið gert hríð að uppreisnar- og hryðjuverkamönnum í Efrat-dalnum en um hann liggur ein megin flutningsleið vopna frá Sýrlandi til Bagdad.

Alltaf einfalt
ÓB
ódýrt bensín
15 stöðvar!
www.ob.is

Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

VEÐURSPÁ

ÁFRAM YFIRLEITT HÆGVIÐRI
Það er þó heldur meiri hætta á éljalofti en verið hefur. Einkum á Vestfjörðum og úti fyrir norðurströndinni sem gæti náð inná norðurlandið síðdegis í dag. Þá er að sjá að við Faxaflóann kunni að falla snjó- eða slydduél þegar líður á daginn. Bjart ætti að verða suðaustan til.

HÖFUÐBORGIN Í DAG
Hæg austlæg átt. Hálfskýjað eða skýjað og úrkomulítið. Hiti 0-4 stig í dag en vægt frost í nótt.

um hádegi »



» á morgun



Strekkingur með suðurströndinni og norðvestan til, annars hægari.

» þriðjudagur



Yfirleitt nokkur vindur.

Kaupmannahöfn	11°C skýjað	París	19°C hálfskýjað	Alicante	25°C hálfskýjað
Osló	2°C snjóél	Berlín	17°C skúrir	Mílano	21°C léttskýjað
Stokkhólmur	8°C alskýjað	Frankfurt	18°C skýjað-skúr	New York	15°C hálfskýjað
Helsinki	11°C skúr	Madríd	19°C léttskýjað	San Francisco	18°C léttskýjað
London	15°C léttskýjað	Barcelona	21°C hálfskýjað	Orlando/Flórída	26°C þrumur

* Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

GOTT FÓLK McCANN

Í tilefni hátíðarhalda á 30 ára afmæli kvennafrídagsins lokum við öllum útibúum okkar á morgun, nema við Austurstræti þar sem hefðbundin þjónusta verður í boði. Við bendum viðskiptavinum okkar jafnframt á þjónustu Einkabanka Landsbankans.

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

Bakhjarl Baráttuhátíðar kvenna 2005

KJÖRKASSINN

Á að lækka matarskatt frekar en tekjuskatt?

Já 51%

Nei 49%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Á ríkið að ábyrgjast lán til stöndugra fyrirtækja sem vilja hefja rekstur úti á landi?

Láttu þína skoðun í ljós á visi.is.

Ættingjar sjá oft ekki ofbeldi á heimilum:

Betra að ræða við fagaðila

BARNAVERND „Börn eiga í mörgum tilvikum auðveldara með að tala við einhverja utan fjölskyldunnar um ofbeldi á heimilum en nána ættingja," segir Hugo Þórisson sálfræðingur. Æ fleiri börn hringja í Neyðarlínuna vegna ofbeldis á heimilum en samstarf hefur verið á milli Neyðarlínunnar og Barnaverndarstofu á annað ár. Starfsmenn Barnaverndarstofu bregðast strax við símtölum barna sem tilkynna ofbeldi á heimilum og veggspjöld hafa hangið uppi í skólum þar sem þau eru hvött til að hafa samband við Neyðarlínuna ef slíkt kemur upp.

Hugo segir að það skipti miklu máli fyrir börn að hafa slík úrræði þegar þau búa við erfiðar aðstæður. „Svona lína opnar leið fyrir börnin og þau skynja að þeim er heimilt að hringja í þetta númer. Umhverfið tekur oft ekki mark á því þegar börn gefa í skyn að þeim líði illa og ættingjar átta sig stundum ekki á alvarleika málsins þegar börnin reyna að færa það í tal. Þeir eiga það til að ræða frekar við foreldra en fagaðila og þá gerist ekkert." **-eö**

HUGO ÞÓRISSON SÁLFRÆÐINGUR Hugo segir Neyðarlínuna mikilvæga fyrir börn. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

ADSL-kerfi Símans:

Íbúum mismunað

SVEITARSTJÓRNARMÁL Bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs skorar á Símann að bæta hið fyrsta dreifikerfi sitt í Fellabæ, norðan Lagarfljóts, en íbúar Fellabæjar geta ekki nýtt sér sjónvarpssendingar um ADSL-kerfi Símans.

Íbúar á Egilsstöðum hafa aðgang að sjónvarpssendingum Símans í gegnum ADSL-kerfið en bæjaryfirvöld telja með öllu óásættanlegt að ekki ríki jafnræði meðal íbúa þéttbýlisins á Fljótsdalshéraði.

Bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs fjallaði um málið í vikunni og voru allir bæjarfulltrúar sammála um að úrbóta væri þörf. **- kk**

Wilma sterkasti mældi fellibylurinn

Fellibylurinn Wilma hefur nú ruðst inn á meginland Mexíkó. Miðja hans er yfir strandbænum Cancun þar sem miklar skemmdir hafa orðið. Engar vísbendingar eru um manntjón enn sem komið er.

MEXICO, AP Miðja fellibylsins Wilmu var yfir strandbænum Cancun í gærkvöldi. Stormurinn hefur sent allt að átta metra háa flóðbylgju yfir bæinn. Fellibylurinn færist hægt yfir og hefur valdið tjóni á svæðinu síðan snemma á föstudag. Því er spáð að fellibylurinn fari í dag yfir Mexíkóflóa til Kúbu og haldi þaðan í átt til Flórída.

Ferðamenn jafnt sem íbúar Cancun hafa leitað skjóls á hótelum og í öðrum byggingum. Fólk reynir að verjast óveðrinu með því að setja húsgögn fyrir glugga og hurðir en það nægir ekki gegn sterkum vindinum og hafa margar byggingar fyllst af vatni.

Margir hafa einnig flúið inn í nálægar búðir og mat og húsgögnum hefur verið stolið. Fólk er þreytt og svangt og það hlustar með skelfingu á vindhviðurnar brjóta rúður í gluggum og hrista húsin og skekja.

Lögreglan hefur ekki getað vaktað svæðin og ógerlegt er að veita nokkra neyðaraðstoð á meðan óveðrið stendur sem hæst.

Samkvæmt fréttamanni á staðnum hefur vatnið flætt um allt og dregið með sér tré og raflínur og annað lauslegt. Þó eru engar vísbendingar um mikinn mannskaða á svæðinu og yfirvöld hafa engar haldbærar skýrslur um dauðsföll.

Vindhraði fellibylsins er um 61 metri á sekúndu og að sögn ríkisstjóra Qointana Roo fylkis, sem Cancun tilheyrir, hefur slíkur stormur aldrei fyrr farið yfir fylkið.

Forseti Mexíkó, Vincente Fox, ætlar að fara um svæðin sem fyrst. Hann segir að verið sé að vinna að því að bjarga fólkinu, seinna muni uppbyggingin hefjast.

Á miðvikudagsmorgun varð Wilma sterkasti fellibylurinn sem mældur hefur verið yfir Atlantshafinu og slær þar með fellibylinn Gilbert frá árinu 1988 út.

mariathora@frettabladid.is

BARIST Í FELLIBYLNUM Hér má sjá par fara leiðar sinnar í strandbænum Cancun. Fellibylurinn hafði geysað þar frá því á föstudag en því er spáð að veðrinu fari nú að slota þar og fellibylurinn færist annað.

LESTARSTÖÐ Sérfræðingar vonast til að farþegum muni fjölga í framtíðinni.

Lestarkerfi Kaupmannahafnar:

Fjöldi farþega undir áætlun

KAUPMANNAHÖFN Fjöldi farþega í neðanjarðarlestarkerfi Kaupmannahafnar er töluvert undir þeim væntingum sem gerðar voru í upphafi. Í vikunni var áætlun um fjölda farþega í ár lækkuð um tuttugu prósent þrátt fyrir að fyrri áætlun hafi verið mun lægri en sú sem gerð var þegar lestarkerfið var tekið í notkun árið 2002.

Í viðtali við Jyllands Posten í vikunni segir Anne-Grethe Foss, aðstoðarforstjóri Ørestadsselskabet sem rekur lestarkerfið, að hryðjuverkin í London í sumar hafi haft mikil áhrif. Farþegum hafi fækkað um fimmtán prósent í kjölfarið. Sérfræðingar telja hins vegar að farþegum fjölgi í framtíðinni þegar kerfið nái víðar um borgina. Það mun þó ekki gerast á allra næstu árum. Næsta skref er að tengja Kastrup-flugvöll við lestarkerfið innan tveggja ára.

- ks

LÖGREGLUFRÉTTIR

Bifhjólamaður slasast Maður á bifhjóli slasaðist þegar hann lenti í áreksri við bíl sem kom úr gagnstæðri átt á Villingaholtsvegi skammt hjá Þjórsárveri um klukkan sjö á föstudagskvöld. Maðurinn var fluttur á slysadeild en meiðsl hans eru þó ekki talin alvarleg að sögn lögreglunnar á Selfossi.

KOMIN ÚT Vel á annað hundrað manns voru í húsinu þegar brunabjöllur gullu í Samkomuhúsinu og vissu einungis sárafáir að um æfingu var að ræða.

Brunaæfing hjá leikfélaginu:

Leikhúsið rýmt

ÖRYGGISMÁL Leikfélag Akureyrar og Slökkvilið Akureyrar stóðu fyrir brunaæfingu í Samkomuhúsinu á Akureyri á þriðjudagskvöld en þar stóð þá yfir forsýning á gamanleikritinu Fullkomið brúðkaup.

Um 120 sýningargestir voru í húsinu, auk starfsfólks, og segir Magnús Geir Þórðarson leikhússtjóri að vel hafi gengið að rýma húsnæðið. „Brunaæfing hefur ekki verið haldin í húsnæði leikfélagsins í mörg ár en húsið er gamalt timburhús og mikill eldsmatur í því. Ekki komu upp neinir alvarlegir hnökrar á æfingunni og starfsfólkið er nú vel í stakk búið til að takast á við eldsvoða en við vonum auðvitað að ekki reyni á það," segir Magnús. **- kk**

Ferðaðist um allan heim:

Gaukur drapst í Bretlandi

FUGLAFLENSA Bresk stjórnvöld telja að páfagaukur sem drapst í landinu á dögunum hafi verið sýktur af fuglaflensu. Páfagaukurinn var í einangrunarstöð gæludýra og bendir allt til þess að hann hafi verið sýktur af sömu veiru og hefur fundist í fuglum í Rúmeníu, Tyrklandi og vesturhluta Rússlands. Í nokkrum tilfellum hefur veiran færst frá dýrum til manna, einkum í suðausturhluta Asíu.

STARFSMENNTUN

Hagnýtt bókhald – Grunnur

Þetta námskeið hentar þeim sem þurfa að ná tökum á bókhaldi fyrirtækisins sem og öllum þeim sem vilja styrkja stöðu sína á vinnumarkaði með aukinni færni og þekkingu.

Kenndur er verslunarreikningur, meðferð og reglur um virðisaukaskatt, handfært bókhald og tölvufært bókhald í Navision. Kennsla byggir á fyrirlestrum og verklegum æfingum með raunveruleg fylgiskjöl, þau merkt og færð með tilheyrandi uppgjöri og útskriftum. Prufuútgáfa bókhaldsforritsins fylgir.

Morgunnámskeið hefst 26. okt. og lýkur 12. des. (2 sæti laus).
Næstu morgun- og kvöldnámskeið hefjast 24. nóv. (Fá sæti laus).
Nánari uppl á skrifstofu skólans í síma 544 2210 eða á **www.tsk.is**

TÖLVUSKÓLINN PEKKING

Faxafen 10 • 108 Reykjavík • Sími: 544 2210 • www.tsk.is • skoli@tsk.is

Risabor í aðrennslisgöngum við Kárahnjúka laus:

Sat fastur í berginu í hálft ár

KÁRAHNJÚKAR Starfsmönnum Impregilo hefur tekist að koma risabor númer tvö við Kárahnjúkavirkjun í gegnum miklar og erfiðar misgengissprungur í berginu á um 170 metra dýpi í grennd við Þrælaháls. Borinn er því laus eftir að hafa verið stopp að mestu leyti í hálft ár í aðrennslisgöngum virkjunarinnar eða frá því í byrjun maí.

Til að koma í veg fyrir að borinn festist aftur verða framvegis boraðar 25 metra langar rannsóknarholur fram fyrir borinn til að kanna berglögin. Ef í ljós kemur að bergið er laust, verður sementi dælt inn í holurnar undir þrýstingi til að festa bergið saman áður en risaborinn heldur greftrinum áfram.

Ómar R. Valdimarsson, talsmaður Impregilo, segir borun ganganna nokkuð á eftir áætlun auk þess sem aukinn kostnaður hafi fallið á Impregilo vegna tafanna.

„Verkið þolir litla röskun til viðbótar ef því á að verða lokið á réttum tíma en ætlunin er að reyna að vinna upp tafirnar," segir Ómar.

Vegna aukins kostnaðar við verkið á Impregilo nú í samningaviðræðum við Landsvirkjun en Ómar segir þær viðræður trúnaðarmál samningsaðila. **-kk**

RISABOR Vitað er um fleiri misgengi sem eftir er að bora í gegnum en ekki er búist við að þau valdi verulegum vandræðum.

500.000 króna MasterCard ferðaávísun?

Hvert hefur þig alltaf dreymt um að fara?

Allir MasterCard korthafar geta unnið ferðaávísun upp á hálfa milljón og farið í draumaferðina sína.

Fyrir hálfa milljón mætti fara í veglega heimsreisu eða skreppa 25 sinnum til meginlands Evrópu!

Notaðu MasterCard!

Í hvert skipti sem þú notar MasterCard kort frá 15. október - 31. desember 2005 ferðu í pott og eykur vinningslíkurnar.

Þú færð MasterCard kort í þínum banka eða sparisjóði!

Spurðu þjónustufulltrúann í þínum banka eða sparisjóði hvaða MasterCard kort hentar þér best.

ÍSLANDSBANKI · KB BANKI · SPRON SPARISJÓÐUR REYKJAVÍKUR · Sía ...og þú hagnast

Landsbankinn · SPARISJÓÐURINN · Netbankinn – með betri vexti

Nánari upplýsingar í næsta banka, sparisjóði eða á www.kreditkort.is.

skoðun

SKOÐUN
HAFLIÐI HELGASON

Full þörf er enn á kvennasamstöðu gegn núverandi stöðu jafnréttismála.

Konur takið þátt!

24. október árið 1975 var sögulegur dagur. Þá sýndu íslenskar konur samstöðu, lögðu niður vinnu og flykktust þúsundum saman niður í bæ.

Sá fjöldi kvenna sem lét í ljós óánægju sína með stöðu sína í samfélaginu hafði mikil áhrif. Stjórnmálaflokkarnir sinntu illa jafnréttismálum og fremur í orði en á borði. Sá andi sem kvennafrídagurinn 1975 skapaði hafði sínar afleiðingar. Upp úr þeim jarðvegi varð til stjórnmálaafl sem hafði kvenfrelsi og jafnrétti að megininntaki sínu.

Í upphafi 21. aldarinnar er óviðunandi að konur standi körlum að baki í launum og aðgangi að æðstu stöðum samfélagsins. Kynbundinn launamunur og hindranir sem mæta konum á leið til æðstu metorða er eitthvað sem ekki er hægt að sætta sig við.

Síðan eru liðin þrjátíu ár. Enginn mótmælir því að margt hefur áunnist gegn því óréttlæti sem felst í því að konur hafi ekki jafnan aðgang að tækifærum samfélagsins. Fjarri er því að menn geti verið sáttir við gang mála. Í upphafi 21. aldarinnar er óviðunandi að konur standi körlum að baki í launum og aðgangi að æðstu stöðum samfélagsins. Kynbundinn launamunur og hindranir sem mæta konum á leið til æðstu metorða er eitthvað sem ekki er hægt að sætta sig við.

Eðli málsins samkvæmt eru það konur sem eru í fararbroddi jafnréttisumræðu. Jafnrétti er ekki einkamál þeirra. Jafnrétti er mál alls samfélagsins. Þegar annarleg sjónarmið ráða framgangi fólks í tilverunni tapar samfélagið. Það á jafnt við þegar stjórnmálaskoðanir, kynhneigð, frændsemi eða kyn ráða ákvörðunum um tækifæri fólks í lífinu. Þegar slík sjónarmið yfirskyggja það sem skiptir máli eins og hæfileika, menntun, dugnað og færni þá tapar samfélagið. Með því að láta slík annarleg sjónarmið stjórna gerðum okkar komum við í veg fyrir að hæfustu einstaklingarnir rati á sinn stað í samfélaginu. Afleiðingin er gríðarleg sóun eins og sést best hjá þjóðum þar sem spilling er mest.

Konur hafa í dag ríflega 64 prósent af launum karla. Þegar tekið er tillit til vinnutíma eru konur með 72 prósent af launum karla. Lengi vel var skákað í því skjóli að karlar hefðu meiri menntun en konur. Þegar sú var ekki lengur raunin hafa menn vísað til þess að konur hafi menntað sig í greinum sem síður eru líklegar til að gefa háar tekjur. Staðreyndin er hins vegar sú að enn koma upp fjölmörg dæmi þar sem verulegur launamunur er fyrir hendi án þess að hægt sé að grípa til haldbærra skýringa. Opinberir aðilar hafa hvað eftir annað verið gripnir við að gera mun í launum og við stöðuveitingar sem ekki hefur verið hægt að rökstyðja með haldbærum hætti. Fjölmörg dæmi eru eflaust einnig um slík brot hjá fyrirtækjum, enda þótt færri kærur um brot á jafnréttislögum komi þaðan. Skýringar á því geta verið margar, svo sem launaleynd og meiri hræðsla í einkageiranum við að slíkar kærur muni bitna til framtíðar á þeim sem telja sig óréttri beitta.

Það væri að æra óstöðugan að telja upp allt sem óunnið er í jafnréttisbaráttunni. Þrátt fyrir jákvæð skref er ekki minni ástæða fyrir konur að sýna samstöðu 24. október 2005 en það var sama dag fyrir þrjátíu árum.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Kynfrelsið
Atli Gíslason lögfræðingur og varaþingmaður vinstri grænna ræddi launamisrétti og kynfrelsi í pallborðsumræðum á landsfundi vinstri grænna í gær. Fleiri voru reyndar með framsögu og svöruðu spurningum landsfundargesta.
Atli talaði um rétt karla og kvenna til að ráða yfir sínum eigin líkama. Vísaði meðal annars í bandarískan fræðimann sem skilgreinir kynfrelsi sem kynferðislegan sjálfsákvörðunarrétt, réttinn til að velja og hafna kynferðislegu samneyti hvar sem er, með hverjum sem er og hvenær sem er. Þetta ætti ekki að vera flókið. „Í dag búum við hins vegar við það kerfi að grundvallarhugsun liggur á verknaðaraðferðinni en ekki verndarhagsmununum og ekki á samþykki."

Atli ræddi í kjölfarið um friðhelgi einkalífsins og fjölskyldu.
Dagur Snær Sævarsson, ungur vinstri grænn, spurði Atla þegar kom að fyrirspurnum hvort þörf væri á því að skrifa alltaf undir sáttmála við konu áður en ástarleikir hæfust.
„Já, Dagur Snær. Alltaf þegar þú ert ekki viss," svaraði Atli Gíslason.

Allir vanhæfir
Sigurjón Þórðarson, þingmaður Frjálslynda flokksins þykir stundum stóryrtur en ekki síður fyndinn á góðum degi.
Hann tók snarpan sprett síðastliðinn fimmtudag í sölum alþingis þegar til umræðu var hæfi dómsmálaráðherra til þessa að skipa nýjan saksóknara í Baugsmálinu. Og hætti ekki fyrr en þingbjallan hafði verið slegin þrisvar.

Orðrétt sagði Sigurjón:
„Ég tel að Sjálfstæðismenn ættu að segja sig í heilu lagi frá þessu máli og láta einfaldlega forsætisráðherrann hæstvirtan taka við þessu. Hann hefur lýst því yfir að hann beri fulla ábyrgð á hæstvirtum dómsmálaráðherra. Það fer mjög vel á því að hann taki málið að sér.
Það má trúa því að hann sé skotheldur varðandi vanhæfi, meira að segja þegar hann stendur í því að selja fjölskyldufyrirtækjum eignir ríkisins."

johannh@frettabladid.is

Að brjóta ísinn í norðri

Í DAG
SCOTT BORGERSON KENNIR SJÁVARFRÆÐI, LANDAFRÆÐI OG BANDARÍSKA UTANRÍKISSTEFNU Í AKADEMÍU BANDARÍSKU STRANDGÆSLUNNAR.

SCOTT BORGERSON

„Bandaríkin eiga að vera í lykilhlutverki sem sáttasemjari í ört harðnandi alþjóðlegri samkeppni um norðurskautið."

Stjórnmálamenn og vísindamenn greinir á um ástæðurnar fyrir hækkandi hitastigi á jörðinni. Sama hver ástæðan er stendur staðreyndin eftir: Samkvæmt rannsóknum hefur íshjúpur norðurpólsins minnkað um nærri 50 prósent á síðustu 50 árum.

Þetta eru stórtíðindi og ekki eingöngu vegna þess að veðurfar á norðurpólnum endurspeglar loftslagsbreytingar á jörðinni. Þiðnunin á ís norðurpólsins mun hafa í för með miklar landfræðilegar breytingar sem margar hverjar munu hafa djúpstæð áhrif á alþjóðasamskipti. Og Bandaríkin þurfa að koma sér upp utanríkisstefnu sem tekur þessar breytingar á norðurpólnum með í reikninginn.

Löndin sem liggja að Norður-Íshafinu deila um hvert þeirra eigi réttmætar kröfur á ákveðnum svæðum í hafinu, þiðnunin á norðurpólnum mun ýta undir að þessar deilur verði útkljáðar. Fjórðungur olíu- og gasauðlinda í heiminum eru á svæðinu umhverfis norðurpólinn en þar til nýlega var ómögulegt að komast að þessum auðlindum sökum mikils magns íss á pólnum.

Hitinn á heimskautasvæðunum hækkar nú ár frá ári, ísinn þar er að bráðna og farið er að notast við meira og meira af þeim auðlindum sem finnast á svæðunum til að koma til móts við aukna orkuþörf mannsins. Með hækkandi heimsmarkaðsverði á olíu keppast athafnamenn nú við að koma upp olíuborpöllum á svæðum þar sem ísinn hefur þiðnað. Námumenn, skógarhöggsmenn og sjómenn vilja einnig komast í náttúruauðlindir sem þiðnunin hefur gert aðgengilegar.

Þrátt fyrir þetta er mikilvægasta afleiðing þiðnunarinnar auknir möguleikar á siglingum um norðurskautið. Þiðnun íssins á norðurpólnum gæti leitt til þess að ráðist verði í byggingu mannvirkis sem myndi valda mestu byltingu í siglingum frá því Panamaskurðurinn var byggður: Brú yfir norðurpólinn.

Hugmyndin um styttri leið frá Norður-Atlantshafinu til Norður-Kyrrahafsins hefur laðað ævintýramenn að norðurhjara veraldar um aldir. Draumur þessara manna kann að verða að möguleika á næstu hundrað árum.

Brú yfir norðurpólinn myndi stytta sjóleiðir um marga daga og myndi þannig spara flutningafyrirtækjum (sjóherjum, smyglurum og hryðjuverkamönnum) þúsundir mílna í siglingum.

Margar rannsóknir benda til þess að sigling yfir norðurpólinn sé um 5000 sjómílur, vegalengd sem tekur um viku að sigla, og er það styttri leið en hefðbundnar leiðir um Panamskurðinn og Súezskurðinn, og eins er þetta styttri leið fyrir stærri skip sem ekki komast í skipaskurðina og þurfa því að sigla fyrir Góðrarvonarhöfða eða Hornhöfða við suðurodda Suður-Ameríku.

Flugfélög hafa um margra ára skeið flogið yfir norðurskautið til að stytta flugtíma, en skipafélögum hefur ekki verið mögulegt fyrr en nýlega að sigla um sjóleiðir eins og Norðursjávarleiðina í Rússlandi og Norðvesturleiðina í Kanada.

Áframhaldandi þiðnun á ísnum á norðurskautinu, ásamt byggingu hafna, vega og járnbrauta sem bæta samgöngur við svæðið, gætu breytt viðskiptaháttum í heiminum til muna. Þeir sem geta mótað hugmyndir sínar eftir þessu breytta landslagi og gert sér mat úr nýju sjóleiðinni myndu án efa hagnast á því.

Það þarf hins vegar að viðurkenna að jafnvel samkvæmt björtustu vonum er ólíklegt að hægt verði að sigla yfir norðurskautið næsta áratuginn, eða jafnvel lengur, og eftir því hvaða kenningar um loftslagsbreytingar stuðst er við gæti það tekið enn lengri tíma. Ef hitastig í heiminum hættir ekki að aukast ár frá ári mun umferð um svæðið í kringum norðurpólinn örugglega verða meiri á næstu árum og gæti í náinni framtíð orðið að miðpunkti fyrir samgöngur á sjó í heiminum.

Bandaríkin þurfa að búa til skýrt mótaða og umhverfisvæna stefnu þar sem fjallað er um málefni svæðisins og þarf hún að taka mið af þeim breytingum sem hafa átt sér þar stað.

Ekki er til lagarammi sem nær yfir norðurheimskautið sem svipar til Suðurskautssáttmálans sem gerður var árið 1961. Lagarammi sem batt enda á kröfur einstakra ríkja um áhrif á suðurskautinu og gerði það að verkum að suðurskautið varð hernaðarlega hlutlaust svæði þar sem fram átti að fara alþjóðleg vísindaleg samvinna. Bandaríkin eiga að vera í lykilhlutverki sem sáttasemjari í ört harðnandi alþjóðlegri samkeppni um norðurskautið. Bandaríkin eiga einnig að taka upp viðræður við Kanada um varnarsáttmála fyrir norðurskautið. Að lokum þurfa Bandaríkin að koma sér upp fleiri skipum sem geta siglt um Norður-Íshafið. Í flota bandarísku strandgæslunnar eru aðeins þrjú skip, svokallaðir ísbrjótar, sem geta með góðu móti siglt um heimskautasvæðin og eru tvö þeirra 30 ára gömul og í hálfgerðum lamasessi eftir margra ára notkun við erfiðar aðstæður heimskautasvæðanna.

Þriðja skipið er nokkurn veginn nýtt og er ekki búið þeim búnaði sem er ákjósanlegur í þess konar leiðangra sem verða mikilvægir þegar hægt verður að sigla yfir norðurskautið. Strandgæslan mun fara þangað í björgunarleiðangra, sinna löggæslu, sjá um viðhald á siglingatækjum sem auðvelda umferð um svæðið og að endingu, sem í raun er hræðileg tilhugsun en óumflýjanleg, hreinsa upp olíu sem kemur til með að leka úr skipum, sem ekki eru gerð til að sigla við slíkar aðstæður, er þau sigla á ísjaka og laskast.

Bandaríkin geta því augljóslega aukið færni sína til að starfa á svæðinu við norðurskautið. Til dæmis eiga Rússar 16 ísbrjóta og eru sumir þeirra kjarnorkuknúnir. Þegar litið er til þess að álíka margir starfsmenn eru í lögreglunni í New York og í bandarísku strandgæslunni þó svo að svæðið sem strandgæslan þarf að hafa umsjón með sé margfalt stærra, myndu auknar fjárveitingar og aukinn mannafli bæta stöðu Bandaríkjanna á svæðinu við norðurskautið til muna.

Að gera við lúnu ísbrjótana tvo kostar aðeins 500 milljónir dollara. Á síðasta ári undirstrikaði sérstök nefnd sem fjallar um opinbera stefnu Bandaríkjanna í málum sem tengjast sjóferðum, að viðgerðir eða endurnýjun á ísbrjótunum ætti að vera algert forgangsatriði.

Utanríkisstefna Bandaríkjanna á norðurpólnum hefur verið óljós síðan í Kalda stríðinu. Mikilvægi svæðisins eykst hins vegar ár frá ári, og við þurfum að veita svæðinu athygli svo við látum ekki þessar miklu breytingar framhjá okkur fara.



NORÐURPÓLLINN Áframhaldandi þiðnun á ísnum á norðurskautinu gæti breytt viðskiptaháttum í heiminum til muna segir greinarhöfundur.

Greinin birtist áður í New York Times.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

www.toyota.is



ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS TOY 29768 10/2005

Hversu Verso vilt þú vera?

Sá sem er vanur miklu plássi sættir sig ekki við annað. Það er líka engin ástæða til þess. Óvenjumikið rými í Corolla Verso býður upp á marga möguleika, t.d. „Toyota Easy Flat-7" sætakerfið sem gerir þér unnt að breyta skipulagi bílsins á þann hátt sem hentar hverju sinni.
Corolla Verso er margnota fjölskyldubíll sem fæst nú í nýrri og endurbættri útgáfu.

Komdu og reynsluaktu betur búnum Corolla Verso og njóttu þess að teygja úr þér í öllu þessu rými.

Verð frá 2.320.000 kr.

TODAY **TOMORROW** **TOYOTA**

Toyota
Nýbýlavegi 4
KÓPAVOGUR
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
AKUREYRI
Sími: 460-4300

Toyotasalurinn
Njarðarbraut 19
REYKJANESBÆR
Sími: 421-4888

Toyotasalurinn
Fossnesi 14
SELFOSS
Sími: 480-8000

UMMÆLI VIKUNNAR

„Tilboð Vinstri hreyfingarinnar - græns framboðs um samstarf um myndun grænnar velferðarstjórnar, rauð-grænnar stjórnar, stendur áfram.“

Steingrímur J. Sigfússon, formaður vinstri , í setningarræðu á landsfundi flokksins.

„Snerist þetta um peninga en ekki loftvarnir? Eru menn á hnjánum til að biðja um tilgangslaus hernaðarumsvif peninganna vegna?“

Steingrímur J. Sigfússon, formaður vinstri grænna í umræðum á þingi um fýluferð samninganefndar til Bandaríkjanna vegna varnarsamningsins.

stjórnmál

stjornmal@frettabladid.is nánar á visir.is

Úr bakherberginu...

Veðrabrigði
Ýmsir þykjast taka eftir veðrabrigðum í stjórnmálum þessa dagana. Einn þingmaður Framsóknarflokksins orðaði þetta þannig að stjórnarflokkana ræki nú hvorn í sína áttina.
Ögmundi Jónassyni, þingmanni vinstri grænna líst ekkert á „kulið“ frá hægri í Samfylkingunni og ritar um það í Morgunblaðsgrein fyrir helgina. Flokksforinginn Steingrímur J. Sigfússon ítrekar óskir vinstri grænna um græna velferðarstjórn með Samfylkingunni og fleirum en útilokar stjórnarflokkana.
Einn þingmaður Sjálfstæðisflokksins segir úti undir vegg í alþingi, að þetta sé eiginlega orðið ágætt og á þar við stjórnarsamstarfið. Ungur Framsóknarmaður túlkar þetta allt á þann veg að í raun sé ágætt að stjórnarflokkarnir hafi dálítið bil á milli sín. Og bendir á að forsætisráðherrann sé á miklu skriði þessa dagana. Fyrsta árið sé nú alltaf erfitt fyrir alla forsætisráðherra. Þurfti Davíð ekki ár til að fóta sig?

Núningurinn
Ákveðið óþol hefur ljóslega gert vart við sig í samstarfi stjórnarflokkanna.
Framsóknarmenn kunnu Árna Mathiesen litlar þakkir fyrir að varpa bensínstyrksmálinu yfir á herðar Jóns Kristjánssonar heilbrigðisráðherra. Formaður Sjálfstæðisflokksins vill huga að einkavæðingu Landsvirkjunar. Það vill formaður Framsóknarflokksins ekki í bili.
Sjálfstæðismenn vilja leggja niður Íbúðalánasjóð. Það vilja Framsóknarmenn ekki.
Ný forysta Sjálfstæðisflokksins er herská í fjölmiðlamálinu. Framsóknarmenn vísa kalt til sáttargjörðar með fjölmiðlaskýrslu.
Langvinnt lítið fylgi Framsóknarflokksins truflar forystuna og elur á tortryggni í stjórnarsamstarfinu.

NÆSTA VIKA

Sunnudagur
Landsfundi Vinstri hreyfingarinnar - græns framboðs lýkur. Forysta flokksins óbreytt. Nýjar áherslur á kvenfrelsi samþykktar.

Þriðjudagur
Norðurlandaráðsþing hefst í Reykjavík. Forsætisráðherrar Norðurlandanna koma saman til fundar. Gert er ráð fyrir að Jens Stoltenberg og Göran Persson staldri stutt við.

Fimmtudagur
Þingi Norðurlandaráðs lýkur. Utanríkisráðherrar landanna leggja fram skýrslur sínar á þinginu.

Vikan
Þingstörf liggja niðri á Alþingi vegna Norðurlandaráðsþings. Kjördæmavika hjá þingmönnum.

VIKA Í PÓLITÍK
JÓHANN HAUKSSON

Varnarviðræður

Íslenska viðræðunefndin um framtíð varnarsamningsins við Bandaríkjamenn fór fýluferð til Washington í síðustu viku.

Róbert Loftis, formaður bandarísku viðræðunefndarinnar gæti hafa sagt eitthvað á þá leið við Albert Jónsson, formann íslensku nefndarinnar, úti í Washington.

Loftis: Jæja Mr. A. Jonsson. Við teljum að þið Íslendingar ættuð að bera meiri kostnað við rekstur Keflavíkurflugvallar en við töluðum um á síðasta fundi í Reykjavík. Mínir menn í nefndinni eru ekkert ginnkeyptir fyrir ykkar kröfum. Við vildum upphaflega fara á brott með flugvélarnar og megnið af heraflanum. Þú verður að gá að því Mr. Jonsson, að til eru samþykktir og nefndarálit í stjórnkerfinu okkar sem bæði þingið og forsetinn þurfa að taka tillit til. Ég meina, ætlunin var að skera niður alveg helling í rekstri herstöðva okkar í útlöndum og til er sérstök tillaga um að varnarsamningurinn við ykkur verði endurskoðaður ofan í kjölinn vegna þess að kalda stríðið er búið og allt frekar rólegt í Norður-Atlantshafi.

Albert: Já en Mr. Loftis. Þú sagðir síðast að þið vilduð hafa gott samstarf við okkur og við erum ekki með neinn her eða neinar varnir þótt sumir skynji nú að við ættum kannski að fara að taka okkur á í þessu efni. Já og svo voru Mr. Bush og Mr. Oddsson búnir að leggja línurnar...

Loftis: Bíddu, er ekki Mr. Oddsson hættur. Og þú veist auk þess að krafan um niðurskurð stendur. Við getum ekki verið einhvers konar félagsmálaþjónusta þarna á Íslandi. Þegar ég lenti á Keflavíkurflugvelli með strákunum um daginn sýndist mér þetta bara vera svona penn millilandaflugvöllur sem enginn vandi væri að reka. Já, eru þið ekki með ríkustu þjóðum í heimi? Mér fannst ég sjá þetta einhvers staðar.

Albert þungbrýndur: Fyrirgefðu Loftis. Mínir menn eru komnir hingað til Washington með ærnum tilkostnaði og eftir langt flug og ég heimta að þú leggir gamla samkomulagið þeirra Bush og Davíðs til grundvallar. Annars förum við bara á einhvern veitingastað hér í grenndinni og svo beint út á flugvöll.

Loftis: Sjáðu til Mr. Jonsson. Þetta virkar ekki svona hérna...

Albert. Ég er búinn að tala við nýja utanríkisráðherrann og hann tekur ekki í mál að fara hér út á einhverjar nýjar brautir þótt Mr. Oddsson sé hættur.

Loftis: Gott og vel. Þá heyrumst við bara síðar. Það er fínn matsölustaður hér handan við hornið.

Albert: Bíddu bara þangað til Davíð... ég meina Geir og Bush frétta þetta. Bless!

Norðurlönd beina sjónum að Rússlandi

Norðurlandaráðsþing hefst í Reykjavík á þriðjudag. Rannveig Guðmundsdóttir þingmaður segir aukið samstarf við Rússa um mannréttindamál og umhverfismál afar mikilvægt.

NORÐURLANDAFÁNAR - ÞING NORÐURLANDARÁÐS HEFST Í REYKJAVÍK Á ÞRIÐJUDAG.

Ísland er með ákveðnum hætti norrænna en önnur lönd. Um 16 þúsund Íslendingar búa til að mynda í öðru norrænu landi eða 5,3 prósent þjóðarinnar. Aðrar Norðurlandaþjóðir komast ekki með tærnar þar sem Íslendingar hafa hælana í þessu efni.

Í þessum hópi eru um það bil tólf hundruð námsmenn eða helmingur þeirra sem stunda nám erlendis.

Í ritinu Norrænum hagtölum sem kom út í þessum mánuði kemur fram að Reykjavíkursvæðið sé það höfuðborgarsvæði á Norðurlöndum sem hraðast vex. Hér á landi eru fleiri læknar og tannlæknar á íbúa en annars staðar á Norðurlöndunum.

Og úr því farið er inn á þessar brautir má nefna að á Norðurlöndunum er atvinnuleysi minnst hér á landi og hagvöxtur undanfarin tíu ár er meiri hér á landi og í Finnlandi en víðast hvar í Vestur-Evrópu.

Norðurlöndin eru fyrirmynd

Ísland fer fyrir Norðurlandasamstarfinu þetta árið. Fyrir tæpu ári var Rannveig Guðmundsdóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, kjörin forseti Norðurlandaráðs, en það heldur þing sitt í Reykjavík dagana 25. til 27. október.

Margt hefur drifið á daga Rannveigar frá því hún tók við embættinu og hefur hún farið víða um heim sem fulltrúi ráðsins og kynnt starf þess og stefnu.

Rannveig segir að samstarfi Norðurlandanna sé mikill gaumur gefinn og þau njóti virðingar víða um heim.

Rannveig sótti til dæmis ráðstefnu um konur og lýðræði í Rússlandi fyrir nokkru og veittist forseta Norðurlandaráðs sá heiður að halda lokaræðuna á þeirri ráðstefnu.

„Mér er það einkar eftirminnilegt þegar ég hélt ræðu um samræmingu fjölskyldu og atvinnulífs í Japan en þá kom orðstír Norðurlanda berlega í ljós. Ráðstefnan var ákaflega vel sótt og áhugi Japana á málinu og norrænum gildum mikill, en vinnusiðir Japana eru ólíkir því sem við þekkjum á Norðurlöndum sem kunnugt er. Fólkið fylgdist með af miklum áhuga og drakk í sig fróðleikinn um þjóðfélagsskipan norrænu landanna,“ segir Rannveig.

Mannréttindi og umhverfismál

Á Norðurlandaráðsþinginu í Reykjavík verður fjallað um margvísleg málefni, meðal annars samstarf Norðurlandanna við Rússland og málefni norðurskautsins verða til umræðu sem og nýsköpun og atvinnumálastefna. Þá verður sérstaklega rætt um aðgerðir til þess að stemma stigu við innflutningi á ólöglegu vinnuafli frá nýju Evrópusambandsríkjunum til Norðurlandanna sem og mansal.

Á aðurgreindri ráðstefnu í Pétursborg í Rússlandi var kastljósi meðal annars beint að mansali. „Þar hitti ég eina lögregluþjóninn í þessari fimm milljón manna borg sem hefur það á sinni könnu að vinna gegn og rannsaka mál er snúa að mansali. Vandamálið er ekki í forgangi, hvorki pólitískt né hjá lögreglu og ákæruvaldi. Ráðstefnan hafði djúp áhrif á mig og ég sannfærðist betur en nokkru sinni um mikilvægi þess að vinna að úrlausn þessara mála á háu pólitísku plani. Það verður að þrýsta á æðstu yfirmenn ríkja að sporna gegn vandanum. Norðurlönd verða auk þess að hvetja öll Evrópuríki til aðildar að alþjóðlegum mannréttindasáttmálum, hvetja ríki til að styrkja réttarkerfi sín og stuðla að beinum aðgerðum gegn rótum vandans,“ segir Rannveig.

RANNVEIG GUÐMUNDSDÓTTIR

Aukið samstarf við Rússa

Rannveig segir að samstarfið við Rússland um mannréttinda- og umhverfismál sé afar þýðingarmikið og sama eigi við um samstarfið við Eystrasaltsríkin. „Norðurlandaráð hefur alla tíð átt náið samstarf við Eystrasaltsríkin en þau hafa sem kunnugt er tekið miklum breytingum og eru nú orðin hluti af Evrópusambandinu. Á forsetaári mínu hefur samstarf Norðurlandaráðs og Þingmannaráðs Eystrasaltsríkjanna verið sett í nýjan og árangursríkan farveg þar sem unnið er að framgangi tiltekinna málefna og ég bind miklar vonir við hið nýja form. Á sama tíma hefur samstarfið við Rússland verið aukið.“

Rannveig kveðst binda vonir við að þing Norðurlandaráðs í Reykjavík verði árangursríkt.

„Ég er sannfærð um að öflug Norðurlönd eru þýðingarmikil forsenda jákvæðrar þróunar aukins samstarfs í Norður-Evrópu. Þess vegna hef ég lagt áherslu á að Norðurlandaráð sé virkur þátttakandi í þróun svæðisbundins samstarfs í Norður-Evrópu. Ég er sannfærð um að ráðið getur þar verið mótandi afl,“ segir Rannveig.

johannh@frettabladid.is

PEUGEOT *407*

TÖLUM UM NÝSKÖPUN

Meistarahönnun Peugeot 407 sem setur nýjan staðal fyrir fjölskyldubíla



HER & NÚ / SÍA

Þú kemur. Við semjum.
Þú færð 407 á tilboði sem öllum líkar.

www.peugeot.is

9 airbags · AC² · M.I.I. · JBL · F.A.P. · ESP · Tiptronic · T.D.T · Euro NCAP

Sjaldan hefur fimm stjörnu öryggi verið eins fallega hannað og Peugeot 407 - meistarahönnun sem setur fjölskyldubílnum nýjan staðal. Feiknalangur listinn yfir staðalbúnað er einungis toppaður af enn glæsilegri lista yfir öryggisbúnað. Þú velur vélar og búnað eftir óskum og þörfum en hrífandi útlitið er alltaf staðalbúnaður. Komdu og upplifðu einstakan samhljóm í sportlegum aksturseiginleikum, öryggi og fegurð – sem fær báðar hliðar hugans til að segja: - Já. Útfærslunni ræður þú, þannig að við höfum margt að tala saman um. Líttu inn og tölum um Peugeot 407 – flottasta ljónið á veginum

407

PEUGEOT

BERNHARD

BERNHARD ehf. · Vatnagarðar 24-26 · Sími 520 1100

Umboðsaðilar:
Reykjanesbær, **Bílavík**, sími 421 7800 • Akranes, **Bílver**, sími 431 1985
Akureyri, **Höldur**, sími 461 6020 • Vestmannaeyjar, **Bragginn**, sími 481 1535

ROBERT MERRILL (1919-2004) LÉST ÞENNAN DAG

„Þegar þú ert í vafa syngdu þá hátt.“

ROBERT MERRILL VAR BANDARÍSKUR ÓPERUSÖNGVARI.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST> 23. OKTÓBER 43 FYRIR KRIST

Brútus fremur sjálfsmorð

Á þessum degi árið 43 fyrir Krist framdi Markús Júníus Brútus sjálfsmorð eftir ósigur hersveitar sinnar í bardaganum í Philippi á Grikklandi.

Tveimur árum áður hafði Brútus gert samkomulag við Gaíus Kassíus Longinus um að steypa Júlíusi Sesari Rómarkeisara af stóli. Það varð til þess að Sesar var veginn í öldungaráðinu það ár.

Brútus taldi sig vera að vinna í þágu nýs rómversk lýðræðis. Raunin varð önnur og eftir morðið á Sesari blossaði upp borgarastyrjöld í Rómarveldi þar sem herir Brútusar og Kassiusar börðust um völdin við Oktavíanus og Markús Antóníus. Eftir að herir Kassíusar lutu í lægra haldi fyrir Antóníusi í bardaga í Philippi í Grikklandi framdi hann sjálfsmorð. Þann 23. október var her Brútusar gersigraður af sameinuðum herjum Oktavíanusar og Antóníusar í Philippi og Brútus brást við með því að taka eigið líf.

Sælan entist ekki lengi hjá Antóníusi og Oktavíanusi sem snerust hvor gegn hinum og árið 27 fyrir Krist varð Oktavíanus að Ágústusi keisara Rómar.

BRÚTUS

MERKISATBURÐIR

1915 25 þúsund kvenréttindakonur fara í kröfugöngu í New York og krefjast kosningaréttar.

1963 Íslensk orðabók handa skólum og almenningi eftir Árna Böðvarsson kemur út á vegum Menningarsjóðs.

1976 Nýr flugvöllur við Sauðárkrók er formlega tekinn í notkun.

1983 Rúmlega 240 starfsmenn bandaríska hersins láta lífið í sjálfsmorðsárás í Beirút. Á sama tíma létust 58 franskir hermenn í tveggja mílna fjarlægð í annarri hryðjuverkaárás.

1956 Tugþúsundir Ungverja krefjast sjálfstæðis frá Sovétríkjunum með mótmælaaðgerðum á götum úti.

1989 Ungverjaland hlýtur sjálfstæði.

FÆDDUST ÞENNAN DAG

1918 James Daly leikari

1925 Johnny Carson sjónvarpsmaður

AFMÆLI

Knattspyrnuhetjan **Pele** er 65 ára

Björn Ástmundsson forstjóri Reykjalundar er 60 ára

Birkir Rúnarsson fyrrverandi sundkappi er 28 ára

Þóra Karítas Árnadóttir fjölmiðlakona er 26 ára

LEGSTEINAR
S.HELGASON
Skemmuvegi 48
S: 557 6677
www.steinsmidjan.is

MEÐ NEMENDUM SÍNUM Margrét kennir útlendingum á Landspítalanum að tala íslensku og notar til þess leikræna tjáningu.

MARGRÉT ÁKADÓTTIR DRAMAÞERAPISTI ER 55 ÁRA.

Fékk annað tækifæri í lífinu

Tvenn stór tímamót ber upp á sama tíma hjá hinni geðþekku leikkonu Margréti Ákadóttur. Hún heldur upp á 55 ára afmæli sitt í dag en það sem færri vita er að Margrét skellti sér í háskólanám fyrir nokkrum árum og útskrifast úr dramaþerapíu eða listmeðferð í næsta mánuði. „Reyndar kláraði ég mastersnámið mitt árið 2002 en skuldaði háskólanum svo mikið í námsgjöld að ég hef ekki getað fengið útskrift fyrr en núna,“ segir Margrét kímin, en hún ætlar að halda veglega veislu á útskriftardaginn en taka daginn rólega í dag.

„Ég er búin að veita mér annað tækifæri í lífinu,“ segir Margrét glaðlega sem hefur mestan hluta lífs síns verið leikkona en vinnur nú sem leiklistarmeðferðarfræðingur hjá Fellaskóla. „Það er stórt þróunarskref hjá skóla að ráða listmeðferðarfræðing,“ segir Margrét en hún sinnir jafnframt leiklistarkennslu í skólanum. „Þetta er mjög spennandi og er í rauninni framtíðin. Í staðinn fyrir að það hrúgist upp biðlistar þá er kannski hægt að gera eitthvað í skólanum sjálfum,“ segir Margrét sem hefur mjög gaman af öllu veisluhaldi og hefur verið dugleg í því í gegnum tíðina þó tíminn hafi verið heldur naumur frá því hún lauk námi.

Minnisstæðasta afmælið í gegnum tíðina er án efa það fimmtugasta. „Þá var gjöfin til sjálfrar mín fyrsti dagur minn í háskólanum,“ rifjar Margrét upp en hún mundi ekki eftir afmæli sínu fyrr en seint að kvöldi. „Mér fannst eins og það væri eitthvað sem ég ætti að muna en þá voru margir búnir að vera að reyna að ná í mig,“ segir Margrét kímin en þá rann upp fyrir henni að hún ætti afmæli. „Mér fannst skemmtilegt að vera stödd á þessum stað, að vera að byrja í háskólanámi fimmtug í stað þess að vera í kokteilboði,“ segir Margrét sem á sér þá afmælisósk að geta haldið áfram í námi. „Mig langar í doktorsnám og reyna að ljúka því fyrir sextugt,“ segir Margrét og hlær.

Margrét á takmarkaðan tíma fyrir áhugamál en stundar þó leikhúsferðir eins og hún getur. „Ég kemst nú reyndar sjaldnast yfir að sjá eins mikið og mig langar,“ segir Margrét sem að auki hefur mikinn áhuga á að auka menntunarúrræði í kringum listirnar. Hún er til að mynda að fara af stað með sviðslistadeild í Hafnarfirði þessa dagana en stefnan er að koma henni á háskólastig.

Þó Margrét sé nánast hætt að leika á sviði neitar hún því ekki að ef spennandi verkefni byðist myndi hún ekki slá hendinni á móti því. Hins vegar nýtist henni leiklistin í öllu hennar lífi. Hún notar til dæmis leikræna tjáningu þegar hún kennir útlendum starfsmönnum við Landspítalann að tala íslensku.

Megas syngur um Hallgrím

Menningardagur í kirkjum á Suðurnesjum verður haldinn í þriðja sinn í dag. „Markmiðið er að hafa dagskrána í hverri kirkju þannig að hún segi frá þeirri menningu sem hefur þróast í viðkomandi sókn,“ segir Kristján Pálsson, formaður Ferðamálasamtaka Suðurnesja. Kirkjurnar á Suðurnesjum eru átta og hefst dagskráin á fyrirlestri um örnefni á Vatnsleysuströnd í Kálfatjarnarkirkju klukkan tíu um morguninn. Þá rekur hver atburðurinn annan í kirkjunum átta en nægur tími er gefinn milli dagskrárliða til að fólk geti komið sér milli staða.

Næst verður farið í Innri-Njarðvík þar sem fluttur verður fyrirlestur um Jón Þorkelsson, skólastjóra Skálholtsskóla sem fæddur var í Njarðvík. Í Keflavíkurkirkju flytur Hákon Leifsson organisti fyrirlestur um kórtónlist fyrri alda en hann hefur nýverið varið doktorsritgerð um það efni. Í Útskálakirkju verður fluttur fyrirlestur um sjómennsku og sjóslys á Suðurnesjum og Karlakór Keflavíkur flytur sjómannalög, þar á meðal Suðurnesjamenn og Brennið þið vitar.

Meistari Megas flytur lög sín um Hallgrím Pétursson í Hvalsneskirkju en það var fyrsta brauð Hallgríms.

Í Kirkjuvogskirkju í Höfnum verður fluttur fyrirlestur um landnám á Suðurnesjum og í Höfnum en í Ytri-Njarðvík munu söngvararnir Guðrún Gunnarsdóttir og Friðrik Ómar vera með dagská um systkinin Ellý Vilhjálms og Vilhjálm Vilhjálmsson sem bæði eru fædd í Höfnum. Menningardeginum lýkur með dagskrá um Sigvalda Kaldalóns í Grindavíkurkirkju klukkan átta. Auk fyrirlestra verður boðið upp á ýmis tónlistaratriði og það er því til margs að hlakka á þessari ellefu tíma menningarhátíð á Suðurnesjum.

MENNINGARDAGUR Boðið verður upp á fjölbreytta dagskrá í kirkjum á Suðurnesjum í dag.

†

Við sendum öllum þeim er sýndu okkur vinarhug við fráfall og jarðarför

Friðriks Th. Ingþórssonar

Blásölum 24, Kópavogi,

bestu kveðjur og þakklæti. Sérstakar þakkir til starfsfólks deildar 11-G, LSH v/Hringbraut og hjúkrunarþjónustunnar Karitas fyrir góða hjúkrun og umönnun.

Lára Vilhelmsdóttir
Hallbera Friðriksdóttir **Ágúst Þórhallsson**
Ingþór Friðriksson **Margrét Tryggvadóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, fósturfaðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Jón Sigtryggur Zophoníasson

Gullsmára 10, Kópavogi,

verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju, miðvikudaginn 26. október kl. 15.00.

Heiður Gestsdóttir
Zophonías O. Jónsson **Veska A. Jónsdóttir**
Elín Þ. Ólafsdóttir **Grétar O. Róbertsson**
Jóna Ólafsdóttir **Helgi Valdimarsson**
barnabörn og barnabarnabörn.

★ SÓLSTEINAR
★ Gæði
★ Góð þjónusta
★ Gott verð
★ Mikið úrval
Kársnesbraut 98 • S: 564 4566
www.solsteinar.is
200 Kópavogur • sol@solsteinar.is

50-250 þúsund kr. afsláttur

af völdum sófasettum

Fyrstur kemur fyrstur fær!

Einungis fáanlegt í Smáralind og á markaði Hagkaupa Óseyri 1 Akureyri

Rýmum fyrir nýjum vörum

99.000
Verð áður 149.950-

Ítalskt leðursófasett 3+1+1

99.000
Verð áður 149.950-

Leðursófasett 3+1+1 M3208

99.000
Verð áður 149.477-

Leðursófasett 3+1+1 2034

99.000
Verð áður 149.477-

Sófasett 3+1+1 Chesterfield

99.000
Verð áður 149.950-

Leðursófasett 3+1+1 G2041

149.000
Verð áður 199.990-

Leðursófasett 3+1+1 G1982

Gildir til 26. október eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla

JPV ÚTGÁFA
www.jpv.is

GLÆSILEGUR
OG MYNDRÆNN
leiðarvísir sem sýnir okkur
jörðina í öllum mikilfengleik sínum
og fegurð – leiðir lesandann
um fáfarnar stigur, frá neðansjávargljúfrum
til gróskumikilla regnskóga,
um freraveröld heimskautanna
og alla leið út í geiminn.

Þetta mikla verk veitir
með skýrum, traustum og afar
myndrænum hætti
óviðjafnanlega sýn á samspil
allra þeirra þátta sem móta okkar
síbreytilegu reikistjörnu.

MEIRA EN 2000 LJÓSMYNDIR

EINSTAKT TILBOÐSVERÐ
TIL ÁRAMÓTA:

kr. 9.980

Verð frá 1. jan. 2006: kr. 12.980

520 BLAÐSÍÐUR
Í STÓRU BROTI

SKÓGAR JÖKLAR FJÖLL
LOFTSLAG ÁR STÖÐUVÖ

4,6 billjónir ára í vinnslu

STÓRKOSTLEG ÆVINTÝRAFERÐ ÚR IÐRUM JARÐAR TIL SNÆVI ÞAKINNA TINDA



ÓTRÚLEGAR MYNDIR

Jörðin er tímamótaverk þar sem saman fara frábærar ljósmyndir og vandaður texti, unninn af sérfræðingum. Hér er því hægt að kynnast mörgum sérkennilegustu og mögnuðustu stöðum og fyrirbærum jarðar – allt frá brennheitri Atacamaeyðimörkinni til ógnvænlegra eldgosa Etnu og frá ánni Níl til víðáttu Kyrrahafsins.

NÝJUSTU NIÐURSTÖÐUR

Flókin fyrirbæri eru gerð hverjum manni skiljanleg með hjálp kunnáttusamlega tölvuteiknaðra skýringarmynda og aðgengilegum og skýrum texta. Sem dæmi um fjölmargar fræðinýjungar í bókinni má nefna nútímahugmyndir manna um uppruna jarðarinnar, myndun kalksteinsrifja neðansjávar úr lifandi kóröllum, og þau kerfi og hringrásir sem valda loftslagsbreytingum.

YFIRGRIPSMIKIL UMFJÖLLUN

Einstætt, sjónrænt yfirlit yfir helstu perlur og dásemdir jarðarinnar myndar kjarna bókarinnar. Mikilvægum þáttum á landi, hafsbotni og í andrúmsloftinu er lýst í máli og myndum og þeir nákvæmlega staðsettir á yfirlitskortum. Í bókinni er enn fremur lögð áhersla á gagnkvæm áhrif manna og umhverfis og fjallað um vandasöm álitamál, svo sem fjölgun mannkyns og eyðingu skóga, með áhrifamiklum hætti.

★★★★★

Veisla fyrir augað / Stórkostleg bók!

Amazon.com

EYÐIMERKUR ÞÉTTBÝLI ELDSTÖÐVAR GRASLENDI
)TN VEÐUR HÖF VOTLENDI STEINDIR STRENDUR

JPV ÚTGÁFA
www.jpv.is

Móðgun og hrein niðurlæging

Stjórnskipuleg kreppa var í uppsiglingu á kvennafrídaginn fyrir 20 árum. Ráðherrar “misstu sig” á ríkisstjórnarfundi og **Vigdísi Finnbogadóttur** forseta fannst ríkisstjórnin móðga sig og niðurlægja.

VINNSTAÐIR VORU VÍÐA AUÐIR Á KVENNAFRÍDAGINN
Vigdís Finnbogadóttir forseti hafði hugsað sér að halda hann heilagan líkt og svo margar aðrar konur.

Ákvörðun forseta Íslands:

Hrikti í stoðum ríkisstjórnar-innar?

DV 25. OKTÓBER 1985
Fjölmiðlar fylgdust vel með þeirri stjórnskipunarkreppu sem geisaði á kvennafrídaginn fyrir tuttugu árum.

Um þessa helgi er hugur í mörgum íslenskum konum. Á morgun, mánudaginn 24. október, verður þess minnst að þrjátíu ár verða liðin frá kvennafrídeginum fræga árið 1975 þegar tugþúsundir kvenna lögðu niður vinnu og söfnuðust saman til að krefjast jafnréttis kynjanna. Fyrir réttum tuttugu árum var sami baráttuandi meðal kvenna. Í vændum var að halda upp á tíu ára afmæli kvennafrídagsins og auk þess stóð ein helsta „kvennastéttin“ í landinu þá í eigin stríði: Flugfreyjur hjá Flugleiðum áttu í kjaradeilu við vinnuveitendur sína og á miðnætti 23. október hófst verkfall þeirra. Flugvélar Flugleiða komust hvergi, hvar í heimi sem þær voru, og ráðamenn fyrirtækisins drógu upp dökka mynd af því ógnartjóni sem verkfallið ylli.

Um þessar mundir var ríkisstjórn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks við völd. Sjálfstæðismaðurinn Matthías Bjarnason var samgönguráðherra

Klukkan hálftólf fyrir hádegi miðvikudaginn 23. október, þegar verkfallið hafði staðið í tæplega hálfan sólarhring, hófst örstuttur aukafundur ríkisstjórnarinnar og þar var samþykkt að Matthías legði fram á Alþingi stjórnarfrumvarp sem bannaði verkfall flugfreyjanna.

Um öll stjórnarfrumvörp gildir það formsatriði að forseti Íslands verður að árita þá tillögu ráðherra að frumvarpið skuli lagt fyrir Alþingi. Frá þessu var gengið að loknum ríkisstjórnarfundinum.

Klukkan hálfsex síðdegis hófst svo fundur í neðri deild Alþingis og Matthías Bjarnason kynnti frumvarpið. Helstu atriði þess voru þau að Hæstiréttur skyldi tilnefna þrjá menn í kjaradóm og bann væri lagt við allri vinnustöðvun hjá Flugleiðum.

Hörð átök urðu á þingi og Jóhanna Sigurðardóttir, þingmaður Alþýðuflokksins og fyrrverandi flugfreyja, hélt langar ræður gegn frumvarpinu. Svo fór að klukkan var orðin hálffimm að morgni næsta dags þegar lögin voru loks samþykkt.

„Sumir af æðstu embættismönnum þjóðarinnar misstu sig“

Lög Alþingis taka ekki gildi fyrr en forseti hefur staðfest þau með undirskrift sinni og þau hafa verið birt. Um hálfátta að morgni hringdi Vigdís Finnbogadóttir í Halldór Reynisson forsetaritara og bað hann að athuga hvenær henni bærust lögin. Alþingi hafði þá venju samkvæmt látið prenta þau og senda samgönguráðuneyti þar sem útbúin var staðfestingartillaga. Hún þyrfti undirritun ráðherra áður en hún yrði send forseta og Vigdís fékk fljótlega þær fréttir frá forsetaritara að Matthías Bjarnason myndi skrifa undir tillöguna þegar ríkisstjórnin kæmi saman klukkan tíu árdegis.

Halldór Reynisson hafði hugsað sér að vera heima þennan dag og gæta bús og barna, enda ætlaði kona hans að halda kvennafrídaginn heilagan. En nú þurfti hann að fara á forsetaskrifstofuna (sem þá var í Stjórnarráðshúsinu). Þegar stjórnin réð þar ráðum sínum þótti ist hann sjá að nokkra ráðherra væri farið að gruna að forseti myndi kannski neita að staðfesta lögin þennan dag. Mikill hiti var í þeim og Halldór sagði síðar að þótt öll atburðarásin hefði eftir á að hyggja helst líkst stormi í vatnsglasi væri honum enn minnisstætt að þennan morgun hefðu „sumir af æðstu embættismönnum þjóðarinnar misst sig“.

Matthías Bjarnason var í einna mestum ham og hótaði að segja af sér ef forseti drægi samþykki sitt á langinn. Morgunblaðið skýrði auk þess frá því daginn eftir að ríkisstjórnin hefði ákveðið „að beita sér fyrir gildistöku þeirra þegar í stað, ef forseti neitaði undirritun“. Þorsteinn Pálsson, sem var formaður Sjálfstæðisflokksins á þessum árum og hafði nýtekið sæti í stjórninni, hefur á hinn bóginn bent á að þótt ráðherrar hefðu komist að þeirri niðurstöðu að það væri „óásættanlegt“ að töf yrði á útgáfu laganna hefðu þeir alls ekki átt von á því að til þess þyrfti að koma, og því síður farið að undirbúa næstu leiki í stöðunni. Fyrst yrði forseti að lýsa því yfir að hún myndi ekki skrifa undir lögin þennan dag. En ef það hefði gerst hefðu ráðherrar látið þau taka gildi engu að síður, með vísun til 26. greinar stjórnarskrárinnar eins og Morgunblaðið benti á. Í þeirri grein segir: - Eins og alkunna er eftir að Ólafur Ragnar Grímsson neitaði að undirrita fjölmiðlalögin frægu sumarið 2004 - að synji forseti um staðfestingu laga öðlist þau engu að síður gildi en skuli borin undir þjóðaratkvæði.

„Ég skil ekki hvað menn þurfa að vera æsa sig“

Á sama tíma og ríkisstjórnin fundaði hugsaði forseti áfram sitt ráð. Ekki er ofsagt að Vigdísi Finnbogadóttur sárgramdist afstaða ríkisstjórnarinnar gagnvart henni, líkt og hún rakti í viðtali nú um tuttugu árum síðar: „Fyrst leit ég á hana sem móðgun, en svo sem hreina niðurlægingu. Og það var eins og símí væri ekki til; að blessaðir mennirnir gætu ekki haft samband við mig.“ Leið nú aðeins og beið en þegar klukkan var tuttugu mínútur gengin í ellefu kom Ólafur Steinar Valdimarsson, ráðuneytisstjóri í samgönguráðuneyti, til Bessastaða með staðfestingartillöguna undirritaða af Matthíasi Bjarnasyni.

Reiði forseta hafði fráleitt sjatnað: „Ólafur Steinar sá greinilega að mér mislíkaði þessi framgangsmáti og ég sagði við hann: Það hefur enginn tilkynnt að hingað verði komið með lög til undirritunar. Ég óska eftir fresti til umþóttunar. Og ég bætti við: Ég óska eftir því að fá að tala við forsætisráðherra.“

Svo bar til að Steingrímur Hermannsson, forsætisráðherra og formaður Framsóknarflokksins, var í Bandaríkjunum og staðgengill hans var Halldór Ásgrímsson, varaformaður flokksins og sjávarútvegsráðherra. Á tólfta tímanum þennan morgun óku þeir nafnar, hann og forsetaritari, til Bessastaða. Halldór Ásgrímsson var ekki í hópi þeirra ráðherra sem hafði verið heitt í hamsi og að sögn forsetaritara sagði hann á leiðinni suður eftir, dragandi seiminn á sinn rólynda hátt: „Ég skil ekki hvað menn þurfa að vera æsa sig.“

„Ég óska þess að ekki komi til undirritunar þessara laga á þessum degi“

Hófst svo fundur Halldórs Ásgrímssonar og Vigdísar Finnbogadóttur. „Ég sagði við hann eitthvað á þessa leið,“ rifjaði Vigdís seinna upp: „Það er kvennafrídagur í dag, þess vegna er ég hér á Bessastöðum en ekki á skrifstofu forseta í Reykjavík. Ég óska þess því við þig að ekki komi til undirritunar þessara laga á þessum degi. Hann segir: Nei, það er ekki hægt. - Þú skilur mína afstöðu, sagði ég, ég mun ekki gera þetta að ásteytingarsteini. Þá skrifa ég auðvitað undir lögin. En það verður gert á eftir.“ Halldór Ásgrímsson hvarf á braut við svo búið.

Vigdísi minnti ekki að afsagnir ráðherra hefði borið á góma. Hins vegar hefur Matthías Bjarnason sagt að forseti hefði heyrt um afstöðu hans: „Hún fékk þau boð frá mér að ef ekki væri búið að skrifa undir lögin klukkan tvö þá segði ég af mér.“

„Þá hefði ég ekki látið þetta koma fram þennan dag“

Í hádegisfréttum útvarps var sagt frá því að forseti hefði ekki enn undirritað lögin umtöluðu og hefði tekið sér „ótímabundinn umhugsunarfrest“. En svo, þegar veðurfregnir hófust að fréttum loknum, tók Vigdís af skarið og undirritaði lögin. Þau voru flutt í hasti frá Bessastöðum, prentuð í Stjórnartíðindum, send á póststöð og töldust þá birt. Farkostir Flugleiða streymdu aftur um loftin blá með vonsviknar flugfreyjur um borð.

Vigdís Finnbogadóttir hafði aldrei ætlað sér að láta mál þróast þannig að til þjóðaratkvæðagreiðslu kæmi á grundvelli 26. greinar stjórnarskrárinnar vegna hagsmunabaráttu einnar stéttar í landinu. Hins vegar tókst forseta að láta í ljós andúð sína á því að þurfa að undirrita lög af þessu tagi á hátíðisdegi íslenskra kvenna og með því að bíða fram yfir hádegisfréttir taldi hún sig hafa komið í veg fyrir að konur fylltust gremju frekar en eldmóði þegar baráttusamkomur hæfust síðar um daginn.

Gerði forseti rétt? Matthías Bjarnason kvaðst síðar hafa litið svo á að fyrst Vigdís Finnbogadóttir framkvæmdi það formsatriði að fallast á frumvarpið sem lagði bann við flugfreyjuverkfalli hefði mátt ætla að hún framkvæmdi einnig það formsatriði að undirrita lögin. Og hefði hún látið hann vita hve óljúft henni væri að staðfesta lögin á kvennafrídeginum „þá hefði ég sýnt forseta þá sanngirni að láta þetta ekki koma fram þennan dag“. En það hefði verið „vanhugsað hjá forseta að segja ekki orð fyrir fram, heldur aðeins þegar Alþingi var búið að ræða málið“.

Vigdís hefði vissulega mátt láta hug sinn í ljós með skýrum hætti. En gerðu Matthías og ríkisstjórnin þá rétt? Það verður að teljast óþarfa tillitsleysi að ætlast til þess að forseti undirritaði orðalaust lög um bann við verkfalli flugfreyja á kvennafrídeginum sjálfum, rétt eins og hver önnur lög á venjulegum degi. Og þegar ráðherrar voru farnir að hóta afsögn og leiða jafnvel hugann að 26. grein stjórnarskrárinnar kom glöggt í ljós að þeir litu svo á að staðfesting forseta á lögum væri algerlega formleg og sjálfvirk aðgerð sem mætti þá þess vegna framkvæma með því að hafa bara stimpil við höndina í Stjórnarráðshúsinu.

„Forseti getur ekki með nokkru móti brugðið fæti fyrir forsætisráðherra“

Sagan geymir ekki mörg önnur dæmi þess að staðfestingarhlutverk forseta hafi valdið uppnámi eða verið ofarlega í huga manna. Árið 1946 vildu sósíalistar og hlutleysissinnar að Sveinn Björnsson beitti sér svo Keflavíkursamningurinn svokallaði um aðstöðu Bandaríkjamanna á Miðnesheiði yrði borinn undir þjóðaratkvæði og tuttugu árum síðar fór Alþýðubandalagið fram á það við Ásgeir Ásgeirsson forseta að hann staðfesti ekki lög um álverið í Straumsvík. Hvort tveggja var alkunna á sínum tíma en á fárra vitorði hefur verið að árið 1970 báðu landeigendur við Mývatn Kristján Eldjárn forseta að beita forsetavaldi svo hugsanleg bráðabirgðalög um vinnu við Laxárvirkjun kæmust ekki til framkvæmda. Auk þess hefur það að mestu legið í þagnargildi að þegar Ólafur Jóhannesson forsætisráðherra rauf þing árið 1974, í trássi við skjalfestan vilja meirihluta þingmanna, lögðu formenn stjórnarandstöðuflokkanna á þeim tíma hart að Kristjáni Eldjárn að undirrita ekki beiðni Ólafs um þingrof.

Við því varð Kristján ekki. Hann skrifaði þá í dagbók sína að „forseti gæti ekki með nokkru móti brugðið fæti fyrir forsætisráðherra nema með því að steypa sér og embætti sínu í ógurlegan háska og trufla stórkostlega allan gang stjórnmálanna“. Árið 1993 komst Vigdís Finnbogadóttir að sömu niðurstöðu þegar hún staðfesti lögin um EES-samninginn. Ólafur Ragnar Grímsson tók aftur á móti annan pól í hæðina sumarið 2004 en það er önnur saga!

Guðni Th. Jóhannesson
sagnfræðingur

Kraká
3. nóvember
frá kr. 39.990

kr. 39.990
Netverð á mann. Flug, skattar og gisting með morgunverði í 3 nætur á Hotel Awiw og íslensk fararstjórn, 3. nóvember.

Fegursta borg Póllands
Heimsferðir bjóða ótrúlegt tilboð á síðustu sætunum til Kraká 3. nóvember. Nú getur þú kynnst þessari einstöku borg sem slegið hefur í gegn hjá Íslendingum. Úrval góðra hótel í hjarta Kraká.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000 • Akureyri
sími 461 1099 • www.heimsferdir.is



NEYÐARKALL FRÁ PAKISTAN

Í kjölfar jarðskjálftans í Pakistan hafa a.m.k. 50 þúsund manns látið lífið í fjallahéruðum landsins og tugþúsundir til viðbótar eiga á hættu að verða vetrarkulda að bráð. Hjálparstarfsmenn Rauða krossins eru í kapphlaupi við tímann við að koma hjálpargögnum til íbúa svæðisins. Hvert tjald veitir sjö manna fjölskyldu skjól við hrikalegar aðstæður í fjöllum Pakistans.

Þörfin fyrir sterk og snögg viðbrögð er afar brýn og þín hjálp getur bjargað mannslífum.

Söfnunarsíminn er 907 2020

Með því að hringja í söfnunarsímann leggur þú fram 1.000 kr. til hjálparstarfsins. Einnig er hægt að leggja fram fé með kreditkorti á **www.redcross.is**, eða millifærslu á bankareikning 1151-26-000012, kt. 530269-2649.

PÓSTURINN kostar birtingu auglýsingarinnar
allur pakkinn

Rauði kross Íslands
www.redcross.is

Fíton/SÍA FI014784 Ljósmyndir: www.alertnet.org

Byggjum áfram upp

„Hér gerum við út tvo beitingavélbáta á línu og tvo minni báta og höfum svo sem haft nóg að gera. Hér hefur vantað fólk og við sjáum ekki fram á annað en það verði áfram," segir Hinrik Kristjánsson, framkvæmdastjóri útgerðarfyrirtækisins Kambs á Flateyri. Hann segir atvinnuhorfur bjartar í bænum og ætlar að halda áfram að byggja upp fyrirtækið, þrátt fyrir að starfsskilyrði sjávarútvegsfyrirtækja séu langt frá því að vera hagstæð vegna styrkrar stöðu krónunnar. „Það getur fleira en náttúruhamfarir ógnað byggðarlögum landsins," segir Hinrik og telur hættu á að byggðir hrynji fari svo að útgerðarfyrirtæki fari á hausinn. „Á þessu virðist mjög takmarkaður skilningur. Þetta kostar kannski ekki mannslíf en eru engu að síður hörmungar."

Skömmu eftir að snjóflóðið féll á Flateyri sameinaðist Kambur Básafelli og segir Hinrik úr því hafa orðið nokkra sorgarsögu. „Þetta var 1997 og við sannfærð þá um að ákvörðunin væri rétt." Rekstur gekk hins vegar illa og endaði í lok árs 1999 með því að Kambur kom aftur í bæinn og hóf útgerð á ný frá grunni, eftir að hafa keypt húseignir frystihússins auk véla og tækja. „Við vorum þá á núllpunkti eftir að hafa farið með 2.300 tonna kvóta inn í sameinað fyrirtæki. En við byrjuðum á að byggja okkur upp í smábátakvóta og lifðum við það lengi vel. Síðan höfum við fært okkur yfir í stærri báta og erum að byggja okkur upp í kvóta þar."

Hinrik segir að eins og víðast hvar í fiski gangi illa að fá Íslendinga til starfa. Um 70 prósent starfsfólks frystihússins segir hann af erlendu bergi brotið en Flateyri er með einna hæst hlutfall útlendinga af þorpum landsins. Flestir koma frá Póllandi og ekki óalgengt að sjá merkingar á pólsku hjá íslenskum merkingum, svo sem í bókasafni bæjarins.

Hinrik segist ekki hafa hafið rekstur á Flateyri á ný í góðgerðarstarfsemi heldur sé meiningin að reka arðvænlegt útvegsfyrirtæki. „Eftir flóðið skapaðist hér mikil eyða og tómarúm og auðvitað hugsuðu allir sitt. Okkar ákvörðun var að halda áfram og taka þátt í að byggja þetta upp," segir hann og telur ytri aðstæður nú ráða nokkru um hvernig til tekst með framhaldið. „En við erum ekki á leiðinni suður. Hér höfum við margt, þótt það séu kannski ekki kvikmynda- og kaffihús. Við höfum mikið frelsi, fallega náttúru, sundlaug, íþróttahús, góðan leikskóla og skóla. Hér er mjög gott að búa þó svo að halli á okkur í allri verslun en hana sækjum við á Ísafjörð og höfum þar aðgang að lágvöruverslun þar sem verðlag er það sama og í Reykjavík."

HINRIK KRISTJÁNSSON Hinrik, framkvæmdastjóri sjávarútvegsfyrirtækisins Kambs á Flateyri, segir gott að búa í bænum og hvetur fólk til að flytja vestur. Hann vanti fólk í fiskvinnsluna. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Hefur þú áhuga á að stofna sérleyfisfyrirtæki (e. franchise)?

Vaxandi fjöldi sérleyfa berast hingað til lands og hefur áhugi íslenskra fyrirtækja á að nýta sérleyfi til útrásar aukist til muna. Á námskeiðinu öðlast þátttakendur hæfni til að meta hvort sérleyfi hentar þeim og fyrirtækjum þeirra. Einnig er farið yfir grundvallaratriði þess hvernig standa eigi að rekstri sérleyfiskerfis.

Námskeiðið fer fram 1. nóvember, kl. 13:00 - 17:00. Leiðbeinandi er Emil B. Karlsson, forstöðumaður Félags um viðskiptasérleyfi.

Verð 15.000 kr.

Frekari upplýsingar veitir:
Lóa Ingvarsdóttir
Beinn sími: 599 6350
Skiptiborð: 599 6200
li@ru.is
www.ru.is/simennt

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

GUÐLAUG AUÐUNSDÓTTIR OG EIRÍKUR FINNUR GREIPSSON MEÐ SON SINN SMÁRA Á MILLI SÍN Heldur hefur tognað úr Smára síðan hann beið einn björgunar í herbergi eldri bróður síns eftir snjóflóðið á Flateyri fyrir tíu árum. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Börnin höfðu flutt sig

Guðjón Guðmundsson og fjölskylda hans bjargaðist á undraverðan hátt úr flóðinu á Flateyri og sömu sögu er að segja um Eirík Finn Greipsson og fjölskyldu hans. Á báðum stöðum virtist tilviljun ráða því að ekki fór verr þar sem börn höfðu flutt sig um set innanhúss. *Óli Kristján Ármannsson* blaðamaður og *Heiða Helgadóttir* ljósmyndari heimsóttu Vestfirði í vikunni.

GUÐJÓN GUÐMUNDSSON Guðjón harðneitar því að vera frumkvöðull uppbyggingar á Flateyri, aðrir hafi verið fyrri til að ákveða að búa þar áfram eftir flóð. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

„Strákarnir okkar tveir höfðu báðir flutt sig inn í herbergi eldri bróður þeirra sem var að heiman," rifjar Eiríkur Finnur Greipsson, upp, en hann og kona hans Guðlaug voru engu að síður lengi nætur í óvissu um afdrif annars þeirra. Sonur þeirra Grétar, sem þá var 14 ára, hljóp nefnilega á nærklæðunum yfir í hús Magneu Guðmundsdóttur sem þá var sveitarstjóri á Flateyri. Eftir í herberginu var þá Smári, sjö ára gamall og beið einn björgunar, grátandi í myrkrinu með sængina sína.

„Ég var á bakvakt í almannavarnanefnd og hafði stillt símann heim til mín. Um eittleytið um nóttina fórum við Ólafur Helgi sýslumaður yfir tékklista um að búið væri að rýma hús á hættusvæðum og slíkt, en svo fór ég bara að sofa. Um klukkan fjögur um morguninn vaknaði ég svo við að jörðin nötraði og skalf og hávaðinn var óskaplegur," segir Eiríkur og kveðst strax hafa áttað sig á að snjóflóð væri að koma æðandi yfir þorpið. „Í skelfingu greip ég utan um konuna og á sama augnabliki rifnaði þakið af húsinu og veggirnir komu vaðandi yfir okkur, spýtnabrak og svo snjórinn. Við grófumst þarna eitthvað með flóðinu en færðumst ekkert mjög langt. Ég var fastur upp undir handarkrika og Guðlaug undir mér alveg á kafi." Eiríkur hreinsaði frá andliti konu sinnar sem þá vaknaði og saman fóru þau með bæn þar sem þau voru föst og róuðust við það en óttuðust vitanlega um afdrif sona sinna. „Við höldum að við höfum beðið í rúman klukkutíma og snjórinn kældi okkur mjög hratt. En konan heyrði einhvern umgang og við öskruðum og fengum dásamlegt svar, þegar heyrðist: Er einhver þarna? Þar var þá vinur okkar Einar Guðbjartsson sem gróf okkur út úr flóðinu." Fljótlega fannst svo yngri sonur þeirra, Smári, en hann upplýsti að eldri bróðirinn hefði farið út í sortann. „En eina herbergið sem ekki fylltist af snjó var það sem drengirnir sváfu í," bætti hann við.

Guðjón Guðmundsson hefur svipaða sögu að segja því yngri dætur hans tvær höfðu fært sig saman í herbergi. „Við vissum ekkert af því," segir hann, en herbergi þeirrar yngstu fór verst. Þau bjuggu í tvílyftu húsi en sváfu í risinu, sem flaut á flóðinu þegar neðri hlutinn sprakk undan því og snerist um þetta eina herbergi sem fylltist af snjó.

Guðjón segist stundum hafa vaknað við hvellinn sem kemur þegar snjóhengjan brotnar frá í fjallinu og flóð fer af stað og sú hafði verið raunin þarna um nóttina fyrir tíu árum. „Ég er rétt sestur upp í rúminu þegar allt fer af stað," segir hann og telur eftir ummerkjum að dæma að flóðið hafi sprengt húsið upp af grunninum. „Eftir á datt manni helst í hug að þetta hefði verið eins og að fara á slöngubát niður flúðir, en það bjargar okkur hvað húsið var gríðarlega sterkt og að risið hafði hangið saman," segir hann. Þegar risið stöðvast svo gerist það með svo miklum hnykk að þau hjónin hendast út á gólf. „Þá gátum við í svartamyrkrinu við týruna frá vekjaraklukku með ljósi komist yfir í hinn endann til stelpnanna. „Við fundum gömul föt undir súð sem hægt var að nota og svo fór ég út, en þá voru Eiríkur og Gulla að standa upp úr skaflinum. Svo fórum við saman á heilsugæsluna."

Bæði Guðjón og Eiríkur lýsa því að vitanlega hafi verið erfitt að gleðjast yfir því hvað þeir komust vel frá flóðinu með fjölskyldur sínar meðan aðrir misstu svo mikið allt í kring. „Þetta er sú hlið á sorginni sem mér fannst erfiðast að eiga við," segir Eiríkur. Guðjóni er líka ofarlega í huga að menn læri nú af reynslunni og láti af þeim sið að loka augunum fyrir aðsteðjandi vá. „Það þarf að tala um hlutina og gera ráð fyrir þeim. Þetta er svipað og með umræðuna um að flytja Reykjavíkurflugvöll, að alls ekki virðist mega nefna hættuna á jarðhræringum á Suðurnesjum í því samhengi. Ef menn eru ekki viðbúnir því versta þá eru þeir bara í

Samanburður Flateyri í óhag

Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar segir erfitt að bera saman uppbyggingu á Súðavík og Flateyri, þar sem flóð féllu með níu mánaða millibili, vegna þess hve aðstæður eru ólíkar á stöðunum.

„Samanburðurinn vill verða okkur í óhag því í Súðavík var ákveðið að flytja þorpið og við það verður ásýndin öll önnur," segir hann og vísar til þess að nýju þorpi fylgi nýjar götur, gangstéttir, byggingar og hvaðeina. „Þá er bara allt nýtt og glansandi. Á Flateyri var hins vegar tekin sú grunnákvörðun að verja þorpið." Í framhaldinu segir Halldór svo að komið hafi til samningaviðræðna við ríkið. „Þá var farið í endurgerð þorpsins, malbikun gatna, sem margar hverjar voru ómalbikaðar fyrir og í frágang opinna svæða. Auk ríkisins kom að því verkefni ofanflóðasjóður, en hluti af þessu var líka að opna aftur sjóðinn Samhug í verki og setja í samfélagsleg verkefni. Í sjóðnum voru eftir tæpar 60 milljónir."

HALLDÓR HALLDÓRSSON Flateyri hefur frá 1. júní árið 1996, sumarið eftir flóðið, verið hluti af Ísafjarðarbæ.

Halldór segir áhrif flóðanna hafa verið gífurleg og bendir til að mynda á að í kjölfarið hafi átt sér stað algjör uppstokkun á snjóflóðavörnum hér. „En það hefði kannski átt að gerast strax árið 1974 eftir flóðið í Neskaupstað," bætir hann við og áréttar að umræða um snjóflóðavarnir haldi áfram enn í dag, en þær séu bundnar í lög.

Halldór segir að í kjölfar flóðanna á Súðavík og Flateyri hafi aukist brottflutningur fólks frá Vestfjörðum, það sýni tölur frá þessum tíma. Hann spáir Flateyri hins vegar ágætri framtíð sem einu byggðarlaga Ísafjarðarbæjar. „Í atvinnulífinu þar eru öflugir aðilar og svo er þetta eitt atvinnusvæði þannig að fólk hefur möguleika á að búa á Flateyri og stunda vinnu á Ísafirði eða öfugt. Almenningssamgöngur eru á milli staðanna og á Flateyri eigum við mannvirki, svo sem íþróttahúsið, sem nýta mætti betur," segir hann og telur að með tímanum haldi það áfram að þróast hvernig samnýta megi hina ýmsu kosti svæðisins betur. „Vissulega hafa orðið breytingar við sameiningu sveitarfélaganna, en þjónustan á Flateyri hefur alls ekki minnkað. Þar er að finna alla þjónustu aðra en að þar sitji sveitarstjóri og öll almannaþjónusta orðin víðtækari en áður þekktist."

JÓN SVANBERG HJARTARSON Þegar flóðið féll á Flateyri var Jón Svanberg starfandi lögreglumaður auk þess að vera í björgunarsveitinni. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Líturr lífið öðrum augum en fyrir flóð

„Auðvitað verður svona atburður til að breyta manni, þó svo að maður gerir sér kannski ekki gleggsta grein fyrir því sjálfur hvernig," segir Jón Svanberg Hjartarson, lögregluvarðstjóri á Ísafirði. Hann býr á Flateyri og var þegar flóðið féll starfandi lögreglu- og björgunarsveitarmaður.

„Kannski er það þannig að maður verði meyrari gagnvart öðrum hlutum," segir hann um mögulegar breytingar eftir hamfarir á borð við snjóflóð og vísar til þess að góður vinur hans sem upplifði bæði flóðið í Súðavík og á Flateyri hafi meira að segja sagst eiga það til að tárast yfir spjallþáttum í sjónvarpi. Annars telur hann að hver bregðist við með sínum hætti og alls ekki hægt að setjast í dómarasæti yfir viðbrögðum fólks. „Kannski er helsta breytingin sú að maður er meðvitaður um hvað það getur þýtt að slá hlutunum á frest," segir hann og rifjar upp að fyrir flóðið hafi hann lengi verið á leiðinni í heimsókn til fjögurra ára frænda síns sem var spenntur að sjá hann í lögreglubúningi, en Jón var þá í starfsnámi. Frændinn lést hins vegar í flóðinu með fjölskyldu sinni áður en til þeirrar heimsóknar kom.

Jón var ræstur símleiðis sjö mínútur yfir fjögur um nóttina, skömmu eftir að flóðið féll. „Ég hélt nú fyrst að það væri verið að fíflast í mér og setti það ekki strax í samband við byggðina. En íbúi tilkynnti lögreglu um þetta. Sá hafði séð húsið hans Guðjóns [Guðmundssonar, sjá hér til hliðar] fljóta framhjá. Þá áttaði maður sig nú á alvöru málsins." Þá segir Jón að strax hafi verið sett í gang allsherjarútkall enda bærinn einangraður og hjálparþurfi. „Fréttin um flóðið var hins vegar mjög fljót að berast um bæinn og allar símalínur rauðglóandi." Í kjölfarið segir hann alla hafa gengið í þau verk sem þurfti en í raun hafi komið á óvart hvað allir hafi verið yfirvegaðir. „Menn verða eiginlega bara sviplausir og ganga bara í það sem þarf að gera." Sjálfur segir Jón að sér hafi þótt erfiðast að fara um með presti eftir flóðið og tilkynna fólki um andlát ástvina.



Konur hjá Eimskip leggja niður vinnu kl. 14:08* á morgun, mánudag, í tilefni þess að 30 ár eru þá liðin frá Kvennafrídeginum.

Það verður því óvenju fáliðað hjá Eimskip seinnipartinn á morgun þar sem karlarnir munu standa vaktina einir frá kl. 14:08.

Viðskiptavinir eru beðnir velvirðingar á truflunum af þeim sökum.

EIMSKIP

* Samkvæmt nýjustu útreikningum á launamun kynjanna á Íslandi fá konur aðeins greitt til klukkan 14:08, meðan karlar fá greiddan fullan vinnudag.



SÖGULEG HÚSAÞYRPING Á DEILD 11-D Á LANDSPÍTALA

Gleðigjafar úr gifsi

Það er fjölþjóðleg gata inni í móttökubúrinu á deild 11-D á Landspítalanum við Hringbraut. Í götunni eru marglit hús sem gleðja gesti og gangandi, en 11-D er göngudeild hjarta- og meltingarsjúkdóma.

„Þetta er nú barasta þannig og varla frásagnarvert að fyrrverandi starfsmaður hér, hún Adda Björk Jónsdóttir, kom við í Magasíninu uppi á höfða fyrir einhverjum sjö árum og keypti fyrsta húsið, svona til skrauts," segir Ingunn Ingimundardóttir sem starfar í móttökunni á 11-D ásamt Ástu Kjartansdóttur.

„Þá bættist við hús úr Blómavali og síðan restin af lagernum í Magasíni," segir Ingunn hlæjandi á meðan hún handfjatlar eitt húsanna. „Síðan hafa bæst við einstaka hús úr utanlandsferðum okkar starfsfólksins og annað sem við höfum fundið í blómabúðum, svo hér eru hús frá Prag, Salsburg, Viktoríu í Bresku Kólumbíu og San Fransiskó. Húsin eiga það sameiginlegt að vera svipuð á hæð og framleidd úr nauðaómerkilegu gifsi, sem sýnir dæmigerðan húsakost frá Evrópu fyrri tíma; Englandi, Þýskalandi, Hollandi og Belgíu," segir Ingunn og leggur húsið á silluna við gluggann á móttökubúrinu þar sem gatan fallega stendur.

„Jú, vissulega er þetta vinaleg sjón á stað eins og sjúkrahúsi þar sem umhverfið er gjarnan sterilt og margir sem koma til að skoða og spyrja hvaðan húsin séu, en mér telst til að þau séu orðin 35 talsins. Fólk þekkir stílinn á húsunum eftir ferðalög sín um Evrópu og hefur á því skoðanir hvaðan þau séu upprunnin," segir Ingunn sem á sér uppáhaldshús í götunni.

„Ég hef gaman af Baileys-hús-

ÁSTA KJARTANSDÓTTIR OG INGUNN INGIMUNDARDÓTTIR OG HÚSIN Í MÓTTÖKUNNI. Eyða dögunum við yndislega götu fjölþjóðlegra húsa sem ylja sjúklingum á annars hvítskúruðum spítalanum. LJÓSMYND/E.ÓL.

inu sem okkur var fært og fylgdi Baileys-flösku, en fallegast finnst mér hús í viktoríönskum stíl frá San Fransiskó. Annars binst maður þessum húsum ekki tilfinningaböndum. Adda skildi sín hús eftir þegar hún hætti og ég mundi gera það sama. Mér finnst mest um vert að húsin gleðji og það gera þau sennilega helst á þessum stað," segir Ingunn brosmild og hverfur niður indæla götuna.

thordis@frettabladid.is

VERÐLAUNAKROSSGÁTAN

NR. 28

■	1	2	3	4	■	5	2	6	7	8	9	10	11	■
1	■	9	■	12	■	13	■	8	■	14	■	8	■	15
16	17	14	8	13	■	2	18	1	9	11	9	10	2	3
8	■	5	■	5	18	19	■	1	■	1	■	9	■	20
9 N	21 Ý	15 T	2 A	■	■	18	15	2	9	■	22	15	18	3
23	■	24	■	6	21	3	11	■	2	■	23	■	■	■
13	24	19	3	11	■	■	4	■	23	25	4	10	12	2
4	■	18	■	15	16	17	8	11	9	14	■	8	■	19
1	2	3	2	15	8	■	23	■	■	14	21	3	1	2
■	■	■	23	■	3	■	9	22	15	2	■	26	■	4
15	2	23	4	■	1	4	11	27	■	■	14	3	13	10
20	■	2	■	13	■	12	■	9	21	5	■	8	■	2
5	8	10	4	5	1	20	15	2	■	1	8	25	27	15
5	■	18	■	22	■	23	■	5	■	28	■	15	■	2
■	10	3	8	9	9	2	5	15	■	27	4	2	9	■

A Á B Đ D E É F G H I Í J K L M N O Ó P R S T U Ú V X Y Ý Þ Æ Ö

Í sunnudagskrossgátu Fréttablaðsins eru gefnir 4 bókstafir sem á að færa í númeraða reiti. Í dag er N til dæmis í reit merktum 9 og fer þá N í alla aðra reiti með því númeri. T er í reit númer 15 og fer í alla aðra reiti gátunnar númer 15 o.s.frv. Til þess að leysa gátuna þarf að finna út hvaða bókstafir eiga að standa í auðu reitunum (bókstafirnir c, z, q og w eru ekki notaðir). Þegar því verkefni er lokið er hægt að finna lausnarorð gátunnar, sem er í þetta sinn karlmannsnafn*

Lausnarorð

10	18	9	9	2	3

Lausnarorðið er hægt að senda inn með SMS-skeyti á númerið 1900. Dæmi um hvernig SMS gæti litið út ef lausnarorðið væri Jón: þá sendir þú SMS sem segir: **JA LAUSN JON** í númer 1900.

*Ráðning gátunnar birtist í blaðinu eftir tvær vikur.

Dregið verður næstkomandi fimmtudag kl. 12.
SMS-skeytið kostar 99 krónur

Leystu krossgátuna! Þú gætir unnið bíómiða á stórmyndina The Legend of ZORRO sem sýnd verður í Laugarásbíói, Smárabíói, Regnboganum og Borgarbíói Akureyri.

SMS skeytið kostar 99 krónur.

Lausn nr. 26

■	T	Æ	R	A	■	U	M	L	Ý	S	I	N	G	■
H	■	T	■	Đ	■	M	■	I	■	A	■	E	■	A
V	A	T	N	A	■	B	E	R	G	K	V	I	K	U
A	■	A	■	L	Ú	R	■	F	■	A	■	N	■	L
T	Ö	R	N	■	■	O	F	A	N	■	A	N	D	I
B	■	N	■	S	Æ	T	A	■	Ó	■	F	■	■	■
E	F	A	S	T	■	■	R	■	G	U	L	R	Ó	T
R	■	F	■	R	E	K	S	T	U	R	■	I	■	R
I	Đ	N	N	Á	M	■	Æ	■	■	R	O	S	T	I
■	■	■	Ú	■	Ú	■	L	Á	N	A	■	S	■	N
K	R	Ó	A	■	I	G	L	A	■	■	Í	B	Ú	I
O	■	L	■	T	■	I	■	V	Í	S	■	L	■	D
M	A	Í	S	V	I	S	K	Í	■	K	R	O	T	A
A	■	F	■	Í	■	T	■	S	■	Í	■	K	■	D
■	V	I	N	D	H	A	N	I	■	R	E	K	I	■

SMS-GÁTAN:

Hvað veist þú um Robbie Williams?

Merktu við rétt svör. Stafirnir fyrir framan hvertrétt svar mynda lausnarorð sem þú sendir í þjónustunúmerið **1900.**

Ef lausnarorðið er páfinn. Þú sendir skeytið **JA MYND PAFINN** í þjónustunúmerið 1900.

Leystu gátuna! Þú gætir unnið nýja diskinn með Robbie Williams, Intensive Care!

Í hvaða hljómsveit var Robbie Williams?
p) Blur s) Take That æ) Backstreet Boys

Afhverju hætti hann í sveitinni?
o) Hann var veikur w) Hann var rekinn t) Hann missti röddina

Hvar á Englandi er Robbie fæddur?
e) Í Blackpool R) Í Liverpool i) Í Tunstall

Hvað heitir fyrsta sólóplata Robbie?
n) Live thru a lens j) Live without the boys k) Live in the light

Hvert af lögum George Michael coveraði Robbie?
a) Outside m) Faith g) Freedom

SMS skeytið kostar 99 krónur.

allt - atvinna

ER ÞÍN ATVINNUAUGLÝSING HÉR? MEST LESNA ATVINNUBLAÐ LANDSINS

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
REYKJAVÍK	8.42	13.12	17.40
AKUREYRI	8.34	12.57	17.18

Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ

Góðan dag!

Í dag er sunnudagur 23. október, 296. dagur ársins, 2005.

STÖRF Í BOÐI

Gagnastjórnun
Kerfisstjóri
Prófunarstjóri
Forritarar
Afgreiðsla
Vélstjóri
Byggingatæknifræðingur
Gröfumenn
Lögfræðingur
Skrifstofustarf
Leikskólakennarar
Framkvæmdastjóri
Byggingaverkfræðingur
Deildarstjóri
Vélvirki
Tæknimaður
Viðskiptafræðingar
Verkefnastjóri
Starfsleiðbeinandi
Bifvélavirki
Bílstjórar
Þjónustufulltrúar
Kennarar

ÞÚ GETUR PANTAÐ SMÁAUGLÝSINGAR Á visir.is
VÍSIR



Þráinn segir starf kúarektors hafa verið ábyrgðarstarf. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Kýrnar héldu í sér viljandi

Þráinn Bertelsson sendi nýlega frá sér spennusöguna Valkyrjur. Fyrsta starf hans hins vegar var að sjá um beljurnar í Þingvallasveitinni.

„Þegar ég var ungur voru sumarfríin mjög löng og því var vel hægt að vinna þá. Mitt fyrsta starf, sem ég man eftir, var að vera kúarektor. Starf kúarektors fólst í því að reka kýrnar í haga eftir mjaltir á morgnana, moka flórinn og hreinsa fjósið. Hápunktur starfsins var fyrir seinni mjaltir þegar kýrnar voru reknar aftur heim. Þetta var maður að gera aðeins 6 eða 7 ára gamall," segir Þráinn um sína fyrstu „alvöru" starfsreynslu. Þráinn segir að þetta hafi nú ekki verið mikil erfiðisvinna en heldur þó uppi miklum samskeringum og sakar kýrnar um að hafa vísvitandi reynt að gera vinnu hans erfiðari. „Maður grunaði þær um að halda í sér allan daginn til þess að geta lagt frá sér í fjósinu, bara til þess að gera manni lífið leitt." Þráinn segir að þetta hafi verið ábyrgðarstarf, hann hafi t.d. þurft að þvo júgur og spena á beljunum fyrir mjaltir. Þráinn segist alltaf hafa verið svolítið vinnufælinn og pínu latur og því hafi honum stundum leiðst starfið. Hann gat þó oft brugðið á leik með beljunum. „Við fórum stundum á bak á heimleiðinni." Þráinn man ekki alveg hversu mikla upphæð hann fékk að sumri loknu en segir að hún hafi nægt til þess að honum fyndist hann vera maður með mönnum. „Þegar ég fer að hugsa um þetta þá var þetta bara mjög merkilegt starf og margar góðar stundir tengdar því." *steinthor@frettabladid.is*

LIGGUR Í LOFTINU

[ATVINNA]

VR ætlar að gefa öllum starfsmönnum sínum frí frá klukkan 14.08 á morgun í tilefni af kvennafrídeginum. VR skorar á fleiri vinnuveitendur að gera slíkt hið sama. Fjölmörg fyrirtæki hafa ákveðið að loka snemma þennan dag svo starfsmenn þeirra geti tekið þátt í baráttunni fyrir jafnrétti.

Starfsmannafélag Kópavogs skrifaði undir kjarasamning við Launanefnd sveitarfélaga í síðustu viku en félagsmenn höfðu áður fellt samninga við launanefndina í tvígang.

Á þriðja ársfjórðungi þessa árs voru að meðaltali 2.900 manns atvinnulausir eða 1,8%. Atvinnuleysi mældist mest hjá fólki á aldrinum 16-24 ára en 3,5% fólks á þeim aldri var atvinnulaust. Atvinnuleysi var meira hjá konum en körlum en 2,4% kvenna voru án atvinnu á meðan 1,2% karla voru án atvinnu.

atvinna@frettabladid.is

mentis
HUGBÚNAÐUR

VIÐ LEITUM AÐ SNILLINGUM

Við leitum eftir forriturum með háskólagráðu í tölvunarfræði og a.m.k. 2-3 ára starfsreynslu. Metnaður, sjálfstæð og öguð vinnubrögð og brennandi áhugi á öllu sem viðkemur hugbúnaðarþróun eru skilyrði.

FORRITARI - Microsoft.NET
Þekking og reynsla af þróunarumhverfi Microsoft, sérstaklega þróun á veflausnum með ASP.NET.

FORRITARI - Delphi, C++ og PL/SQL
Þekking og reynsla af þróun á biðlarahugbúnaði með Delphi og Crystal Reports og þróun á miðlarahugbúnaði með C++ og Oracle PL/SQL.

Mentis hf. þróar hugbúnað fyrir fagaðila á fjármálamarkaði og í viðskiptavinahópnum eru nær eingöngu bankar, sparisjóðir, verðbréfafyrirtæki, fjármögnunarfyrirtæki, lífeyrissjóðir og önnur fyrirtæki og stofnanir sem tengjast fjármálamarkaði á Íslandi, í London og í Luxemborg. Starfsmenn Mentis vinna sjálfstætt og í hópi annarra sérfræðinga að vöruþróun, ráðgjöf og sérlausnum fyrir þessa kröfuhörðu viðskiptavini. Mentis hf. er að mestu leyti í eigu banka og sparisjóða. Nánari upplýsingar er að finna á **www.mentis.is.**

Umsjón með störfunum hafa Helga Jónsdóttir (helga@img.is) og Sigrún Ýr Jónsdóttir (sigrun@img.is) hjá Mannafli - Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 1. nóvember nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um störfin á heimasíðu Mannafls - Liðsauka.

Microsoft CERTIFIED Partner
IMG MANNAFL LIÐSAUKI

Mentis hf | Sigtúni 41 | 105 Reykjavík | sími 570 7600 | info@mentis.is | www.mentis.is

SKJAL ÞÝÐINGASTOFA

VILTU STARFA VIÐ ÞÝÐINGAR?

Skjal þýðingastofa er leiðandi fyrirtæki á íslenskum þýðingamarkaði. Hjá félaginu starfa átta manns í fullu starfi og fjölmargir verktakar í hlutastarfi.

Nú leitum við að fleiri verktökum á skrá
Viðkomandi þarf að búa yfir færni til að þýða texta af ensku yfir á gott íslenskt mál og hafa áhuga á að taka að sér fjölbreytt og krefjandi verkefni.

Verktaka fyrir Skjal er oft fyrsta skrefið að fastráðningu hjá félaginu.

KRÖFUR TIL UMSÆKJENDA
- Fullkominn skilningur á ensku og framúrskarandi ritfærni á íslensku.
- Áhugi á þýðingum og vilji til að starfa á því sviði.
- Háskólanám er skilyrði.
- Haldbær reynsla af þýðingum.
- Góð tölvukunnátta.
- Reynsla eða þekking á þýðingahugbúnaði æskileg.

UMSÓKNIR
Umsækjendur skulu fylla út umsókn á www.skjal.is/atvinna og láta fylgja með greinagóða ferilskrá. Athugið að ekki er tekið við umsóknum eftir öðrum leiðum.

Allar frekari upplýsingar veitir Bogi Örn Emilsson í síma 530 7303 eða í gegnum tölvupóstfangið bogi@skjal.is

Þýðingar | Prófarkalestur | Textaskrif

Nöfn skipta miklu máli. Það er gott að vera fljótur að læra nöfn samstarfsfélaga á nýjum vinnustað. Það getur auðveldað samskipti.

Nýhöfn í Kaupmannahöfn.

Auktu við dönskukunnáttuna

Dönskunámskeið á vegum BSRB hefst á morgun.

BSRB stendur fyrir dönskunámskeiði í samvinnu við Framvegis símenntunarstöð. Námskeiðið er ekki fyrir byrjendur heldur þá sem hafa undirstöðukunnáttu í dönsku. Dönskunámskeið er haldið með það að markmði að starfsmenn geti tjáð sig betur á dönsku, aukið við sig orðaforða svo þeir geti auðveldlega sent tölvupóst og önnur skrifleg samskipti á dönsku. Einnig verður reynt að auka við orðaforða nemenda í þáttum varðandi efnhagslífið, starfsemi stéttarfélaga og um þjóðfélagsmál. Skráning fer fram á www.framvegis.is og í síma 5814914. Námskeiðið hefst á morgun.

Brátt verða allir komnir á eftirlaun

FÓLKSFJÖLDAÞRÓUN SÍÐUSTU ÁRATUGA LEIÐIR AF SÉR AÐ BRÁTT VERÐUR EKKI TIL NÆGT VINNUAFL TIL AÐ TAKA VIÐ AF KYNSLÓÐ SEM STEFNIR Á EFTIRLAUNAALDURINN.

Rannsóknir sýna að vinnuafl framtíðarinnar kemur til með að verða öðruvísi samsett en það er í dag. Þeir sem eru fæddir á árunum eftir seinni heimsstyrjöld og til ársins 1964 tilheyra svokallaðari BabyBoomer-kynslóð og það er þessi kynslóð sem mun fara á eftirlaun í hrönnum á næstu árum og áratugum.
Kannanir sýna að í Bandaríkjunum fjölgaði vinnandi fólki um 30 prósent á áttunda áratugnum og hefur fjölgað um 12 prósent frá þeim tíunda til dagsins í dag. Á næstu árum er ekki búist við nema þriggja prósenta fjölgun á starfsfólki og stöðnun á árinu 2010.
Spáð er 19 prósent fækkun á starfsfólki á aldrinum 35 til 45 ára fram til ársins 2010 en að starfsfólki á aldrinum 45 til 54 ára muni fjölga um 21 prósent og að starfsfólki á aldrinum 55 til 64 ára muni fjölga um 52 prósent.
Að óbreyttu verður víða ekki til nægt vinnuafl til að taka við af þessu starfsfólki og þurfa fyrirtæki að taka til sinna ráða vilji þau koma í veg fyrir skort á vinnuafli.

Vinnukulnun vaxandi vandamál

Erfiðir vinnudagar og álag geta leitt til vinnukulnunar. Samkvæmt nýlegri breskri könnun hafði meira en helmingur breskra starfsmanna fundið fyrir einkennum kulnunar og streitu.

Kristinn Tómasson hjá rannsókna- og heilbrigðisdeild Vinnueftirlitsins segir skilgreiningu á vinnukulnun vera andlega vanlíðan sem er að mestu bundin við þann tíma sem einstaklingur eyðir í vinnunni. „Einkennin lýsa sér í vanlíðan, sinnuleysi og áhugaleysi og fleiri slíkum einkennum sem tengjast vinnunni. Um leið og vinnunni er lokið hverfa einkennin," segir Kristinn. „Vinnukulnun er geðeinkenni sem lýsa sér með depurð og leiða og þverrandi afkastagetu en þessum einkennum léttir iðulega þegar starfsmaðurinn er kominn heim til sín."

Langur vinnutími, mikið álag, stress, mörg og erfið verkefni eru allt þættir sem geta leitt til kulnunar í starfi. Fyrr á þessu ári var gerð könnun meðal starfsmanna í Bretlandi og var niðurstaða hennar að meira en helmingur þátttakenda hafði orðið var við einkenni kulnunar og streitu. Um helmingur sagðist hafa fundið fyrir kulnun á síðustu sex mánuðum áður en könnunin var gerð. Þriðjungur hafði yfirkeyrt sig á vinnu og einn af hverjum fjórum sagðist hafa orðið veikur sökum áhyggja yfir vinnu eða ekki geta sofið vegna þeirra. Nær helmingur sagði ástandið hafa versnað á síðustu fimm árum. Kristinn segir erfitt að heimfæra niðurstöður slíkrar kannana á íslenskan vinnumarkað. Aðstæðurnar séu kannski ólíkar þar sem vinnumenning getur verið breytileg milli landa en engu að síður segir hann íslenska launþega glíma við einkenni kulnunar og streitu í sínu starfsumhverfi.

Í umfjöllun um vinnukulnun í tímaritinu Business Week voru birtar ráðleggingar um hvernig starfsmenn geti forðast vinnukulnun.

Forgangsröðum verkefnum

Svokölluð Pareto-greining sýnir að 20 prósent af vinnunni skapa 80 prósent af verðmætunum. Það er, 80 prósent af vinnutímanum fari í smærri og minna mikilvæg verkefni, bið eða óþarfa samskipti. Því er mikilvægt að forgangsraða til að létta á álagi og uppsöfnun á verkefnum.

Sýnum sveigjanleika

Það er mikilvægt að við gefum sjálfum okkur svigrúm. Dagskrá sem veitir ekkert svigrúm til að takast á við ófyrirséða atburði er streituvaldandi.

Gefum okkur andrúm

Það er mikilvægt að við höfum einnig tíma til að líta upp og anda á milli verkefna. Ef skipulagið yfir daginn er of þétt náum við aldrei að skilja við verkefni eins og við viljum áður en við þurfum að takast á við nýtt verkefni.

Verum í sambandi

Tæknin gefur okkur færi á að skipuleggja vinnuna í kringum fjölskylduna og öfugt. Við getum verið í fjarsambandi. En ekki gleyma því að það er hægt að slökkva. Þó tæknin sé góð eru fundir oft betri lausn en að hringjast á eða skrifa tölvupóst.

Veljum og höfnum

Yfirleitt er það þannig að hægt er að ná í okkur flest í gegnum síma, tölvupóst eða á annan rafrænan hátt. En við getum valið hverju við svörum og hvenær.

Ýtum undir sköpunargleðina

Lærum eitthvað nýtt eða reynum á sál og líkama. Það veitir okkur bæði hvíld og færi á að opna hugann fyrir nýjum hugmyndum.

Vinnuverndarvika á Íslandi

Á morgun hefst vinnuverndarvika sem mun beina sjónum sínum að hávaða og heyrnarvernd. Miklu máli skiptir að verjast hávaða meðal annars til að útiloka heyrnartjón, eyrnasuð, slysahættu og stress.

Dagana 24. til 28. október stendur yfir vinnuverndarvika. Evrópska vinnuverndarstofnunin í Bilbao á Spáni stendur árlega fyrir Evrópsku vinnuverndarvikunni og að þessu sinni er kastljósinu beint að hávaða á vinnustöðum. Þetta er sameiginlegt átak 30 Evrópuþjóða og sér vinnueftirlitið um framkvæmd verkefnisins hér á landi. Markmið vinnuverndarvikunnar er að vekja athygli á skaðlegum áhrifum hávaða á vinnustöðum í þeim tilgangi að gera vinnustaðina heilsusamlegri og öruggari og verður leitað eftir samráði við aðila vinnumarkaðarins um framkvæmd vikunnar.

Í vinnuverndarvikunni verður hrundið af stað upplýsingaátaki um hávaða og heyrnarvernd og samhliða því munu eftirlitsmenn Vinnueftirlitsins heimsækja vinnustaði um allt land. Í heimsóknunum verða gerðar hávaðamælingar og jafnframt verður vakin athygli starfsmanna vinnustaðanna á heilsuspillandi áhrifum hávaða og gildi forvarna. Leitað verður eftir dæmum frá fyrirtækjum sem hafa náð góðum árangri í að draga úr eða koma í veg fyrir hávaða og eru fyrirtæki og einstaklingar hvattir til að senda Vinnueftirlitinu upplýsingar um dæmi sem geta orðið öðrum til eftirbreytni.

Upplýsingasíða með fræðsluefni sem tengist málefni vikunnar verður sett upp á heimasíðu Vinnueftirlitsins. Í tilefni vikunnar verður haldinn morgunverðarfundur þriðjudaginn 25. október sem verður helgaður hávaða og heyrnarvernd. Þar verða flutt áhugaverð erindi og viðurkenningar veittar fyrirtækjum sem hafa náð góðum árangri í hávaðavörnum.

Upplýsingatæknisvið Landsbankans

Á upplýsingatæknisviði Landsbankans vinnur samhentur hópur fólks sem sinnir krefjandi og áhugaverðum viðfangsefnum í lifandi starfsumhverfi. Vegna sívaxandi umsvifa óskum við eftir metnaðarfullum og árangursdrifnum einstaklingum til liðs við okkur. Um er að ræða störf þar sem góð tækniþekking er nauðsynleg og þekking á fjármála- og/eða bankaumhverfi er mikill kostur.

Landsbankinn er eitt stærsta fjármálafyrirtæki landsins og veitir alhliða fjármálaþjónustu til einstaklinga, fyrirtækja og stofnana.

Landsbankinn leitast við að ráða til sín og hafa í sínum röðum framúrskarandi starfsfólk og efla það í störfum sínum.

Til að stuðla að vexti og arðsemi bankans er áhersla lögð á skemmtilegan vinnustað, starfsánægju og gott starfsumhverfi, sem og markvissa starfsþróun og þekkingu starfsfólks.

Það er viðhorf stjórnenda Landsbankans að starfsfólkið, metnaður þess, kraftur og hollusta, séu lykillinn að farsælum rekstri bankans.

Gagnagrunnsstjórnun (DBA)
Landsbankinn hefur í rekstri nokkra af stærstu gagnagrunnum landsins. Meginumhverfi bankans er Oracle, en einnig eru keyrðar stórar uppsetningar af MS SQL grunnum. Lykilatriði til að geta sinnt starfinu eru sjálfstæð og öguð vinnubrögð, jafnaðargeð, seigla í lausn á vandamálum og mikil reynsla af rekstri gagnagrunna.

Kerfisstjóri fyrir AIX
Bankinn keyrir flest af sínum meginkerfum á AIX umhverfi, svo sem Oracle grunna og kjarna fyrir sjálfsafgreiðslulausnir. Auk traustrar kunnáttu á AIX þarf viðkomandi að geta tekið þátt í rekstri og þróun á TSM umhverfi bankans. Viðkomandi þarf að hafa mikla reynslu af rekstri stýrikerfa, geta unnið sjálfstætt og hafa þolinmæði við lausn vandamála.

Viðskiptagreind (Business Intelligence)
Helstu verkefni snúa m.a. að gagnavinnslu í Oracle grunni og PL/SQL, notkun á gagnavöruhúsi og gagnamörkuðum, data mining og hönnun á fjölnota skýrslum í skýrsluumhverfi. Lykilatriði er að skila réttum upplýsingum á réttum tíma. Viðkomandi þarf að geta tileinkað sér sjálfstæð og öguð vinnubrögð og þarf einnig að geta sett sig hratt og vel inn í rekstur bankans þar sem nauðsynlegt er að bregðast skjótt við fjölbreyttum fyrirspurnum.

Prófanastjóri hugbúnaðar
Til að styrkja frekar prófanaferli hugbúnaðar og stefnumótun vantar okkur einstakling í starf prófanastjóra. Viðkomandi þarf að hafa góða reynslu af hugbúnaðargerð og prófunum og vera tilbúinn til að takast á við að skilgreina og móta starfið. Sjálfstæði og öguð vinnubrögð eru nauðsynlegar forsendur, auk þess sem góðir greiningarhæfileikar og lausnadrifin nálgun viðfangsefna munu nýtast vel í starfinu.

Forritarar
Í Landsbankanum starfa nú um 40 forritarar við mjög fjölbreytt verkefni. Okkur vantar enn í hópinn og leitum að aðilum sem geta unnið vel með öðrum, eru framúrskarandi forritarar og eru tilbúnir að fást við fjölbreytt, ögrandi og skemmtileg verkefni.

Vinsamlega sendið umsókn ásamt ferilskrá á bergsig@landsbanki.is.
Umsóknarfrestur er til 3. nóvember n.k.
Nánari upplýsingar veita Guðmundur Guðmundsson, framkvæmdastjóri upplýsingatæknisviðs, í síma 820 6490, og Bergþóra Sigurðardóttir, forstöðumaður á starfsmannasviði, í síma 410 7907.

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | landsbanki.is

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS LBI 29920 10/2005

Viðskiptafræðingar

Vegna aukinna verkefna og skipulagsbreytinga, óskar Ernst & Young hf. eftir viðskiptafræðingum af endurskoðunarsviði í fullt starf.

Um framtíðarstörf er að ræða og spennandi tækifæri til þess að hafa áhrif á þróun og framgang fyrirtækisins á næstu árum. Hjá Ernst & Young hf. er lögð áhersla á samvinnu milli starfsfólks og náin tengsl við viðskiptavini okkar. Við felum starfsfólki okkar ábyrgð og leitum eftir því að það sýni frumkvæði er komi bæði okkur og viðskiptavinum okkar til góða.

Starfssvið
- Vinna við endurskoðun og reikningsskil
- Skattframtöl og skattaráðgjöf
- Önnur sérfræðiþjónusta við viðskiptavini félagsins

Menntunar- og hæfniskröfur
- Viðskiptafræðingur af endurskoðunarsviði
- Mjög góð tölvu- og bókhaldskunnátta
- Góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti
- A.m.k. 1-2 ára starfsreynsla sem viðskiptafræðingur
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Færni í mannlegum samskiptum

Með allar umsóknir verður farið sem trúnaðarmál.

Umsóknir óskast fylltar út á w**ww.hagvangur.is** fyrir 31. október nk.

Númer starfs er **4910**.

Frekari upplýsingar veita: Ari Eyberg og Katrín S. Óladóttir.

Netföng: ari@hagvangur.is og katrin@hagvangur.is

ERNST & YOUNG

Ernst & Young er alþjóðleg keðja með yfir 100.000 starfsmenn í 140 löndum. Ernst & Young International er eitt af fjórum stærstu endurskoðunarfyrirtækjum í heiminum. Aðild okkar að Ernst & Young International veitir okkur aðgang að nýjustu tækni, upplýsingum og verkfærum á starfssviði okkar, og gerir okkur kleift að veita viðskiptavinum okkar fyrsta flokks þjónustu hvort sem er á Íslandi eða erlendis. Einnig skapar þetta samstarf mikla möguleika fyrir símenntun starfsmanna og tryggir þeim aðgang að alþjóðlegum gagnagrunni sem nýtist þeim við úrlausnir verkefna.

Frekari upplýsingar um fyrirtækið má finna á heimasíðu þess, www.ey.is

HAGVANGUR
- við ráðum

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700 • Bréfasími 520 4701 • www.hagvangur.is

Forstöðumaður reikningshalds

Öflugt fjármálafyrirtæki óskar að ráða forstöðumann reikningshalds.

Starfssvið
- Ábyrgð á faglegri uppbyggingu verkferla/ vinnubragða við bókhald og mánaðarleg uppgjör fyrirtækisins og dótturfélaga.
- Ábyrgð á vinnslu hagtalna og skýrslugerð.

Forstöðumaður reikningshalds heyrir undir fjárhagssvið fyrirtækisins.

Menntun og hæfniskröfur
- Háskólamenntun á sviði endurskoðunar.
- Próf í löggiltri endurskoðun væri kostur.
- Góð þekking á upplýsingakerfum.
- Starfsreynsla er skilyrði.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Sjálfstæði og skipulagshæfileikar.
- Frumkvæði og metnaður.

Allar fyrirspurnir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

Umsóknir óskast fylltar út á **www.hagvangur.is** fyrir 29. október nk. Númer starfs er **4890**.

Upplýsingar veitir Katrín S. Óladóttir. Netfang: katrin@hagvangur.is

HAGVANGUR

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700 • Bréfasími 520 4701 • www.hagvangur.is

HÁSKÓLI ÍSLANDS

REIKNISTOFNUN

STARFSMAÐUR Í NOTENDAÞJÓNUSTU
Reiknistofnun Háskóla Íslands óskar eftir að ráða starfsmann í notendaþjónustu.

Reiknistofnun er vel staðsett þjónustustofnun í mjög fjölbreyttu rekstrarumhverfi. Hugbúnaðarumhverfi eru Windows, Unix, Linux og MacOS. Áhersla er lögð á hátækni og símenntun í starfi.

Starfið felst aðallega í notendaþjónustu innan Háskólans, ráðgjöf og leiðbeiningum í gegnum síma, tölvupóst og heimasíðu. Auk þess sem starfsmaðurinn sér um viðhald á heimasíðu Reiknistofnunar og sinnir móttöku á tölvubúnaði starfsmanna. Í boði er áhugavert og krefjandi starf þar sem sjálfstæði og skipulagshæfileikar fá að njóta sín.

Hæfniskröfur
Leitað er að áhugasömum einstaklingum með menntun eða reynslu á sviði tölvuþjónustu. Grunnþekking á hug- og vélbúnaði er tengist notendaumhverfi. Lögð er áhersla á hæfileika í mannlegum samskiptum, sjálfstæð vinnubrögð og hópvinnu. Stúdentspróf eða sambærilegt próf er áskilið auk góðrar íslenskukunnáttu. Starfið hentar konum ekki síður en körlum og eru konur hvattar til að sækja um starfið.

Umsóknarfrestur er til 7. nóvember n.k.

Nánari upplýsingar veitir Albert Jakobsson, deildarstjóri RHÍ (aj@hi.is).

Sjá nánar á www.hi.is/page/storf og www.starfatorg.is

Við ráðningar í störf við Háskóla Íslands er tekið mið af jafnréttisáætlun skólans.
Háskóli Íslands v/Suðurgötu, 101 Reykjavík, s. 525 4000

Starfsfólk óskast

Shell stöðvarnar á höfuðborgarsvæðinu óska eftir starfsfólki í fullt starf og hlutastarf. Umsækjendur verða að vera fæddir 1987 eða fyrr og vera þjónustulundaðir, vinnusamir og áreiðanlegir.

Áhugasamir geta haft samband við Guðrúnu Helgu í síma 530 7900 eða á netfangið: gudrun.h@10-11.is

Hægt er að skila umsóknum á vefnum: www.10-11.is eða hjá verslunarstjórum á staðnum.

oasis

Leitum eftir metnaðarfullu starfsfólki með góða þjónustulund

Í fullt starf í verslanir okkar í Debenhams og Kringlunni.

Áhugasamir sendið umsókn með mynd á **oasis@oasis.is**

Verkefnastjóri

hagar

Hagar hf. óska eftir að ráða í starf verkefnastjóra á upplýsingasviði fyrirtækisins. Starfið felst að mestu í verkefnastjórnun smærri sem og stærri upplýsingatækniverkefna, þarfagreiningu, skjölun viðskiptaferla og ráðgjöf. Hér er um ögrandi verkefni að ræða fyrir öflugan einstakling sem hefur metnað til að sanna sig í starfi.

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Háskólamenntun, t.d. viðskiptafræði, tölvunarfræði eða verkfræði
- Mjög góð innsýn og áhugi á upplýsingatækni
- Reynsla ef verkefnastjórnun upplýsingatækniverkefna
- Reynsla af innleiðingu stærri upplýsingakerfa
- Góð þekking og reynsla á greiningarvinnu og skjölun
- Góð þekking á MBS Navision og eða öðrum ERP kerfum
- Innsýn í ferli aðfangakeðjunar (supply chain management) sem og almenn viðskiptaferli
- Skipulögð, nákvæm og öguð vinnubrögð
- Frumkvæði, metnaður og framúrskarandi samskiptahæfni
- Hæfni til að vinna í krefjandi og breytilegu umhverfi
- Góð enskukunnátta

Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir (helga@img.is) og Guðríður D. Hálfdanardóttir (gauja@img.is) hjá Mannafli - Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 31. október nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Mannafls - Liðsauka og senda jafnframt ferilskrá.

IMG MANNAFL LIÐSAUKI

Borgartúni 27
105 Reykjavik
Sími 540 7100
mannafl@img.is

Skipagötu 16
600 Akureyri
Sími 461 4440
www.mannafl.is

Forritari

parspro·com

Vegna aukinna verkefna óskar Parspro.com eftir að ráða forritara.

Hæfniskröfur:
- Þekking og reynsla á JSP og Java forritun
- Reynsla á SQL æskileg
- Öguð og skipulögð vinnubrögð
- Hæfni og geta til að tileinka sér nýja hluti
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Góð enskukunnátta

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem allra fyrst.

Parspro.com Ltd. er hugbúnaðarfyrirtæki sem sérhæfir sig í þróun og þjónustu við erlend veðmálsfyrirtæki. Sjá nánar á www.parspro.com

Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir (helga@img.is) og Guðlaugur Arnarsson (gudlaugura@img.is) hjá Mannafli - Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 30. október nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Mannafls - Liðsauka og senda jafnframt ferilskrá.

IMG MANNAFL LIÐSAUKI

Borgartúni 27
105 Reykjavik
Sími 540 7100
mannafl@img.is

Skipagötu 16
600 Akureyri
Sími 461 4440
www.mannafl.is

Lögfræðingur Akureyri

Ferðamálaráð Íslands
www.ferdamalarad.is

Ferðamálaráð Íslands leitar eftir lögfræðingi á skrifstofu sína á Akureyri í 60% stöðu. Starfsmaðurinn mun sinna almennum lögfræðistörfum með sérstakri vísan til framkvæmdar laga um skipan ferðamála. Vinnutími er eftir samkomulagi.

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Lögfræðimenntun
- Reynsla af lögfræðistörfum
- Góð tölvu- og íslenskukunnátta
- Sjálfstæð vinnubrögð og hæfni í mannlegum samskiptum

Samkvæmt lögum sinnir Ferðamálaráð Íslands ýmsum verkefnum í ferðaþjónustu. Stofnunin starfrækir fimm skrifstofur í fjórum löndum.
Helstu verkefni eru landkynning og markaðsmál, öflun upplýsinga um íslenska ferðaþjónustu og dreifing þeirra fyrir ferðamenn og söluaðila, umhverfismál, kannanir, gæðamál og fjölþjóðlegt samstarf.

IMG MANNAFL LIÐSAUKI

Umsjón með starfinu hafa Jónína Guðmundsdóttir (nina@img.is) og Sigríður Ólafsdóttir (sigridur@img.is) hjá Mannafli - Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 2. nóvember nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Mannafls - Liðsauka.

Borgartúni 27
105 Reykjavik
Sími 540 7100
mannafl@img.is

Skipagötu 16
600 Akureyri
Sími 461 4440
www.mannafl.is

mentis
HUGBÚNAÐUR

VIÐ LEITUM AÐ SNILLINGUM

Við leitum eftir forriturum með háskólagráðu í tölvunarfræði og a.m.k. 2-3 ára starfsreynslu. Metnaður, sjálfstæð og öguð vinnubrögð og brennandi áhugi á öllu sem viðkemur hugbúnaðarþróun eru skilyrði.

FORRITARI - Microsoft.NET

Þekking og reynsla af þróunarumhverfi Microsoft, sérstaklega þróun á veflausnum með ASP.NET.

FORRITARI - Delphi, C++ og PL/SQL

Þekking og reynsla af þróun á biðlarahugbúnaði með Delphi og Crystal Reports og þróun á miðlarahugbúnaði með C++ og Oracle PL/SQL.

Mentis hf. þróar hugbúnað fyrir fagaðila á fjármálamarkaði og í viðskiptavinahópnum eru nær eingöngu bankar, sparisjóðir, verðbréfafyrirtæki, fjármögnunarfyrirtæki, lífeyrissjóðir og önnur fyrirtæki og stofnanir sem tengjast fjármálamarkaði á Íslandi, í London og í Luxemborg. Starfsmenn Mentis vinna sjálfstætt og í hópi annarra sérfræðinga að vöruþróun, ráðgjöf og sérlausnum fyrir þessa kröfuhörðu viðskiptavini. Mentis hf. er að mestu leyti í eigu banka og sparisjóða. Nánari upplýsingar er að finna á **www.mentis.is.**

Umsjón með störfunum hafa Helga Jónsdóttir (helga@img.is) og Sigrún Ýr Jónsdóttir (sigrun@img.is) hjá Mannafli - Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 1. nóvember nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um störfin á heimasíðu Mannafls - Liðsauka.

Mentis hf | Sigtúni 41 | 105 Reykjavík | sími 570 7600 | info@mentis.is | www.mentis.is

Microsoft CERTIFIED Partner

IMG MANNAFL LIÐSAUKI

coast
opnar á Íslandi!

Breska verslunarkeðjan **Coast** opnar sína fyrstu verslun á Íslandi **í Smáralind þann 3. nóvember**.

Coast er hágæða vörumerki með tískufatnað fyrir konur á aldrinum 25–45 ára.

Sérstaða og styrkur **Coast** verslananna er hinn fallegi og vandaði fatnaður sem hannaður er fyrir sérstök tilefni. Einstök persónuleg þjónusta í stórglæsilegum verslunum er lýsandi fyrir **Coast**.

Leitum eftir metnaðarfullu starfsfólki með mikla þjónustulund í fullt starf eða hlutastörf.

Áhugasamir sendið umsókn með mynd á
oasis@oasis.is

Hvernig verður maður bókbindari?

Bókband er gamalgróin iðngrein innan bókagerðarinnar. Starf bókbindara er fjölbreytt en þeir vinna við allt sem viðkemur frágangi prentgripa svo sem bóka, eyðublaða, auglýsingabæklinga eða tímarita. Bókbindari á að geta veitt faglega ráðgjöf um hvernig best og hagkvæmast sé að vinna og ganga frá prentgripum, um efnisval og aðra þætti er lúta að bókbandi. Bókbinding fer nú að mestu fram í stórum og afkastamiklum vélasamstæðum og á bókbandsverkstæðum er meðal annars að finna tölvustýrðar brotvélar, upptökuvélar, límheftivélar, bindagerðavélar, rafknúna hnífa, vírheftivélar og saumavélar. Þó er enn hægt að finna vinnu við vandað handverk svo sem í sambandi við viðgerðir á gömlum bókum á bókasöfnum.

Bókbindarar koma að öllu sem viðkemur frágangi bóka.

NÁMIÐ

Áður en farið er í bókbandsnám verður viðkomandi að hafa lokið grunnnámi á upplýsinga- og fjölmiðlabraut. Bókbandsnámið tekur um þrjú ár, það er grunnnám auk sérnáms. Fjórar annir fara fram í skóla en síðan tekur við 48 vikna starfsþjálfun á vinnustað. Skólaskiptist í 58 eininga sameiginlegt grunnnám og 20 eininga sérnám. Með próf af upplýsinga- og fjölmiðlabraut, sem þreytt er við lok sérnáms í skóla, getur nemandi farið í starfsþjálfun hjá viðurkenndu fyrirtæki og lokið námi í bókbandi eða haldið áfram skólanámi á framhaldsskólastigi, til dæmis til stúdentsprófs. Að lokinni starfsþjálfun gengst nemandi undir sveinspróf í bókbandi er veitir rétt til starfa í iðninni og til inngöngu í nám til iðnmeistaraprófs.


Bókbinding fer að miklu leyti fram í vélum námið

HELSTU NÁMSGREINAR

Í grunnnámi eru almennar bóklegar greinar svo sem íslenska, danska, enska og stærðfræði. Bóklegar og verklegar faggreinar grunnnáms eru meðal annars efnis- og pappírsfræði, hljóðtækni, ljós- og litafræði, markviss tölvunotkun, myndbygging og formfræði, myndvinnsla og margmiðlun, texti og textameðferð, vefsíðugerð og myndbandagerð.

Í sérnámi bókbands er kennt um handbókband og vélbókband, pappír, brot og brotvélar, upptökuvélar, heftivélar, saumavélar, gerð harðspjalda, gyllingu, skurð og hnífa, bókaviðgerðir og tölvustýringar svo fátt eitt sé nefnt.

AÐ NÁMI LOKNU

Bókbindarar vinna helst í prentsmiðjum og á bókbandsstofum.

FRAMHALDSMENNTUN

Hægt er að fara endurmenntunarnámskeið á vegum Prenttæknistofnunar.

Bókbindarar taka meðal annars að sér gylla bækur

Reykjavíkurborg
- Einn vinnustaður

VILTU VINNA MEÐ BÖRNUM Á VETTVANGI FRÍTÍMANS?

ÍTR vantar starfsfólk í **20-50%** stöður á frístundaheimilin í Reykjavík. Einnig er laus **70-100%** staða á frístundaheimilinu Laugarseli í Laugarnesskóla.

Frístundaheimilin bjóða upp á fjölbreytt tómstundastarf fyrir 6-9 ára börn þegar hefðbundnum skóladegi lýkur. Frístundaheimili eru starfandi við alla grunnskóla Reykjavíkurborgar. Breytt samfélag kallar á fleiri starfsmenn og aukna fagmennsku í starfi með börnum á vettvangi frítímans. Í frítímanum á að vera gaman en frítíminn er einnig kjörinn til að fást við þroskandi og krefjandi verkefni.

Nánari upplýsingar um þessi störf eru veittar hjá starfsmannaþjónustu ÍTR í síma 510 6600. Umsóknareyðublöð og nánari upplýsingar um laus störf er að finna á heimasíðunni www.itr.is.

ÍTR

Þróttar- og tómstundasvið Reykjavíkur, Frikirkjuvegi 11, 101 Reykjavík, sími: 510 6600, fax: 510 6610, netfang: itr@itr.is, vefslóð: www.itr.is

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf

Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

Reykjavíkurborg
- Einn vinnustaður

ÞJÓNUSTU- OG REKSTRARSVIÐ

Eldhús – Bólstaðarhlíð 43

Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða óskar að ráða starfsmann í móttökueldhús í Félags- og þjónustumiðstöðina Bólstaðarhlíð 43 í 75% starf vegna afleysingar í 3 til 4 mánuði.

Hæfniskröfur:
- Lipurð í mannlegum samskiptum.
- Sveigjanleiki.

Starfssvið:
- Aðstoð við móttöku og sölu á aðsendum mat.
- Aðstoð við kaffisölu.
- Almenn eldhússtörf þ.m.t. frágangur í matsal og eldhúsi.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.
Launakjör samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Eflingar-stéttarfélags.

Nánari upplýsingar veitir Jóna Þ. Vernharðsdóttir verkefnisstjóri í síma 535 2760,
netfang: jona.th.vernhardsdottir@reykjavik.is

Stuðningur við fólk með fötlun

Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða óskar að ráða starfsmann til að aðstoða og styðja fólk með fötlun sem býr í sjálfstæðri búetu í Íbúðakjarnanum Skúlagötu 46 í afleysingar í 3 mánuði.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Starfshlutfall 70 til 100%.
Laun samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Eflingar – stéttarfélags.
Nánari upplýsingar veitir Harpa Rún Jóhannsdóttir deildarstjóri í síma 411 1600,
netfang: harpa.run.johannsdottir@reykjavik.is

Heimaþjónusta og liðveisla

Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Vesturgarður leitar að áhugasömu og drífandi fólki til að sinna fjölbreyttum störfum í heimaþjónustu, liðveislu við fólk með fötlun og stuðning við börn, unglinga og fjölskyldur þeirra.

Margvísleg reynsla kemur að notum og njóta starfsmenn leiðsagnar og stuðnings í starfi frá reyndum fagmönnum. Þjónustumiðstöðin er góður vinnustaður með jákvæðum starfsanda sem býður upp á sveigjanlegan vinnutíma. Hvort sem þú ert að leita að framtíðarstarfi eða vantar vinnu með skóla, hafðu samband og við munum taka vel á móti þér og finna starfshlutfall sem hentar.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags.

Nánari upplýsingar veitir Droplaug Guðnadóttir í síma 562 2571, netfang: droplaug.gudnadottir@reykjavik.is

Umsóknum skal skilað á Félags- og þjónustumiðstöðina Aflagranda 40, 107 Reykjavík fyrir 6. nóvember næstkomandi.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf

Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

Þjónustu- og rekstrarsvið fer með þjónustu, innkaupamál, upplýsingatækni og rekstur. Nýstofnaðar þjónustumiðstöðvar í hverfum heyra undir sviðið, innkaupa- og rekstrarskrifstofa, skrifstofa þjónustu- og upplýsingatækni, upplýsingatæknimiðstöð og símaver.

DALE CARNEGIE® ÞJÁLFUN
Sími 555 7080

Dale Carnegie á Íslandi
– Skrifstofustjóri, hlutastarf

Dale Carnegie á Íslandi er vaxandi fyrirtæki á sviði þjálfunar og mannauðsstjórnunar. Markmið okkar eru að hjálpa einstaklingum að skara fram úr og fyrirtækjum að auka hagnað. Dale Carnegie er alþjóðlegt fyrirtæki með starfsemi í yfir 80 löndum.

Óskað er eftir starfsmanni í hlutastarf til að sjá um skrifstofu. Í starfinu felst meðal annars:

- Vinna við bókhald
- Skýrslugerð
- Bréfaskriftir
- Samskipti við útlönd
- Panta aðföng
- Önnur almenn skrifstofustörf

Hæfniskröfur:
- Stúdentspróf og helst menntun í viðskiptum eða skrifstofutækni
- Reynsla í að færa bókhald og skila því til endurskoðanda
- Enskukunnátta
- Tölvukunnátta
- Skipulag
- Góð kunnátta í Word og Excel
- Góð mannleg samskipti

Við leitum eftir einstaklingi sem er ákveðinn, skipulagður, jákvæður og hefur góða þjónustulund.

Starfið telst vera 65% starf og er vinnutími sveigjanlegur.

Áhugasamir eru beðnir að senda umsókn og ferilskrá á netfangið *upplysingar@dalecarnegie.is*

www.dalecarnegie.is

GECA
BRAUTRYÐJENDUR Í UMHVERFISVÆNUM BYGGINGARLAUSNUM
O2

Framkvæmdastjóri óskast

Byggingaverkfræðingur/byggingatæknifræðingur

GECA hf. Akranesi leitar að byggingaverkfræðingi eða bygginga-tæknifræðingi til að annast daglega stjórnun á fyrirtækinu og taka þátt í kynningum á Geca einingum hérlendis sem erlendis.

GECA hf. var stofnað árið 1999 með það að markmiði að reisa verksmiðju hér á landi til framleiðslu nýrrar tegundar byggingaeininga sem byggði á einkaleyfisverndaðri framleiðsluaðferð og hefja að því loknu sölu á tækniþekkingu til uppsetningar slíkra verksmiðja á alþjóðlegum markaði.

Æskilegt er að umsækjendur hafi reynslu í hönnun bygginga.

Nánari upplýsingar gefur Gunnar M. Hansson í síma 892 51 25.

Umsækjendur eru beðnir um að senda umsóknir og ferilsskrá á póstfang *gmh@geca.is* sem allra fyrst.

Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar

Lausar stöður

Áslandsskóli
(585 4600 leifur@aslandsskoli.is)
Enskukennsla í unglingadeildum
Almenn kennsla á yngsta stigi

Stekkjarás
(517 5920 stekkjaras@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennari eða þroskaþjálfi óskast til starfa við stuðning á eldri deild.

Allar upplýsingar veita skólastjórar viðkomandi skóla.

Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um störfin.

Fræðslustjórinn í Hafnarfirði

HAFNARFJÖRÐUR

Frutiger Roman 7p/8,4 VELKOMIN TIL HAFNARFJARÐAR!

Frutiger Roman 6,5p/10 Hafðu samband og fáðu frekari upplýsingar um Hafnarfjörð og margvíslega starfsemi á vegum sveitarfélagsins hjá þjónustuveri bæjarins í **síma 585 5500** og á heimasíðunni **www.hafnarfjordur.is**

Reykjavíkurborg
- Einn vinnustaður

STJÓRNSÝSLU- OG STARFSMANNASVIÐ

Reykjavíkurborg auglýsir laust starf fjármálaráðgjafa

Starf fjármálaráðgjafa á Stjórnsýslu- og starfsmannasviði Reykjavíkurborgar er auglýst laust til umsóknar. Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi sem er opinn fyrir tækifærum og reiðubúinn til að sýna frumkvæði í störfum og samskiptum.

Stjórnsýslu- og starfsmannasvið er til húsa í Ráðhúsi Reykjavíkur og fer með forystuhlutverk í stjórnsýslu og starfsmannamálum borgarinnar. Sviðið ber m.a. ábyrgð á nýbreytni á sviði stjórnsýslu og aðstoð við stjórnkerfisbreytingar, stjórnsýslueftirliti, vinnuréttarmálum, undirbúningi kjarasamninga, eftirliti með framkvæmd kjarasamninga og stefnumótun og eftirliti með framkvæmd starfsmannastefnu borgarinnar. Sviðið hefur umsjón með mannauðs- og launaafgreiðslukerfi borgarinnar, launa- og frádráttarskilum og launaeftirliti. Greining á starfsmannakostnaði og kostnaði við verklag í stjórnsýslunni er undirstaða ýmiss konar úrbóta og hagræðingar sem sviðinu er ætlað að standa vörð um.

Sviðið er í mótun en gert er ráð fyrir að fjármálaráðgjafi sinni í upphafi verkefnum tengdum miðlægu launaeftirliti, afstemmingum við fjárhagsbókhald og áramótauppgjöri launabókhalds, þó svo að þau verði ekki til frambúðar á verksviði fjármálaráðgjafa.

Ábyrgðarsvið
- Kostnaðargreining og eftirlit
- Greining á starfsmanna- og stjórnsýslukostnaði hjá Reykjavíkurborg

Helstu verkefni fjármálaráðgjafa
- Þróun lykiltölugreiningar á starfsmannaútgjöldum Reykjavíkurborgar
- Frumkvæði að tillögum um hagkvæmni og skil virkni í stjórnsýslu- og starfsmannamálum
- Kostnaðargreining vegna kjarasamninga
- Mat á árangri við framkvæmd kjarasamninga

Menntunar- og hæfniskröfur
- Háskólamenntun á sviði fjármála-, viðskipta- eða rekstrarfræða
- Skipulagshæfileikar, frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Færni í mannlegum samskiptum
- Nákvæmni, sjálfstæði og góð tölvukunnátta
- Hæfni til að setja fram mál í ræðu og riti
- Reynsla af námskeiðahaldi og fræðslu æskileg

Starf fjármálaráðgjafa heyrir beint undir sviðsstjóra Stjórnsýslu- og starfsmannasviðs. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags.

Nánari upplýsingar um starfið veita Soffía Kjaran, þjónustustjóri Stórnsýslu- og starfsmannasviðs, (*soffia.kjaran@reykjavik.is*) og Helga Jónsdóttir, sviðsstjóri Stjórnsýslu- og starfsmannasviðs, (*helga.jonsdottir@reykjavik.is*) í síma 411-4200.

Umsóknir skulu berast eigi síðar en föstudaginn 11. nóvember nk. Umsóknum skal skila til þjónustustjóra Stjórnsýslu- og starfsmannssviðs í Ráðhúsi Reykjavíkur eða á netfangið *soffia.kjaran@reykjavik.is*, merktum fjármálaráðgjafi Stjórnsýslu- og starfsmannasvið.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf

Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

RÆSTIR ehf.

VANTAR STARFSFÓLK Í ÝMISS STÖRF T.D.

Störf við bóningu, ræstingu á vél eða alþrif:
- 100% starf í vaktavinnu við bóningu, ræstingu á vél og ýmiss alþrif.
- Hlutastörf við bóningu, ræstingu á vél og ýmiss alþrif.
- Ræsting á vél Grafarvogur, virka daga fyrir hádegi.

Hefðbundin ræstingastörf í fyrirtækjum:
- Ræsting Skútuvogi, frá 10-14 eða 11-15 virka daga.
- Ræsting Hafnarfjörður frá 16-19 virka daga.
- Afleysing og hlutastörf við ræstingu frá 8-12 fyrir hádegi.

Umsækjendur hringið í síma 897 1012 um helgina eða í síma 533 6020 á skrifstofutíma. Einnig má sækja um á netfanginu *raestir@raestir.is*

Verkstjóri

Reykjagarður hf. óskar eftir að ráða verkstjóra í hrávinnslu-/frumvinnsludeild fyrirtækisins **á Hellu.**
Viðkomandi mun annast verkstjórn í frumvinnslu og pökkun.

Gert er ráð fyrir að viðkomandi taki virkan þátt í vöruþróun hjá fyrirtækinu.

Menntunar- og hæfniskröfur:
Umsækjandi þarf að hafa marktæka reynslu af verkstjórn í matvælaiðnaði(kjötvinnslu/sjávarútvegi)
Nauðsynlegt er að viðkomandi sé menntaður á sviði kjötvinnslu eð annarri matvælavinnslu
Áhersla er lögð á að viðkomandi hafi góða stjórnunarhæfileika, frumkvæði og metnað til árangurs ásamt lipurð
í mannlegum samskiptum og góða samstarfshæfni

Holta-hjúklingur
Reykjagarður hf

Reykjagarður hóf eggja- og kjúklingaframleiðslu árið 1978 og er eitt af leiðandi fyrirtækjum landsins á sviði kjúklingaræktunar og framleiðslu.
Félagið starfar alfarið á innnlendum markaði og eru viðskiptavinir fyrirtækisins margar helstu verslunarkeðjur landsins auk þekktra veitingahúsa, skyndibitastaða og mötuneyta.
Reykjagarður er markaðsdrifið framleiðslufyrirtæki og er aðalvörumerki félagsins Holtakjúklingur, en annað vörumerki félagsins er Eldfugl, sem nær yfir eldaða og tilbúna kjúklingarétti.

IMG MANNAFL LIÐSAUKI

Umsjón með starfinu hafa Hilmar G. Hjaltason (hilmar@img.is) og Guðríður D. Hálfdanardóttir (gudridur@img.is) hjá Mannafli - Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 30. október nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Mannafls - Liðsauka.

Laugavegi 170
105 Reykjavik
Sími 540 7100
mannafl@img.is

Skipagötu 16
600 Akureyri
Sími 461 4440
www.mannafl.is

Domino's Pizza

Domino's Pizza óskar eftir starfsmönnum í fullt starf

Domino's Pizza er fjölbreytilegur og liflegur vinnustaður með kraftmiklum og litríkum hóp starfsmanna með ólíkan bakgrunn. Hjá Domino's starfa 350 starfsmenn í 15 deildum.

Stjórnendur fyrirtækisins vita að starfsmennirnir eru dýrmætasta auðlind þess og leggja áherslu á að góður starfsandi ríki í öllum verslunum. Mikið er lagt upp úr símenntun og annarri þjálfun auk þess sem möguleikar til starfsþróunar innan fyrirtækisins eru miklir.

Nánari upplýsingar gefur starfsmannastjóri, Helga Fjóla Sæmundsdóttir, í síma 585-0800.

Áhugasamir sæki um á www.dominos.is

Um er að ræða :

- Starf þjónustufulltrúa í símaveri
- Starf bílstjóra í Ánanaustum

Getum einnig bætt við nokkrum starfsmönnum í hlutastarf!!

Handtölvur ehf. - handPoint
- leitar að starfsfólki

Vegna aukinna verkefna erlendis leitum við að hæfileikaríku fólki í hugbúnaðargerð og tæknivinnu. Um er að ræða spennandi störf fyrir einstaklinga sem hafa hæfni til þess að vinna sjálfstætt, búa yfir góðum samskiptahæfileikum og sýna frumkvæði og metnað í starfi.

Forritari

Leitum að einstaklingi með háskólagráðu í verk-, kerfis- eða tölvunarfræði og reynslu af C/C++ forritun. Kostur væri ef viðkomandi hefði reynslu af handtölvuforritun. Verkefnin felast í hönnun og forritun á hugbúnaði fyrir innlendan og erlendan markað ásamt þjónustu við viðskiptavini. Enskukunnátta skilyrði.

Tæknimaður

Leitum að einstaklingi með tæknimenntun og/eða reynslu af tæknivinnu, uppsetningum á tölvubúnaði og samskiptum við viðskiptavini. Kostur væri ef viðkomandi hefði reynslu af vélbúnaðarviðgerðum. Enskukunnátta skilyrði.

handPoint - Handtölvur er lítið hugbúnaðarfyrirtæki sem stofnað var árið 1999 og sérhæfir sig í hugbúnaðarlausnum fyrir handtölvur. Fyrirtækið er með starfsemi á Íslandi og í Bretlandi og viðskiptavinir fyrirtækisins eru íslenskar og erlendar verslunarkeðjur, heildsölur og flugfélög. Í boði eru spennandi störf fyrir einstaklinga sem vilja vinna að sibreytilegum verkefnum í góðu og fámennu starfsumhverfi.

Vinsamlegast sendið umsóknir ásamt ferilskrám á applications@handpoint.com

Sími: 544-4321
www.handtolvur.is
www.handpoint.com

Vilt þú vera með í ferskasta liði landsins?

10-11 óskar eftir duglegu og jákvæðu starfsfólki í fullt starf og hlutastarf í verslanir 10-11. Umsækjendur þurfa að vera 18 ára á árinu, þjónustulundaðir, vinnusamir og áreiðanlegir. Margs konar vaktir eru í boði.

Margvísleg fríðindi fylgja starfinu.

Umsækjendur fylli út umsókn á www.10-11.is eða sendi ferilskrá til Guðrúnar Helgu, gudrun.h@10-11.is. Hún veitir einnig nánari upplýsingar.

10-11 er framsækið fyrirtæki í örum vexti. 10-11 er fremsta þægindaverslun landsins með 35 verslanir, þar af 31 á höfuðborgarsvæðinu. Velgengni sína þakkar fyrirtækið fyrst og fremst starfsfólki sínu. Því er ætíð lögð áhersla á að gott fólk veljist til starfa.

10-11 ... þegar þér hentar

HÓTEL ÖRK

MIKIL VINNA / AUKAPENINGUR
í nóvember og desember

Vegna mikilla anna fimm helgar fyrir jól vantar okkur á Hótel Örk framreiðslufólk í veitingasali okkar. Við bjóðum m.a. upp á eftirfarandi:

- Mikla vinnu frá föstudagssíðdegi til sunnudagskvölds. Vinnutími cirka 17-04 á föstudegi, 16-04 á laugardegi og 14-19 á sunnudegi
- Frítt fæði
- Fría gistingu í Hveragerði fyrir þá sem þess óska.
- Fríar rútuferðir frá og til Reykjavíkur fyrir þá sem þess óska.

Taktu þátt í jólagleðinni með okkur!

Við leitum eftir duglegu fólki, vönu jafnt sem óvönu, sem tilbúið er að leggja á sig mikla vinnu á skömmum tíma.

Nánari upplýsingar veitir Berglind, veitingastjóri Hótel Arkar, í síma 483 4700
veitingar@hotel-ork.is

VEISLUR - FUNDIR - RÁÐSTEFNUR

Skemmtilegast að klæða brúðarskó

Hafþór Edmund Byrd hefur verið skósmiður í tæp fjörtíu ár en hann lærði til skósmiðs hjá. Sigurbirni Þorgeirssyni á Hjarðarhaga og hefur rekið skóvinnustofu í Garðastræti lengstan þann tíma sem hann hefur starfað sem skósmiður.

„Það hafa orðið miklar breytingar í tækni, límingum og vinnu," segir Hafþór um þróun starfsins frá því hann hóf störf sem skósmiður. Hafþór segir að það hafi líka verið sveiflur í því hvort að fólk notfærir sér þjónustu skósmiða eða ekki. „Það var mikið að gera fyrir einhverjum árum en svo kom niðursveifla. Núna er hins vegar aftur orðið mjög mikið að gera." Hafþór segir að skór séu ekki eins vandaðir og áður. „Það er hægt að gera við allt en ef þetta eru ódýrir og lélegir skór borgar sig stundum bara að kaupa nýja frekar en að kosta miklu í viðgerðir."

Hafþór segist hafa verið aðeins í því á tímabili að búa sjálfur til skó en síðan hafi ekki gefist tími til þess vegna viðgerða. „Við erum bara í því sem aðrir gera ekki. Við gerum við hæla sem eru brotnir og við höfum verið að breyta skóm fyrir leikfélög og búa til trúðaskó. Svo höfum við verið að klæða brúðarskó en það er það sem mér finnst lang skemmtilegast."

Hafþór segir að sumir viðskiptavinir eigi það til að draga það ansi lengi að sækja skóna sína. „Það er fólk sem notar skóvinnustofur bara eins skógeymslur. Sumir sækja skóna sína seint og síðarmeir og aðrir bara aldrei." Hann segir að hann reyni að geyma skóna í svona ár en svo sé þeim bara hent. „Hér áður fyrr var reyndar alltaf hægt að selja ósótta karlmannsskó en það er ekki hægt lengur."

emilia@frettabladid.is

Hafþór Edmund Byrd á Skóvinnustofu Hafþórs í Garðastræti.

KÓPAVOGSBÆR

LAUS STÖRF

Byggingarfulltrúi/bæjarskipulag:
- Skrifstofustarf
- Afgreiðslustarf

Félagsþjónusta:
- Aðstoð við heimilisstörf
- Félagsleg heimaþjónusta
- Félagsráðgjafi
- Starf með fötluðum drengjum

Íþróttamiðstöðin Versalir:
- Helgarvinna baðv/afgr. karla og kvenna
- Hlutastarf baðvarsla kvenna

Sundlaug Kópavogs:
- Laugarvarsla/baðvarsla kvenna 80%

GRUNNSKÓLAR KÓPAVOGS:

Digranesskóli:
- Stuðningsfulltrúi tímab.hlutast.
- Gangav/ræstir

Hjallaskóli:
- Tölvu og upplýsingatækni st.k.
- Forfallakennari

Kársnesskóli:
- Íþróttakennari,16 st. á viku
- Forfallakennari
- Dægradvöl

Kópavogsskóli:
- Forfallakennari

Lindaskóli:
- Gangavörður/ræstir

Salaskóli:
- Dægradvöl

Smáraskóli:
- Stuðningsfulltrúi 50%

Snælandsskóli:
- Dægradvöl
- Gangavörður/ræstir 30 – 50%

LEIKSKÓLAR KÓPAVOGS:

Arnarsmári:
- Leikskólakennarar

Álfaheiði:
- Leikskólakennari

Álfatún:
- Leikskólakennari

Efstihjalli:
- Leikskólakennari

Fagrabrekka:
- Matráður
- Sérkennslustjóri

Fífusalir:
- Deildarstjóri
- Leikskólakennari

Grænatún:
- Leikskólasérk./leiksk.k./þroskaþj.
- Starfsmaður í ræstingu

Kópahvoll:
- Leikskólakennari

Kópasteinn:
- Leikskólakennari
- Starfsm. á deild

Núpur:
- Leikskólakennarar
- Matráður

Rjúpnahæð:
- Leikskólakennari
- Leiksk.sérk./þroskaþj.

Smárahvammur:
- Leikskólakennari

Nánari upplýsingar á:
www.kopavogur.is
og *www.job.is*

Reykjavíkurborg
Menntasvið

Grunnskólar Reykjavíkur

Staða skólastjóra Öskjuhlíðarskóla

Laus er staða skólastjóra við Öskjuhlíðarskóla frá og með 1. janúar 2006. Skólinn, sem er einn af grunnskólum Reykjavíkur, er sérskóli fyrir þroskahefta nemendur í 1.-10. bekk. Tæplega 100 nemendur, sem búsetu eiga í ýmsum sveitarfélögum auk Reykjavíkur, eru í skólanum.

Markmið skólastarfsins er að gera nemendur hæfa til þátttöku í samfélaginu á sem flestum sviðum. Lögð er áhersla á einstaklingsmiðað nám nemenda, samstarf fagstétta um skipulagningu námsins og skapandi og lifandi starf, m.a. í gegnum myndlist, leiklist og tónlist.

Skólinn sinnir ráðgjöf varðandi sérkennslu til kennara og annarra fagstétta í almennum grunnskólum.

Meginhlutverk skólastjóra er að:
- vera leiðtogi skólans og veita faglega forystu á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi
- bera ábyrgð á daglegri starfsemi og rekstri skólans

Leitað er að umsækjanda sem:
- hefur kennaramenntun, en framhaldsmenntun á sviði sérkennslu og stjórnunar er æskileg
- hefur stjórnunarhæfileika og reynslu af stjórnun
- hefur reynslu af kennslu og vinnu með börnum og unglingum
- er lipur í mannlegum samskiptum

Reykjavíkurborg leggur áherslu á þróun skóla í átt til einstaklingsmiðaðs náms, samvinnu nemenda, sterka sjálfsmynd þeirra og skóla án aðgreiningar. Auk þess er lögð áhersla á að styrkja tengsl skóla við grenndarsamfélagið og sjálfstæði skóla.

Umsóknum fylgi yfirlit yfir nám og störf og gögn er varða frumkvæði á sviði skólamála, greinargerð um hugmyndir umsækjenda um framkvæmd skólastarfsins, auk annarra gagna er málið varðar. Umsóknarfrestur er til 24.október 2005. Umsóknir sendist Menntasviði Reykjavíkur, Fríkirkjuvegi 1, 101 Reykjavík. Upplýsingar gefa Anna Kristín Sigurðardóttir, anna.kristin.sigurdardottir@reykjavik.is og Auður Jónsdóttir, audur.jonsd@reykjavik.is og í síma 411 7000.

Laun eru skv. kjarasamningi LN og KÍ.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf

Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

Menntasvið annast starfsemi og rekstur grunnskóla og leikskóla. Í því felst þróun grunnskóla- og leikskólastarfs, undirbúningur stefnumörkunar, mat og eftirlit með skólastarfi og upplýsingamiðlun fyrir menntaráð og starfshópa á vegum ráðsins.

AMERICAN STYLE

Við viljum þig!

Ef þú vilt vera hluti af frábærri liðsheild og vinna á líflegum vinnustað erum við með eftirtalin störf í boði á nýjum American Style veitingastað að Bildshöfða 14 í Reykjavík:

AÐSTOÐAR REKSTRARSTJÓRI:

Verksvið:
- *Yfirmaður staðarins á kvöld- og helgarvöktum*
- *Uppgjör*
- *Talningar*
- *Þrif*

Hæfniskröfur:
- *Góð/ur í mannlegum samskiptum*
- *Þjónustulipurð*
- *Jákvæðni og dugnaður*
- *Geta unnið vel undir álagi*

Unnið er 2-3 kvöld í viku og aðra hverja helgi. Miðað er við að umsækjendur séu 30 ára og eldri. Starfið hentar jafnt konum sem körlum.

VAKTSTJÓRI Á GRILLI:

Verksvið:
- *Yfirmaður á grilli*
- *Starfar með grillurum*
- *Ber ábyrgð á gæðum*
- *Þrif*

Hæfniskröfur:
- *Góð/ur í mannlegum samskiptum*
- *Dugnaður*
- *Skipulögð og ögguð vinnubrögð*
The conference will take place **Friday 28th of October 2005** at the **Nordica Hotel, Sudurlandsbraut 2, 108 Reykjavik.**

For more information visit the Seed Forum Iceland website:
http://www.seedforum.is

REGISTRATION

Seats are limited and are assigned on a first-come, first served basis and admission fee is ISK 8.000.

Register Early!

Register at **http://www.seedforum.is** or call **570 7267**

The British Ambassador, Alp Mehmet, would be delighted if participants could join him for informal drinks at 17:00 at his residence.

UK TRADE & INVESTMENT

AGENDA

08:30	REGISTRATION
09:00	OPENING Ólafur Ragnar Grímsson, The President of Iceland
09:00	SPEAKERS Steinar Hoel Korsmo, CEO Seed Forum International Foundation Guðfinna S. Bjarnadóttir, Rector of Reykjavik University Þórður Friðjónsson, President and CEO of Icex
10:00	BUSINESS OPPORTUNITIES **White Shark** (Sweden) Robert Rhodin **3-Plus** (Iceland) Ingólfur Garðarsson **Tidal Sails** (Norway) Are Børgesen **BlueFish** (Sweden) Karl Karlsson **Stiki** (Iceland) Ragnheiður Guðmundsdóttir **XScreens** (Norway) Jan Otto Reimers **Caoz** (Iceland) Hilmar Sigurðsson **Mentis Cura** (Iceland) Kristinn Johnsen **Metafax** (Norway) Niels Gregusson
12:30	LIGHT BUFFET LUNCH **Chairman Jón Helgi Egilsson,** Chairman of Seed Forum Iceland

Our supportors include:



Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi.
Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com.
Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

		9		6		8		
8	1		5		2		6	
4					3		5	7
1	7		2	9	5			
		2				9		
			6	7	8		3	1
3	6		4					8
	5		7		1		9	4
		4		2		5		

Lausn á gátu gærdagsins

6	8	7	4	9	1	2	3	5
3	2	9	7	5	6	8	1	4
4	5	1	2	8	3	7	6	9
9	7	8	1	3	5	4	2	6
2	4	3	8	6	7	9	5	1
5	1	6	9	2	4	3	8	7
1	6	2	3	7	9	5	4	8
8	9	4	5	1	2	6	7	3
7	3	5	6	4	8	1	9	2

STUÐ MILLI STRÍÐA Jólaskraut í geymslunni

MARTA MARÍA JÓNASDÓTTIR ER FARIN AÐ UNDIRBÚA JÓLIN.

Fyrir viku hringdi vinkona mín í mig og sagði mér að hún væri byrjuð að undirbúa jólin. Búin að kaupa jólapappír, velja litaþema á jólatréð og kaupa jólaskraut. Í framhjáhlaupi spurði hún hvort ég væri búin að gera slíkt hið sama. Þegar ég neitaði því sagði hún mér að ég myndi missa af lestinni ef ég myndi ekki drífa mig af stað og það þyddi ekkert að kaupa jólapappír og svoleiðis rétt fyrir jólin því þá væri allur fallegasti pappírinn búinn. Ég yrði því að drífa mig í IKEA ef ég ætlaði að fá eitthvað.

Án þess að hugsa mig um dró ég betri helminginn í bíltúr með það að markmiði að kíkja á jóladótið.

Þegar við komum að jólahorninu blasti dýrðin við. Gullitaðar jólakúlur, silfurlitað glingur og loðnar bleikar kúlur í allri sinni dýrð.

Ég fylltist valkvíða en mundi þá skyndilega eftir að eiga ógrynni af silfurkúlum heima og kannski væri ekkert fengið með því að skipta algerlega um þema. Ég valdi mér því hangandi stjörnur í silfurlit og kristalsbönd úr 100% plasti ásamt jólaslaufum á pakka og jólapappír. Þegar ég kom heim rankaði ég við mér og hugsaði með mér hvað ég væri sturluð. Það versta er að ég er ekki ein um það. Núna er nýja jóladótið komið niður í geymslu og bíður spennt eftir að komast á jólatréð. Ætla bara að vona að athyglisbresturinn nái ekki yfirhöndinni og ég muni eftir þessu fína jólaskrauti þegar ég fer að skreyta. Það væri alveg eftir mér að steingleyma því bara og muna eftir því næsta sumar.

myndasögur

pondus

Eftir Frode Överli

Pú og pa

Eftir SÖB



Söngleikur um Imeldu Marcos

Áhugamenn um umdeilda stjórnmálamenn og fjölskyldur þeirra komast senn í feitt því tónlistarmennirnir Norman Cook, betur þekktur sem Fatboy Slim, og David Byrne, fyrrum söngvari Talkin Heads, sitja nú sveittir við að semja söguþráð og tónlist fyrir poppsöngleik byggðan á ævi hinnar alræmdu Imeldu Marcos, fyrrverandi forsetafrúar á Filippseyjum.

Hugmyndin að verkinu er runnin undan rifjum Byrnes og ber heitið Here lies love, eða Hér hvílir ástin. Það er óhætt að segja að ævi „Stálfiðrildisins“, eins og Imelda er gjarnan uppnefnd heima fyrir, hefur verið ævintýraleg mjög. Á árunum 1968 til 1986 sátu hjónakornin Ferdinand og Imelda Marcos á valdastóli á Filippseyjum og var forsetafrúin sérstaklega vinsæl til að byrja með. Þegar harðna tók á dalnum dvínuðu vinsældir þeirra hins vegar, sérstaklega Imeldu sem þótti full höll undir hið ljúfa líf. Árið 1986 var Ferdinand steypt af stóli og hjónin flúðu til Hawaí. Öðru fremur varð risastórt skósafn Imeldu táknmynd fyrir íburðarmikils lífstíls hjónanna á meðan efnahagur landsins var í rjúkandi rúst. Fleira forvitnilegt var þó að finna í fataskápum forsetafrúarinnar, þar á meðal skotheldur brjóstahaldari.

Ferdinand lést í útlegð árið 1989 en Imelda sneri síðar aftur til Filippseyja og bauð sig meira að segja fram til forseta en með engum árangri. Um miðjan 10. áratuginn var hún sakfelld fyrir spillingu en áfrýjunardómstóll sýknaði hana. Hún býr nú í Maníla, höfuðborg Filippseyja.



DAVID BYRNE Átti hugmyndina að söngleiknum um gjálífi Imeldu Marcos sem frumsýna á í mars.

Þó ævi Imeldu sé sannarlega efniviður í heilan sagnabálk mun söngleikurinn fyrst og fremst bregða ljósi á ástríðu Imeldu fyrir diskótónlist og næturklúbbum, en hún lét meðal annars koma fyrir diskóteki í íbúð sinni í New York og bauð þangað stjórnmálamönnum, vopnasölum, tónlistarmönnum og þotuliði hvaðanæva að úr heiminum í villt teiti.

Stefnt er að því að frumsýna Hér hvílir ástin í Ástralíu í mars á næsta ári.

IMELDA MARCOS Auk þúsunda skópara vakti athygli að hún átti skotheldan brjóstahaldara í fataskáp sínum.

BORGARLEIKHÚSIÐ

Stóra svið

Salka Valka
Su 30/10 kl. 20 Græn kort Fi 3/11 kl. 20 Blá kort
Lau 12/11 kl. 20 Fi 17/11 kl. 20
Fi 24/11 kl. 20 Fö 25/11 kl. 20

Woyzeck
Í samstarfi við Vesturport og Barbican Center
Fi 27/10 kl.20 Forsýning UPPSELT
Fö 28/10 kl. 20 Frumsýning UPPSELT
Lau 29/10 kl. 20 Gul kort Lau 5/11 kl. 20 Rauð kort
Fi 10/11 kl. 20 Græn kort Fö 11/11 kl. 20 Blá kort

Híbýli vindanna
Í kvöld kl. 20 Síðasta sýning

Kalli á þakinu
Í dag kl. 14 UPPSELT Su 30/10 kl. 14 UPPSELT
Su 6/11 kl. 14 Su 13/11 kl. 14

TVENNUTILBOÐ
Ef keyptur er miði á Híbýli vindanna og Lífsins tré fæst sérstakur afsláttur

Nýja svið/Littla svið

Lífsins tré
Fi 27/10 kl. 20 FRUMSÝNING UPPSELT
Fö 28/10 kl. 20 UPPSELT
Fi 3/11 kl. 20 UPPSELT Fö 4/11 kl. 20
Lau 5/11 kl. 20 Fi 10/11 kl. 20 Fö 11/11 kl. 20

Alveg brilljant skilnaður
Í kvöld kl. 20 UPPSELT Þr 25/10 kl. 20 UPPSELT
Lau 29/10 kl.20 UPPSELT Su 30/10 KL. 20 UPPSELT
Su 6/11 kl. 20 AUKASÝNING
Su 13/11 kl. 20 AUKASÝING

Manntafl
Lau 12/11 kl. 20:00

Forðist okkur
Eftir Hugleik Dagsson. Nemendaleikhúsið í samvinnu við leikhópinn CommonNonsense
Aðeins sýnt í október
Lau 29/10 kl. 18 Lau 29/10 kl. 20
Su 30/10 kl. 20 Má 31/10 kl. 20

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is

Tónleikurinn BÍTL
Fimmtudag 27/10 LAUS SÆTI
Föstudag 28/10 NOKKUR SÆTI
Föstudag 11/11 LAUS SÆTI
“Frábær skemmtun!” VS Fréttablaðið
Landsbankinn
Loft KASTALINN ☎ 552 3000

Tökin hert
THE TURN OF THE SCREW
EFTIR
BENJAMIN BRITTEN
25 ára og yngri: 50% afsláttur af miðaverði í sal
23. okt. kl. 20 - 2. sýning - 30. okt. kl. 20 - 3. sýning
4. nóv. kl. 20 - 4. sýning - 6. nóv. kl. 20 - 5. sýning
12. nóv. kl. 20 - 6. sýning - Lokasýning
Kynning fyrir sýningar á Tökin hert , 2. - 6. sýning
Kl. 19.15 – Stutt kynning á verkinu og uppsetningu þess.
Kynningin fer fram á sviðinu og er innifalin í miðaverði.
www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Íslenska óperan v/Ingólfsstræti Pósthólf 1416 - 121 Reykjavík Sími: 511 6400
ÍSLENSKA ÓPERAN

Gestur - Síðasta máltíðin
Hinsegin óperetta
Sun. 23. okt. kl. 17 – 2. sýning
Sun. 30. okt. kl. 17 – 3. sýning
Fim. 3. nóv. kl. 20 – 4. sýning
VÍSIR
Sýnt í Iðnó, miðasala í síma: 562-9700 og á idno@xnet.is

Haust tilboð fyrir 8 manns og fl.
Haust veisla
Misosúpa með grænmeti og sesam
Sushi - Maru: 10 bitar sushi og maki
Rétt verð kr. 2.950 Tilboð kr. 2.650.-
að viðbættri heitri súkkulaðiköku
Tilboð kr. 3.450.-
MARU
restaurant • bar • take-away
Aðalstræti 12 • Sími. 511 4440
www.maru.is • maru@maru.is

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00
HALLDÓR Í HOLLYWOOD
6. sýn. fim. 27/10 örfá sæti laus, 7. sýn. fös. 28/10 örfá sæti laus, 8. sýn. fim. 3/11 nokkur sæti laus, 9. sýn. fös. 4/11, nokkur sæti laus, 10. sýn. lau. 5/11 örfá sæti laus. Sýnt í október og nóvember.
KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR
Í dag sun. 23/10 kl. 14:00 örfá sæti laus, lau. 29/10 kl. 20:00 örfá sæti laus, sun. 6/11 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 13/11 kl. 14:00 nokkur sæti laus, sun. 20/11 kl. 14:00.
EDITH PIAF
Í kvöld sun. 23/10 uppselt, sun. 6/11 uppselt, sun. 13/11 uppselt. Aukasýningar sun. 20/11 örfá sæti laus, sun. 27/11, sun 4/12 - 90. sýning. Allra síðasta sýning.
KLIPPIMYNDIR - Ballettsýning frá Konunglega danska leikhússins
Sun. 30/10 kl. 14:00 örfá sæti laus og kl. 16:00 nokkur sæti laus.

LITLA SVIÐIÐ KL. 20.00
KODDAMAÐURINN
Í kvöld sun. 23/10 uppselt, mið. 26/10 uppselt, lau. 29/10 kl. 16:00, sun. 30/10 örfá sæti laus. Aðeins þessar fjórar sýningar eftir..

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00
FRELSI
Forsýningar mið. 26/10 uppselt og fim. 27/10 uppselt.
Frumsýning fös. 28/10 uppselt, sun. 30/10, fim. 3/11 nokkur sæti laus, lau. 5/11.
Sýnt í október og nóvember.

LEIKHÚSKJALLARINN
Í kvöld sun. 23/10 kl. 21:00 Múlinn - Kvartettinn Lo5
Miðasala við innganginn. Upplýsingar í s. 585 1295
Húsið er opnað kl. 18:00 fös. og lau. Annars klukkustund fyrir viðburð.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

Ávaxtakarfan
Í AUSTURBÆ
Síðustu sýningar
Jónsi
Immi Ananas
....Ég er voldugur og líka holdugur.
Enginn hér er betri en ég.
Ég um mig frá mér til mín.
Það getur enginn jafnast á við mig...
SPARISJÓÐURINN
IsMedia
Miðasala í Austurbæ opin alla daga frá kl.13 til kl.17
pantanir í síma 551 4700
www.midi.is
Athugið síðustu sýningar
Sunnudagur 23. okt. kl: 13:30
Aukasýning vegna mikillar aðsóknar
Sunnudagur 23. okt. kl: 16:30

Til hamingju með daginn
Stelpur
Vertu frjáls, njóttu lífsns.
Stöndum saman og látum strákana stjana við okkur á mánudaginn.
Opið frá kl. 17.00
Tapas barinn
Vesturgata 3b / Sími: 551 2344 / www.tapas.is

Kallið mig Ísmael.

- Einföld og sígild byrjun en á þessum orðum hefur Herman Melville risavaxna skáldsögu sína um Moby Dick.

bækur

baekur@frettabladid.is

Sudoku gerir allt vitlaust

Á metsölulisa bókabúðanna 12. – 18. október sitja nú þrjár Sudoku-bækur í fjórum efstu sætunum. Sudoku hefur slegið í gegn í vel flestum Evrópulöndum á undanförnum misserum og það er greinilegt að Íslendingar hafa einnig fallið fyrir hinum einfalda en krefjandi talnaleik. Það sem er athyglisvert er að víðast hvar hefur sala á öðrum bókum aukist í kjölfar mikillar sölu á Sudoku-bókum. Þar sem Sudoku-leikurinn nýtur slíkra vinsælda hleypa verslanir Pennans Eymundssonar og Máls og menningar nú af stokkunum Sudoku-áskoruninni. Í öllum verslunum liggur frammi þátttökublað með einni Sudoku-þraut sem allir geta spreytt sig á. Leikurinn er fólginn í því að þegar búið er að klára gátuna er þátttökublaðinu skilað í næstu verslun og síðan verður dregið úr öllum réttum lausnum. Fimm heppnir þátttakendur vinna 5.000 króna úttekt í verlsunum fyrirtækjanna og aðrir 10 fá 109 SUDOKU, bók 1 og bók 2, að gjöf. Leikurinn stendur til 26. október og dregið verður úr réttum lausnum þann 1. nóvember.

Gátan sem þátttakendur þurfa að leysa er flokkuð sem „þægileg“ og er fengin úr 109 SUDOKU, bók 2, sem situr nú í fjórða sæti á aðallista.

9		8		4	3			2
5						3		
1				5				7
6	3		8					
		5		9		2		
					5		1	8
7				6				3
		4						9
2			9	3		7		6

SUDOKU-ÞRAUT ÚR BÓKINNI 109 TALNAGÁTUR

> Bók vikunnar

Næturvaktin eftir Natsuo Kirino



Þessi snilldarlega flétt-aði japanski krimmi kemur vægast sagt skemmtilega á óvart. Persónurnar eru margslungnar og eiga allar leyndarmál sem flækja líf þeirra þannig að eitt morð á eftir að vinda svo hressilega upp á sig að líf þeirra sem að málinu koma hrynur. Þrælspennandi og frumlegur reyfari sem svíkur ekki.

SJÓN - BÓKMENNTAVERÐLAUNAHAFI

Sjón á dönskum metsölulista

Skáldsagan Skugga-Baldur sem kom út fyrir um tveimur árum hér á Íslandi hefur ferðast víða um heiminn síðan. Í síðustu viku kom bókin út í Danmörku og vakti strax mikil og góð viðbrögð.

Dönsku dagblöðin hafa keppst við að birta viðtöl við skáldið og gagnrýnendur hafa hlaðið bókina lofi og sagt Sjón vel kominn að bókmenntaverðlaunum Norðurlandaráðs sem hann fær afhent á miðvikudaginn. Danskir lesendur hafa heldur ekki látið sitt eftir liggja og hafa komið Skugga-Baldri í 8. sæti danska metsölulistans.

Það er því óhætt að segja að strandhögg útgefanda Sjóns, bókaútgáfunnar Bjarts, í Danmörku hafi skilað árangri. Fyrir utan velgengni Sjóns þar í landi gefur Hr. Ferdinand, dótturfyrirtæki Bjarts í Danmörku, út bækur Dans Brown um Engla og djöfla og Da Vinci lykilinn. Bækur Browns eru að sjálfsögðu einnig á topp tíu í Danmörku þannig að segja má að Bjartur eigi fjórar af tíu mest seldu skáldsögunum.

Sú fyrsta í hálfa öld

Séra Þórhallur Heimisson, prestur í Hafnafjarðarkirkju, hefur loksins tekist að koma út bók sem hann hefur haft í vinnslu ansi lengi. Vissara að hafa allt á hreinu þegar trúarbrögð eru annars vegar enda segir Þórhallur að hann hafi þurft að vinna úr gríðarlegu magni upplýsinga og heimilda. Hálf öld er síðan frumsamin bók um trúarbrögð á íslensku kom út. Þá var það eingöngu saga stóru trúarbragðanna. Í bók Þórhalls eru þau enn fyrir hendi auk útskýringa á nýtrúahreyfingum sem hafa notið mikilla vinsælda á undanförnum árum.

Höfundurinn tekur fram að þetta sé ekki eingöngu þurr fræðibók heldur sé hún einnig hans saga og fólksins sem hann hafi hitt. Í starfi sínu í Svíþjóð hafi hann kynnst ótrúlega fjölbreyttri menningu. „Það er í raun saga út af fyrir sig. Þarna bjuggu lútherskir tyrkir sem höfðu komið frá Sýrlandi en töluðu ekki stakt orð í sænsku, „ segir Þórhallur og hlær. Hann segist luma á mun fleiri sögum sem verði að bíða betri tíma.



HIN MÖRGU ANDLIT TRÚARBRAGÐANNA
Höfundur bókarinnar segist finna fyrir því að trúarbrögð og andlegar pælingar sé að vaxa fiskur um hrygg.

Höfundurinn vonast til að bókin eigi eftir að skapa umræður enda þyrsti fólk í fróðleik um þessi málefni og að bók sem þessi ætti að auka enn á áhuga fólks. Hann hefur þó áhyggjur af stöðu fræðslumála í þessum efnum. „Ég hef verið að kenna í Kennaraháskólanum þar sem eru um tvö þúsund nemendur. Aðeins tíu til tólf skrá sig í nám í þessum fræðum sem er þó hluti af námskrá grunnskólanna," útskýrir Þórhallur. "Þetta er skyldunám hjá flestum framhaldsskólanemendum í löndunum í kring en ekki hér. Það eru bara skrýtnir náungar eins og ég sem leggja þetta fyrir sig," segir Þórhallur og hlær. Hann hafi alltaf haft áhuga á sagnfræði en gert sér grein fyrir því að söguna væri ekki hægt að lesa án trúarbragða og öfugt. Því hafi leiðin legið í trúarbragðafræði.

Athyglivekur að einn hluti bókarinnar er tileinkaður leynireglum. Áhugi á þeim hefur farið sívaxandi og þá sérstaklega í kjölfar bóka eins og Da Vinci lykilsins eftir Dan Brown. Það mættu enda fimm hundruð manns á námskeið sem Þórhallur hélt um bókina og kenningar hennar. „Sumir voru á móti þessu, aðrir með en flestir komu til að fræðast meira um þessar kenningar," segir Þórhallur og telur að kafli hans um hið heilaga gral eigi eftir að koma á óvart. „Það verður fjallað um kenningu sem mér er ekki kunnugt að hafi birst áður hér á landi," segir hann dularfullur og vill ekkert gefa uppi. „Það er heill hafsjór af menningu í kringum gralið og menn geta endalaust deilt um hvað þetta er og hvort þetta hafi verið til."

Þórhallur segist finna fyrir því að trúarbrögð og andlegar pælingar sé að vaxa fiskur um hrygg. „Ég held að fólk sé orðið þreytt á allri þessari hörku og peningahyggju," segir hann. -fgg

Eitt glæsilegasta úrval landsins af parketi – flott fyrir þig!

Parki INTERIORS í húsið

Dalvegi 18 · Kópavogi · Sími: 564 3500

HEILDSÖLU LAGERSALA

Frábært úrval af góðum vörum

Barna og fullorðins fatnaður.
50-90% afslætti .

Golffatnaður, útivistarfatnaður, skíða og snjóbrettafatnaður, einnig mikið úrval af skóm.

Útivistarjakki	áður 29.990-	Nú 11.900-
Fótboltaskór	áður 12.990-	Nú 4.900-
Brettajakkar	áður 17.900-	Nu 7.900-
Hlaupajakkar	áður 8.990-	Nú 3.990-
Úlpur	áður 14.990-	Nú 5.990-

Opið eingöngu
Fimmtudag 20. Oktob. 14:00 til 20:00
Föstudag 21. Oktob. 14:00 til 20:00
Laugardag 22. Oktober 10:00 til 18:00
Sunnudag 23. Oktober 11:00 til 18:00
Mánudag 24. Oktober 14:00 til 20:00

ZO·ON ICELAND
is it ZO
be ZO

Nýbýlavegi 18 (Dalbrekku megin) Kópavogi

Breyttur afgreiðslutími í Skaftahlíð 24

Virka daga kl. 8–18.
Helgar kl. 11–16.

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000
OG ER OPINN ALLA DAGA FRÁ KL. 8–22.

DV FRÉTTABLAÐIÐ VÍSIR

Fíton/SÍA FÍO14416



METSÖLULISTINN

AÐALLISTINN
ALLAR BÆKUR

1. **MYNDIN AF PABBA ...** GERÐUR KRISTNÝ
2. **109 JAPANSKAR SUDOKU - 1** GIDEON GREENSPAN
3. **SU DOKU -** WAYNE GOULD
4. **109 JAPANSKAR SUDOKU - 2** GIDEON GREENSPAN
5. **VIÐ ENDA HRINGSINS** TOM EGELAND
6. **ÞÚ ERT ÞAÐ SEM ÞÚ BORÐAR** DR. GILLIAN MCKEITH
7. **FORÐIST OKKUR** HUGLEIKUR DAGSSON
8. **MATREIÐSLUBÓK NÖNNU** NANNA RÖGNVALDARDÓTTIR
9. **KJARVAL** NESÚTGÁFAN
10. **HIN MÖRGU ANDLIT TRÚARBR...** SR. PÓRHALLUR HEIMISSON

SKÁLDVERK
INNBUNDNAR BÆKUR

1. **VIÐ ENDA HRINGSINS** TOM EGELAND
2. **SKUGGI VINDSINS** CARLOS RUIZ ZAFÓN
3. **VERONÍKA ÁKVEÐUR AÐ DEYJA** PAOLO COELHO
4. **NÆTURVAKTIN** NATSUO KIRINO
5. **LÍFIÐ ER ANNARS STAÐAR** MILAN KUNDERA
6. **ÓVANALEG GRIMMD** JACK HIGGINS
7. **BLEKKINGALEIKUR** DAN BROWN
8. **DEXTER Í DIMMUM DRAUMI** JEFF LINDSEY
9. **MOBY DICK** HERMAN MELVILLE
10. **SVIK** KARIN ALVTEGEN

Listinn er gerður út frá sölu dagana 12.10.05 - 18.10.05 í Bókabúðum Máls og menningar, Eymundsson og Pennanum

Á bróður í steininum

Það er ekki fortíð Joss Stone sem er dökk heldur á bróðir hennar ansi skrautlegan feril að baki. Hálfbróðir söngkonunnar, Daniel Skillin, var dæmdur fyrir að ræna pósthús vopnaður hamri árið 2000. Hann flúði Ford Open-fangelsið í júní 2003, þremur mánuðum áður en átti að sleppa honum. Þegar Skillin loks náðist á ný hafði hann stolið bíl og verið í innbrotum. Hann fékk því fimmtán mánuði í viðbót.

Joss segist ekki vilja mikið tala um bróður sinn og hans verk. „Það gera allir sín mistök í lífinu. Ég samdi lag um hann á síðustu plötu minni og það segir allt sem segja þarf," sagði hún og bætti við að bróðir hennar hefði gengið í gegnum margt og upplifað ýmislegt. Umrætt lag er á plötu Stones,

JOSS STONE Bróðir hennar er fangi sem var dæmdur fyrir vopnað rán. Hún samdi lag til hans sem er að finna á hennar síðustu plötu.

Mind Body and Soul og ber heitið Daniel.

KYLIE MINOGUE Söngkonan ætlar að fá gúrú fræga fólksins í London til að leiðbeina sér í átt til betra lífs.

Kylie leitar til gúrús

Kylie Minogue er enn að berjast í sinni mestu orrustu, baráttunni við brjóstakrabbamein sem söngkonan greindist með fyrr á þessu ári. Hún er nú stödd í París að hvíla sig eftir stranga lyfjameðferð.

Samkvæmt breska blaðinu The Mirror ætlar söngkonan knáa að leita persónulegrar ráðgjafar hjá enska gúrúnum Dr. Nishi Joshi. Sá hefur allt fræga fólkið innan sinna vébanda en meðal skjólstæðinga hans eru Gwyneth Paltrow, Kate Moss og Patsy Kensit. Að sögn heimildarmanns blaðsins er Kylie mjög hrifin af því sem hann hefur sagt henni en Ástralinn vill hitta Nishi augliti til auglitis. „Hún er mjög veikburða en jafnskjótt og hún nær góðum bata ætlar Kylie að koma til London," bætti heimildarmaðurinn við sem sagði söngkonuna vera sannfærða um að Joshi hefði margt fram að færa.

Dr. Joshi mælir með því að fylgjendur sínir hætti að borða rautt kjöt, kartöflur, ávexti og losi sig við áfengi og mjólkurvörur. Hann sagðist þó ekki geta rætt málefni einstakra sjúklinga.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Katie Holmes hefur nú tjáð sig í fyrsta sinn opinberlega um óléttu sína. „Þetta er gamall draumur að rætast. Mér líður frábærlega. Þetta er allt svo fallegt, ég hef aldrei verið svona hamingjusöm." Spurð um hvernig **Tom Cruise** taki þessu sagði hún: „Hann er í skýjunum. Við erum að gera barnaherbergið tilbúið og ég er að læra að prjóna." Hún neitaði hins vegar að parið væri búið að ákveða brúðkaupsdag.

Söngkonan Jamelia hefur eignast stúlkubarn. Barnið hefur fengið nafnið Tiani Byfield og fæddist á spítala í London snemma í gærmorgun. Tiani er fyrsta barn Jameliu og kærasta hennar **Darrens Byfield** en Jamelia á fjögurra ára dóttur frá fyrra sambandi.

Al Pacino hefur neitað því að hann sé í tygjum við leikkonuna **Kirstie Alley**. Þau sáust láta vel hvort að öðru á veitingastað og sagði vitni að Kirstie hefði strokið Pacino um lærið. „Þetta var átta manna hópur sem fór út að borða saman, það voru engin stefnumót í gangi þarna," sagði talsmaður Pacinos.

Madonna fór nýlega á hestbak í fyrsta sinn eftir að hún féll af hestbaki og slasaðist fyrir um tveimur mánuðum. Í slysinu rifbeinsbrotnaði hún, viðbeins- og handleggsbrotnaði. Spurð hvernig henni liði núna á hestinum sagðist hún finna fyrir „óttablandinni spennu". Madonna sendir fljótlega frá sér nýja skífu sem nefnist Confessions On A Dancefloor.

ROBBIE WILLIAMS Söngvarinn kemur sér iðulega á forsíður blaðanna með misgáfulegum yfirlýsingum. Nú segist hann sjá drauga.

Robbie sér þá látnu

Robbie Williams kemur sér reglulega á forsíður blaðanna enda yfirlýsingaglaður með eindæmum. Fyrir ekki margt löngu sagðist söngvarinn trúa á geimverur og nú bætir hann um betur. Robbie heldur því nefnilega fram að hann sjái drauga.

Í viðtali við The Mirror segist poppgoðið vera sannfært um að hann hefði orðið prýðisgóður miðill. „Ég hef einhverja krafta," útskýrði hann. Robbie segist hafa séð hund systur sinnar sem drapst fyrir mörgum árum. Þá hafi öryggislæsingar farið á og af beint fyrir framan nefið á honum auk þess sem sjónvarpið slökkvi og kveiki á sér. „Ég hefði getað orðið heilagur maður í lækningum og andlegum efnum," lýsti Robbie yfir.

Hvort þessir hæfileikar eigi eftir að hjálpa Robbie að finna ástina er spurning en söngvarinn lýsti því yfir að hann hafi aldrei orðið ástfanginn. Kannski sú eina rétta sé bara hinum megin?

Styrkur í Gibson

Bandaríski leikarinn Mel Gibson lét sitt af hendi rakna til fórnarlamba hitabeltisstormsins Stans í Mexikó. Er talið að yfir tvö þúsund manns hafi látist af völdum stormsins í Gvatemala og 125 í El Salvador, Mexíkó og Níkaragva. Afhenti leikarinn Vicente Fox, forseta landsins, eina milljón dollara í vikunni en Gibson er að taka upp kvikmyndina Apocalypto við Veracruz nærri Mexíkóflóa. Verður myndin leikin á þrjú þúsund ára gömlu tungumáli Maya-ættbálksins. Virðist Gibson vera orðinn mjög hrifinn af fornum tungum því í síðustu mynd hans töluðu allir arameísku.

Mikil leynd ríkir yfir gerð myndarinnar en einhvers konar upphaf kemur við sögu. Er jafnvel talið að Gibson sé að kvikmynda sköpunarsöguna en hann er meðlimur í mjög íhaldssömum kaþólskum söfnuði. Ráðgert er að tökur hefjist í kringum fjórtanda nóvember.

MEL GIBSON Mynd hans um síðustu daga Jesú vakti sterk viðbrögð og nú er talið að hann sé að gera mynd um sköpun heimsins.

FRÉTTABLAÐIÐ / GETTY IMAGES

Haust tilboð fyrir 8 manns og fl.

Haust veisla

Misosúpa með grænmeti og sesam
Sushi - Maru: 10 bitar sushi og maki

Rétt verð kr. 2.950 Tilboð kr. 2.650.-

að viðbættri heitri súkkuladiköku

Tilboð kr. 3.450.-

MARU

restaurant • bar • take-away
Aðalstræti 12 • Sími. 511 4440
www.maru.is • maru@maru.is

allt tilboð
Alla föstudaga

Heyrst hefur...

... að Teitur Þórðarson, þjálfari KR-inga hafi verið á meðal áhorfenda í U-21 leik Svía og Íslendinga sem fram fór fyrir skemmstu. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var hann þar að fylgjast með þeim Pálma Rafni Pálmasyni og Gunnari Þór Gunnarssyni, en sá síðarnefndi er samningsbundinn Fram og þyrftu KR-ingar því að kaupa hann.

sport
sport@frettabladid.is

60 SEKÚNDUR GUNNLAUGI JÓNSSYNI

Hvalfjarðagöngin eru ... dimm.

Vegalengdin á milli Reykjavíkur og Akraness er... getur verið rómantísk.

Besti leikmaður allra tíma? Zico

Ef ekki knattspyrnumaður þá... útvarpsmaður.

Besti samherji? Reynir Leóson.

Besti leikmaður Landsbanka-deildarinnar í dag? Grétar Ólafur Hjartarson.

Helsti veikleiki? Sóknarskallar. Ég mætti skora meira.

Helsti kostur? Les leikinn ágætlega.

Mestu vonbrigði? Að hafa ekki orðið bikarmeistari með U-23 ára liði ÍA árið 1995.

Myndarlegust? Konan mín.

Er glasið hálftómt eða hálffullt? Tómt.

Rokk eða popp? Popp-rokk.

Íslenski boltinn er... fer eftir veðri.

ÍA eða KR? KR núna.

Ólafur eða Teitur Þórðarson? Ólafur var í sex ár, Teitur fær næstu þrjú..

Íslenskir fjölmiðlar eru... misjafnir.

> Jón Þorgrímur til HK

Jón Þorgrímur Stefánsson gekk í gær í raðir 1.deildarliðsins HK frá Íslandsmeisturum FH en það hefur legið fyrir síðustu mánuði að hann myndi yfirgefa herbúðir FH. HK er uppeldisfélag Jóns en hann lék með félginu í yngri flokkunum og steig sín fyrstu skref með liðinu í meistaraflokki. Ljóst er tilkoma Jóns mun styrkja leikmannahóp HK mikið en hann hefur verið einn lykilmönnum FH liðsins sem hefur orðið Íslandsmeistari undanfarin tvö ár.

ÚRSLIT GÆRDAGSINS

DHL-deild kvenna:

STJARNAN-FRAM 24-22

Mörk Stjörnunnar: Rakel Dögg Bragadóttir 7, Jóna Margrét Ragnarsdóttir, Sólveig Lára Kjartansdóttir 4, Kristín Clausen 3, Hind Hannesdóttir 2, Elísabet Kaldal 2.

Mörk Fram: Þórey Rósa Stefánsdóttir 6, Sigurbjörg Jóhannsdóttir 4, Eva Hrund Harðardóttir 4, Ásta Birna Guðmundsdóttir 2, Þórey Hermannsdóttir.

VALUR-ÍBV 19-24

Mörk Vals: Alla Gokorian 6, Ágústa Björnsdóttir 4, Drífa Skúladóttir 3, Rebekka Skúladóttir 1, Anna Guðmundsdóttir 1, Anna Grímsdóttir 1, Hafdís Hinriksdóttir 1, Hafrún Kristjánsdóttir 1, Sigurlaug Rúnarsdóttir 1.

Mörk ÍBV: Pavla Plaminkova 10, Simona Vintila 4, Renata Horvath 3, Ingibjörg Jónsdóttir 2, Ragna Karen Sigurðardóttir 2, Sæunn Magnúsdóttir 1, Eva Björk Hlöðversdóttir 1, Nikolett Varga 1.

KA/ÞÓR-FH 21-37

Mörk KA/Þór: Guðrún Tryggvadóttir 6, Inga Dís Sigurðsdóttir 5, J. Markevicente 5, Þorsteina Sigurbjörnsdóttir 2, Sandra Katrín J. 1, Erla H. Tryggvadóttir 1, Guðrún Linda Guðmundsdóttir 1.

Mörk FH: Guðrún Drífa Hólmgeirsdóttir 8, Maja Grönbek 7, Gunnur Sveinsdóttir 7, Ásdís Sigurðardóttir 6, Eva Albrechtsen 3, Sigrún Gilsdóttir 1, Berglind Björgvinsdóttir 1, Birna Íris Helgadóttir 1, Katrín Vilhjálmsdóttir 1.

VÍKINGUR-HK 29-29

Mörk Víkings: Hekla Daðadóttir 8, Þórhildur Björnsdóttir 6, Ásta Björk Agnarsdóttir 5, Natasa Damljanovic 5, Andrea Olsen 2, Sigrún Brynjólfsdóttir 2, Lára Hannesdóttir 1.

Mörk HK: Arna Sif Pálsdóttir 8, Auður Jónsdóttir 6, Anksel Vysniavskaite 5, Tanja Zukovska 4, Rut Jónsdóttir 3, Hjördís Rafnsdóttir 3.

STAÐAN:

STJARNAN	**5**	**4**	**1**	**0**	**142-117**	**9**
ÍBV	4	3	1	0	112-78	7
HAUKAR	**3**	**3**	**0**	**0**	**108-74**	**6**
FH	5	3	0	2	138-127	6
VALUR	**5**	**3**	**0**	**2**	**121-108**	**6**
HK	5	2	1	2	152-153	5
GRÓTTA	**4**	**2**	**0**	**2**	**95-88**	**4**
KA/ÞÓR	5	1	0	4	116-154	2
VÍKINGUR	**5**	**0**	**1**	**4**	**111-151**	**1**
FRAM	5	0	0	5	91-136	0

Meistaradeildin í handb.:

HAUKAR-GORENJE VALENJE 28-33

Mörk Hauka: Árni Sigtryggsson 8, Halldór Ingólfsson 5, Andri Stefan 5, Arnar Pétursson 4, Kári Kristjánsson 4, Freyr Brynjarsson 1, Gísli Jón Þórisson 1.

Varin s wwkot: Birkir Ívar Guðmundsson 10, Jónas Stefánsson 7.

Mörk Valenje: Vedran Zrnic 11, Momir Ilic 7, Sebastjan Sovic 7, Marco Ostir 3, Bostjan Kavas 2, Tomas Resnicek 2, Luka Dobelsek 1.

Varin skot: Dusan Podpecan 27.

ATHINAIKOS-ADEMAR LEON	25-29
MEDVEDI-BREGENZ	40-23
PORTLAND-RK ZAGREB	31-15
SC SZEGED-BARCELONA	26-28
DINAMO BUCAREST-FOTÉX VESPREM	27-38

VÍKURVAGNAKERRURNAR
ÞESSAR STERKU

Allar gerðir af kerrum
Allir hlutir til kerrusmíða
VÍKURVAGNAR EHF.
Víkurvagnar ehf • Dvergshöfða 27
Sími 577 1090 • www.vikurvagnar.is

ÓBLÍÐAR VIÐTÖKUR Halldór Ingólfsson átti ágætan leik fyrir Hauka í Evrópukeppninni í gær þrátt fyrir að hafa fengið að finna fyrir því oft á tíðum frá leikmönnum Valenje í gær. Afleitur fyrri hálfleikur varð Haukum að falli í leiknum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ ANTON BRINK

Afleitur fyrri hálfleikur varð Haukum að falli

Haukar töpuðu í gær á heimavelli sínum fyrir Gorenje Velenje í meistaradeild Evrópu með fimm marka mun. Fyrri hálfleikurinn gerði útslagið í leiknum en þar léku Haukar ákaflega illa og gestirnir léku sér hreinlega að heimamönnum.

HANDBOLTI „Við spiluðum fáránlega illa í fyrri hálfleik og hann var eiginlega endurtekning af seinni hálfleiknum í útileiknum gegn þeim. Svo tókum við okkur saman í seinni hálfleik og fórum að spila handbolta, fórum að hafa gaman að þessu. Það vantaði alla baráttu hjá okkur til að byrja með og vörnin var að opnast hvað eftir annað, hún var eins og gatasigti.“ sagði Árni Sigtryggsson, leikmaður Hauka, eftir að liðið tapaði 28-33 fyrir slóvenska liðinu Gorenje Velenje á heimavelli sínum í meistaradeild Evrópu.

Haukar léku mjög illa í fyrri hálfleiknum, alla baráttu vantaði og varnarleikurinn var varla til staðar enda voru þeir níu mörkum undir þegar gengið var til búningsherbergja í hálfleik, 11-20. Dusan Podpecan, markvörður gestanna, átti sannkallaðan stórleik. Hann varði 27 skot í leiknum og þar af sautján í fyrri hálfleiknum.

„Þegar maður kemur ekki undirbúinn í leikinn þá tekur maður óvandaðri skot og markvörður þeirra átti ekki í erfiðleikum með að verja. Varnarleikurinn var gjörsamlega ömurlegur hjá okkur,“ sagði Páll Ólafsson, þjálfari Hauka, að leik loknum. Allt annað var að sjá til liðsins í seinni hálfleik og á kafla náði það að skora sjö mörk gegn einu marki Gorenje og minnka muninn í aðeins þrjú mörk.

Þegar upp var staðið þá vann Gorenje þó fimm marka sigur. Árni var markahæsti leikmaður Hauka með átta mörk.

„Við vorum andlausir og baráttulausir í byrjun leiks og leyfðum þeim að spila sinn bolta. Þegar þeir fá að gera það þá eru þeir rosalega góðir og við leyfðum þeim að jarða okkur í fyrri hálfleik, þeir eru ekki þetta miklu betri en við. Í hálfleik sagði ég við mína menn að þeir ættu að skammast sín og ég sagði þeim að þeir hefðu 30 mínútur til að bjarga andlitinu. Maður fer ekki í Evrópuleik með eins mikið andleysi og sást í fyrri hálfleiknum. Baráttan kom síðan í seinni hálfleiknum og þá náðum við að komast inn í leikinn. Við verðum núna að fara til Danmerkur og ná í stig þar í næsta leik gegn Arhus,“ sagði Páll Ólafsson.

elvar@frettabladid.is

DHL-deild karla í handbolta í gær:

Naumt hjá Valsmönnum

HANDBOLTI Valsarar komust upp í 3. sæti DHL-deildar karla með jafnmörg stig og KA og Fram sem eru á toppnum eftir nauman sigur á Aftureldingu í Laugardalshöllinni í gær. Leikurinn var í járnum allan fyrri hálfleik og var staðan 14-12, Valsmönnum í vil, þegar gengið var til búningsklefa í hálfleik.

Fljótlega í þeim síðari áttu Valsmenn góðan leikkafla þar sem þeir skoruðu fjögur mörk í röð og breyttu stöðunni úr 14-13 í 18-13. Þrátt fyrir mikinn dugnað og eljusemi náðu baráttuglaðir leikmenn Aftureldingar ekki að vinna upp þetta forskot Vals, þó svo að þeir hefðu komist býsna nálægt því undir lokin en síðasta sókn gestanna á lokasekúndunum fór

SKOT Á MARK Hjalti Pálmason, leikmaður Vals, skýtur á markið í leiknum gegn Aftureldingu í gær en Hrafn Ingvarsson er til varnar. FRÉTTABLAÐIÐ E.ÓL.

ÚRSLIT GÆRDAGSINS

DHL-deild karla:

STJARNAN-FH 34-27

Mörk Stjörnunnar: Arnar Theódórsson 8, Kristján Kristjánsson 6, Björn Friðriksson 6, David Kekelia 5, Tite Kalandadze 5, Þórólfur Nielsen 4.

Mörk FH: Linas Kalasauskas 8, Valur Arnarson 3, Andri berg Haraldsson 3, Heiðar Arnarson 3, Hjörleifur Þórðarson 3, Finnur Hansson 2, Jón Helgi Jónsson 1, Tómas Sigurbergsson 1.

ÍBV-FYLKIR 35-32

Því miður hafði listi yfir markaskorara í leiknum ekki borist blaðinu áður en það fór í prentun.

VALUR-AFTURELDING 27-26

Því miður hafði listi yfir markaskorara í leiknum ekki borist blaðinu áður en það fór í prentun.

STAÐAN:

KA	**8**	**4**	**2**	**2**	**212-204**	**10**
FRAM	6	5	0	1	159-146	10
VALUR	**7**	**5**	**0**	**2**	**207-189**	**10**
ÍR	7	4	1	2	242-214	9
HAUKAR	**5**	**4**	**0**	**1**	**145-128**	**8**
SELFOSS	6	3	1	2	177-182	7
STJARNAN	**6**	**3**	**0**	**3**	**167-156**	**6**
AFTURELD.	7	2	2	3	178-186	6
ÍBV	**7**	**3**	**0**	**4**	**206-237**	**6**
HK	7	2	1	4	198-206	5
FYLKIR	**7**	**2**	**1**	**4**	**171-179**	**5**
ÞÓR A.	6	2	1	3	164-167	5
VÍK/FJÖLN	**6**	**1**	**1**	**4**	**151-170**	**3**
FH	7	1	0	6	173-186	2

Iceland Express-deild kvk:

BREIÐABLIK-KEFLAVÍK 50-106

Stig Breiðabliks: Jessalyn Deveny 17 (12 frák.), Sigrún Þórðardóttir 8, Ragna Hjartardóttir 6, Hrefna Stefánsdóttir 4, Esemia Sigurbjörnsdóttir 3, Sara Ólafsdóttir 3, Heiðrún Hauksdóttir 2, Kristín Óladóttir 2, Agnes Hauksdóttir 2, Kolbrún Arnfinnsdóttir 2.

Stig Keflavíkur: Reisha Bristol 28 (12 stolnir, 7 stoð.), Birna Valgarðsdóttir 24, Rannveig Randversdóttir 16, María Erlingsdóttir 15, Kara Sturludóttir 12, Svava Stefánsdóttir 5, Bára Bragadóttir 4, Bryndís Guðmundsdóttir 4.

KR-HAUKAR 34-82

Stig KR: Kristína Smith 15 (10 fráköst), Hrefna Gunnarsdóttir 6, Telma Fjalarsdóttir 4, Georgía Christiansen 3, Ingibjörg Sigurðardóttir 3, Lára Flosadóttir 2, Halla Jóhannesdóttir 1.

Stig Hauka Kesha Tardy 14, Bára Hálfdanardóttir 11 (10 fráköst), Helena Sverrisdóttir 10 (8 frák., 11 stoðs.), Guðrún Ámundadóttir 10, Ösp Jóhannsdóttir 9, Pálína Gunnlaugsdóttir 6, Ragnheiður Theodórsdóttir 5, Ingibjörg Skúladóttir 4, Hanna Hálfdanardóttir 4, Kristrún Sigurjónsdóttir 4, Sigrún Ámundadóttir 3, Eva Dís Ólafsdóttir 2.

GRINDAVÍK-ÍS 75-67

Stig Grindavíkur: Jericha Watson 33 (9 frák.), Hildur Sigurðardóttir 20 (13 frák.), Alma Garðarsdóttir 7, Jóhanna Stefánsdóttir 5, Petrúnella Skúladóttir 5, Lilja Sigmarsdóttir 5, Arna Rún Magnúsdóttir 2.

Stig ÍS: Hanna Kjartansdóttir 19, Þórunn Bjarnadóttir 18, Stella Kristánsdóttir 10, Signý Hermannsdóttir 8, Hafdís Helgadóttir 8, Hrafnhildur Kristjánsdóttir 4, Kristjana Magnúsdóttir 2.

Þýski handboltinn:

LEMGO-WETZLAR 36-27

Ásgeir Örn Hallgrímsson skoraði 2 mörk fyrir Lemgo en Logi Geirsson lék ekki vegna meiðsla.

LUBECKE-GUMMERSBACH 31-32

Guðjón Valur Sigurðsson skoraði 12 mörk fyrir Gummersbach, þar af 3 úr vítaköstum, en **Róbert Gunnarsson** skoraði 2.

VILHELMSHAVENER-HAMBURG 26-29

KRONAU ÖSTRIGEN-MINDEN 3027

ÚR SPORTINU

George Burley hætti í gær störfum hjá skoska liðinu Hearts en hann var ráðinn til liðsins í sumar. Rússneski auðkýfingurinn, Vladimir Romanov, keypti félagið fyrir nokkru og hefur eytt töluverðum peningum í leikmenn og styrkt það því til muna. Romanov og Burley voru ekki sammála um áherslur í starfinu og þess vegna hætti Burley. Hinn 57 ára gamli Romanov þessi er talinn frekar vafasamur kaupsýslumaður en hann auðgaðist fyrst og fremst á svartamarkaðsbraski í Litháen. John McGlynn tekur við starfi sem knattspyrnustjóri en hann var áður þjálfari unglingaliðsins. „Nú þurfa leikmenn að sýna úr hverju þeir eru gerðir. Burley stóð sig frábærlega hér og leikmenn virtu hans sjónarmið." Hearts er sem stendur í efsta sæti í deildinni en Íslendingurinn Hjálmar Þórarinsson er á mála hjá félaginu.

Slóveninn Tina Maze sigraði á fyrsta heimsbikarmótinu á skíðum þegar hún varð hlutskörpust í stórsvigskeppni

vetrarins sem fram fór í Sölden í Austurríki í gær. Króatinn Janika Kostelic frá Króatíu varð önnur og sænski heimsbikarmeistarinn Anja Parson varð þriðja en hún besta skíðakona Svía. Heimakonan Renate Götschl tókst ekki að sigra á heimavelli eins og hún stefndi að, en henni hlektist á í fyrri umferðinni og komst því ekki áfram í seinni umferðina. Alexanda Meissnitzer, sem einnig kemur frá Austurríki, komst heldur ekki áfram.

Franski landsliðsmaðurinn Robert Pires hótaði því fyrir leik Arsenal og Manchester City í gær að hann myndi hætta hjá félaginu ef hann fengi ekki samningstilboð frá félaginu sem allra fyrst. „Ég vil vera áfram hjá Arsenal en ég þarf þó að fá tryggingu fyrir því að krafta minna sé óskað hjá félaginu. Eins og staðan er nú þá finn ég ekki fyrir því og þess vegna vil ég fá samningstilboð sem allra fyrst," segir Pires en litlu mátti muna að hann gengi til liðs við Galatasaray í sumar.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

OKTÓBER

20 21 22 **23** 24 25 26

Sunnudagur

LEIKIR

17.00 **Þór** tekur á móti **Víking/Fjölni** í DHL-deild karla í handbolta í íþróttahöllinni á Akureyri.

20.00 **Haukar** mæta **Gróttu** í DHL-deild kvenna í handbolta á Ásvöllum.

LEIKIR

07.55 **Spænski boltinn** á Sýn.

09.35 **Meistaradeild Evrópu** á Sýn.

11.15 **Meistaradeildin með Guðna Bergs** á Sýn.

11.55 **A1 kappaksturinn** á Sýn.

12.20 **Enski boltinn** á Enska boltanum. Leikur Newcastle og Sunderland í beinni útsendingu.

14.50 **Enski boltinn** á Enska boltanum. Leikur Everton og Chelsea í beinni útsendingu.

15.30 **Meistaradeildin í handbolta** á Sýn. Leikur Hauka og Gorenje Velenje.

16.50 **Spænski boltinn** á Sýn.

18.50 **Ítalski boltinn** á Sýn.

20.30 **US PGA Funai Classic** á Sýn.

21.30 **Helgarsportið** á RÚV.

23.30 **US Championship Tour 2005** á Sýn.

00.25 **Spænski boltinn** á Sýn.

Mikil spenna er í norsku knattspyrnunni en næstsíðasta umferðin fer fram í dag:

Vålerenga getur orðið meistari í dag

FÓTBOLTI Vålerenga á möguleika á því í dag að verða norskur meistari í knattspyrnu en það er háð því að liðið leggi Rosenborg að velli og Start, sem er í öðru sæti, tapi fyrir Bodø/Glimt.

Teitur Þórðarson, sem nýverið var ráðinn þjálfari KR, hefur í mörg ár unnið sem knattspyrnuþjálfari í Noregi og hann er viss um að spennustigið muni skipta miklu máli í leikjunum í dag. „Start á nú auðveldari leiki eftir en miðað við frammistöðuna í síðustu leikjum þá finnst mér Vålerenga líklegra til þess að standa uppi sem sigurvegari. Ég held þó að Vålerenga gæti lent í vandræðum gegn Rosenborg því síðustu leikir hafa verið nokkuð góðir hjá Rosenborg. Svo er ljóst að hugarfar leikmanna getur skipt sköpum."

Árni Gautur Arason stendur í markinu hjá Vålerenga og hefur staðið sig vel á tímabilinu. Jóhannes Harðarson er einn af lykilmönnum Start-liðsins og því er ljóst að annar hvor leikmanna mun að öllum líkindum hampa norska meistaratitlinum, en bæði Lyn og Lillestrøm eiga tölfræðilega möguleika á því að vinna deildina. „Bæði Árni og Jóhannes hafa staðið sig vel á tímabilinu. Liðin þeirra hafa spilað skemmtilega knattspyrnu. Það er gott hjá Jóhannesi að komast í liðið því leikmannahópurinn hjá Start er góður og margir efnilegir strákar sem gera tilkall til þess að komast í liðið."

Síðasti leikur Vålerenga er útileikur gegn Odd Grenland en Start tekur á móti Fredrikstad á heimavelli sínum í Kristiansand.

-mh



ÁRNI GAUTUR ARASON Árni Gautur varð norskur meistari með Rosenborg í nokkur skipti þegar hann var leikmaður félagsins, en hann getur í dag orðið meistari með Vålerenga.

SUNNUDAGSVIÐTALIÐ > SVERRIR GARÐARSSON

ÆTLA AÐ KOMA STERKUR TIL BAKA

Mánuður er liðinn síðan knattspyrnumaðurinn Sverrir Garðarsson fór í stóra aðgerð til að vinna bug á þrálátum meiðslum í ökkla. Sem stendur er Sverrir í gifsi á báðum fótum og ríkir fullkomin óvissa um framhaldið.



SVERRIR GARÐARSSON Hefur verið í gifsi á báðum fótum í bráðum fimm vikur og á þrjár vikur eftir. Þá tekur við gríðarleg endurhæfing sem felst í því að vinna upp tapaðan vöðvamassa. „Ég verð líklega eins og belja á svelli eftir að ég losna við gifsið," segir Sverrir. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Síðastliðið ár hefur verið samfelld sorgarsaga fyrir varnarmanninn Sverri Garðarsson hjá FH. Þessi 21 árs leikmaður, sem var lykilmaður í liði FH sem vann íslandsmeistaratitilinn í fyrsta skipti í sögunni fyrra, hefur ekki spilað fótboltaleik í tæpa átta mánuði og eftir að hafa farið í stóra aðgerð fyrir rúmum mánuði síðan er ennþá óvíst hvað bíður hans.

„Ég fer í myndatöku í byrjun næsta mánðar og þá kemur í ljós hvernig batinn hefur verið. Ef aðgerðin hefur ekki heppnast þá gæti farið svo að ég þurfi að snúa mér að einhverju öðru en fótbolta," segir Sverrir, en hann þjáist af afar sjaldgæfum álagsmeiðslum sem eru á góðri leið með að binda enda á feril þessa bráðefnilega knattspyrnumanns.

Báðir ökklar brotnir

Martröð Sverris hófst í lok síðasta árs þegar hann fór að finna fyrir miklum eymslum í hægri ökklanum. „Frá og með janúar sl. var ég nánast bara rúmliggjandi eftir alla leiki sem ég spilaði. Ég hélt á tímabili að ég væri kominn með gigt eða eitthvað þvíumlíkt en mér var bara sagt að halda áfram og að þetta myndi jafna sig."

Það var síðan í leik gegn Þrótti í deildabikarnum um þann 1. mars sem ökklinn gaf sig endanlega. „Og það var ekki einu sinni eftir návígi," segir Sverrir. „Ég hoppaði upp í skallaeinvígi og þegar ég lenti gaf löppin sig. Þetta á ekki að geta komið fyrir fótboltamann á besta aldri," segir hann.

Sverrir var í gifsi í sex vikur en eftir að það var tekið af kom í ljós að beinið hafði lítið náð að gróa. „Svo að ég fór strax aftur í gifs í mánuð í viðbót. Eftir það hafði beinið náð að gróa eitthvað en þó ekki mikið," segir Sverrir. Þá var ákveðið að senda hann í mikla endurhæfingu sem fólst í sundi, lyftingum og öðrum styrktaræfingum.

> *„Ef þetta gengur ekki upp núna hugsa ég að það séu ekki miklar líkur á að ég snúi aftur á fótboltavöllinn. Svona aðgerð hefur aldrei verið gerð hér heima á Íslandi."*

„Ég fékk mikla hjálp frá Eggerti Bogasyni, Ragnheiði Ólafsdóttur konu hans og öðrum í frjálsíþróttadeild FH sem bjuggu til fyrir mig æfingaáætlun. Eggert var í sambandi við lækna fyrir mig og vann mikið í mínum málum þrátt fyrir að ég sé í raun ekkert tengdur frjálsíþróttadeildinni," segir Sverrir en bætir því við að á sama tíma hafi knattspyrnudeild félagsins haft lítin áhuga á hans málum. "Það er alveg ótrúlegt en á þessu tæpa ári sem ég hef verið meiddur hefur knattspyrnudeildin ekkert gert fyrir mig - deildin sem ég hef unnið og púlað fyrir frá því að ég var krakki. Það er því ómetanlegt að hafa fólk eins og Eggert innan félagsins," segir Sverrir.

Hrikalegar aðstæður

Áætlanir lækna gerðu ráð fyrir að Sverrir gæti byrjað aftur í boltanum sex vikum eftir að hann losnaði við gifsið. En hann losnaði aldrei við verkinn. "Þetta gekk í raun ekkert. Þá fór ég aftur í rannsókn og þá kom í ljós að það var líka sprunga í vinstri ökklanum," segir Sverrir.

Frekari rannsóknir leiddu í ljós að um var að ræða afar sjaldgæf álagsmeiðsli og í kjölfarið var ákveðið að senda Sverri í fyrrnefnda aðgerð sem myndi koma til með að skera úr um framhaldið og hefur nú boltum og skrúfum verið komið fyrir í ökklunum til að þeir haldi.

„Ef að þetta gengur ekki upp núna hugsa ég að það séu ekki miklar líkur á að ég snúi aftur á fótboltavöllinn. Svona aðgerð hafði aldrei áður verið gerð hér heima því læknar höfðu aldrei séð svona áður á báðum löppum. En það hefur góður árangur hlotist af þessari aðgerð úti í heimi og ég ætla mér að koma sterkur til baka og spila fótbolta á nýan leik," segir Sverrir og bætir við að svona áföll hafi að sjálfsögðu mikil áhrif á sálartetrið.

„Það er náttúrulega hrikalegt að vera í gifsi á báðum löppum og ferðast um á hjólastjól. En ég er með frábært fólk í kringum mig sem hefur veitt mér ómetanlega hjálp. Svo var ég að fá nýtt gifs þar sem ég má stíga í hælana og það er rosalegur munur," segir Sverrir en eins og gefur að skilja hafa meiðslin háð honum í öllu sem tengja má við hið daglega líf og hefur hann að stórum hluta „þurft að sitja á rassinum dögunum saman" eins og hann komst sjálfur að orði.

Sverrir er nú búinn með fimm vikur af þeim átta sem hann þarf að vera í gifsi eftir aðgerðina stóru. Framhaldið ætti að skýrast í myndatökunni í byrjun næsta mánaðar og er Sverrir við öllu búinn - vonar það besta en býst við hinu versta.

„En hvernig sem þetta fer er ljóst að ég mun koma sterkari til baka. Annað er ekki hægt."

vignir@frettabladid.is

SIGURVEGARI Sverrir var hluti af hinum gríðarlega öfluga ´84 árgangi hjá FH sem var afar sigursæll í yngri flokkunum. Tvítugur að aldri var Sverrir lykilmaður í vörn FH í fyrra sem þá vann Íslandsmeistaratitilinn í fyrsta skipti í sögu félagsins.

THIERRY HENRY Arsene Wenger segir Arsenal ekki mega við því að missa Henry frá félaginu.

Framtíð Thierry Henry hjá Arsenal er ennþá óljós:

Wenger hefur áhyggjur af Henry

FÓTBOLTI Arsene Wenger, knattspyrnustjóri Arsenal, hefur miklar áhgyggjur af því að Thierry Henry sé á förum frá Arsenal í janúar en framherjinn snjalli hefur verið besti leikmaður Arsenal liðsins undanfarin ár og myndi eflaust skilja eftir sig skarð í leikmannahópi félagsins sem erfitt yrði að fylla.

„Ég leyni því ekki að ég hef áhyggjur af því að missa Henry. Hann er án ef einn af bestu leikmönnum heims og að auki gerir hann liðsfélaga sína að betri leikmönnum. Henry ætlar sér ekki að byrja viðræður við Arsenal fyrr en eftir að tímabilinu lýkur. Við verðum að virða það við hann. Hvernig er hægt að skipa leikmanni að hefja viðræður, sem kemur inn á eftir að hafa ekki leikið í meira en mánuð og skorar bæði mörkin í góðum sigri okkar? Hann verður að fá að ráða ferðinni sjálfur," segir Wenger, sem seldi Patrick Veira til Juventus í sumar og hefur miðja liðsins ekki verið eins og hún á að sér síðan. Fari svo að Henry fari einnig frá félaginu telja margir að Arsenal verði aðeins eins og hvert annað miðlungslið.

Arsenal hefur ekki tekist að fylgja liði Chelsea eftir á þessu tímabili og virðist ekki ætla að blanda sér í toppbaráttuna miðað við frammistöðu liðsins það sem af er tímabili. Wenger hefur þó fulla trú á sínu liði og þá sérstaklega stjörnuframherjanum Henry.

„Það er frábært vera búinn að endurheimta Henry úr meiðslunum. Fólk á eftir að sjá mikla breytingu á leik okkar á næstunni. En vonandi missum við Henry ekki í janúar því það yrði reiðarslag fyrir félagið og alla sem að því koma," segir Arsene Wenger.

- mh

PGA mót í Flórída:

Woods og Singh féllu úr leik

GOLF Tiger Woods og Vijay Singh, stigahæstu kylfingar heims, komust ekki í gegnum niðurskurðinn á PGA móti í Florida í gær. Woods hafnaði í 107. sæti og var þemur höggum frá því að komast áfram, á þremur höggum undir pari vallarins. Vijay Singh lék á fjórum höggum undir pari og endaði í 92.sæti. Það kom mönnum töluvert á óvart en Tiger Woods hafði ekki áhyggjur af spilamennsku sinni þegar rætt var við hann að móti loknu. „Stundum ganga hlutirnir upp og stundum ekki. Þetta var einn af þeim dögum þar stöðugleikinn hjá mér ekki nægilega mikill og því fór sem fór." **- mh**

ÚRSLIT GÆRDAGSINS

Enska úrvalsdeildin:

BLACKBURN-BIRMINGHAM	2-0
1-0 Paul Dickov, víti (50.), 2-0 Craig Bellamy (81.)	
ARSENAL-MAN.CITY	1-0
1-0 Robert Pires, víti (61.).	
ASTON VILLA-WIGAN	0-2
0-1 Aaron Hughes (32.), 0-2 Alan Mahon (82.)	
FULHAM-LIVERPOOL	2-0
1-0 Collins John (30.), 2-0 Luis Boa Morte (90.).	
Heiðar Helguson var á bekknum hjá Fulham allan leikinn.	
MAN.UTD-TOTTENHAM	1-1
1-0 Mikael Silvestre (7.), 1-1 Jermaine Jenas (72.).	
PORTSMOUTH-CHARLTON	1-2
1-0 Dario Silva (14.), 1-1 Darren Ambrose (61.), 1-2 Dennis Rommedahl (77.).	
Hermann Hreiðarsson var að venju í byrjunarliði Charlton.	

STAÐAN:

CHELSEA	**9**	**9**	**0**	**0**	**23-3**	**27**
CHARLTON	**9**	**6**	**0**	**2**	**14-8**	**19**
TOTTENHAM	**10**	**5**	**3**	**1**	**12-6**	**19**
WIGAN	9	6	1	2	10-5	19
MAN.UTD	**9**	**5**	**3**	**1**	**12-6**	**18**
MAN. CITY	**10**	**5**	**2**	**3**	**11-8**	**17**
ARSENAL	9	5	1	3	12-6	16
BOLTON	9	4	2	3	10-11	14
BLACKB.	**10**	**4**	**2**	**4**	**9-10**	**14**
WEST HAM	**8**	**3**	**3**	**1**	**11-5**	**12**
MIDDLESB..	9	3	3	3	10-12	12
LIVERPOOL	8	2	4	2	5-8	10
NEWCASTLE	**9**	**2**	**3**	**4**	**5-8**	**9**
FULHAM	10	2	3	5	10-14	9
ASTON V.	**10**	**2**	**3**	**5**	**9-16**	**9**
WBA	9	2	2	5	9-16	8
PORTSM.	**10**	**1**	**4**	**5**	**7-12**	**7**
BIRMINGHAM	10	1	3	6	7-15	6
SUNDERL.	**9**	**1**	**2**	**6**	**7-14**	**5**
EVERTON	8	1	0	7	1-11	3

Enska 1. deildin:

STOKE-READING	0-1
Brynjar Gunnarsson og **Ívar Ingimarsson** spiluðu allan leikinn fyrir Reading en þeir **Hannes Sigurðsson** og **Þórður Guðjónsson** komu ekki við sögu hjá Stoke.	
LUTON-PLYMOUTH	1-1
Bjarni Guðjónsson var ekki í leikmannahóp Plymouth..	
CARDIFF-CREWE	6-1
CRYSTAL PALACE-BURNLEY	2-0
HULL-DERBY	2-1
IPSWICH-WATFORD	0-1
MILLWALL-SOUTHAMPTON	2-0
QPR-NORWICH	3-0
WOLVES-PRESTON	1-1

STAÐA EFSTU LIÐA:

SHEFF.UTD	**15**	**12**	**1**	**2**	**31-13**	**13**
READING	15	10	4	1	25-8	8
LUTON	**15**	**8**	**4**	**3**	**25-17**	**17**
LEEDS	14	7	4	3	18-13	13
CRYSTAL P.	**14**	**7**	**2**	**5**	**22-13**	**13**
WATFORD	15	6	5	4	23-18	18

Enska 2. deildin:

NOTTS COUNTY-CARLISLE	0-0
Guðjón Þórðarson og félagar eru í 14. sæti deildarinnar.	

Skoska úrvalsdeildin:

HEARTS-DUNFERMLINE	2-0
Hjálmar Þórarinsson lék ekki fyrir Hearts.	
ABERDEEN-HIBERNANIN	0-1
FALKIRK-DUNDEE	1-3
LIVINGSTON-IVERNESS	1-1
RANGERS-MOTHERWELL	2-0

STAÐA EFSTU LIÐA:

HEARTS	**11**	**9**	**2**	**0**	**26-7**	**29**
CELTIC	10	7	2	1	25-10	23
HIBERNAIN	**11**	**7**	**1**	**3**	**20-12**	**22**
RANGERS	11	6	2	3	20-10	20
KILMARN.	**10**	**4**	**3**	**3**	**19-18**	**15**
MOTHERW.	11	4	2	5	22-23	14

Arsenal slapp með skrekkinn

Arsenal lagði Manchester City að velli, 1-0, á heimavelli sínum en Robert Pires misnotaði vítaspyrnu með undarlegum hætti og umdeilt atvik átti sér stað í lokin þegar mark var dæmt af gestunum.

FÓTBOLTI Arsenal og Manchester City mættust á Highbury í ensku knattspyrnunni í gær og höfðu heimamenn í Arsenal töglog hagldir mestan hluta leiksins. Leikurinn var þó sérstaklega minnisstæður fyrir þær sakir að Robert Pires reyndi að gefa boltann á Thierry Henry úr vítaspyrnu, líkt og Johan Cryuff og Jesper Olsen gerðu eftirminnilega með Ajax árið 1982, en tilraunin mistókst.

Robert Pires hafði áður komið Arsenal yfir í leiknum með marki úr vítaspyrnu og reyndist það vera eina mark leiksins. Arsene Wenger, knattspyrnustjóri Arsenal, var undrandi á þessu uppátæki frönsku landsliðsmannana.

„Pires sagðist hafa verið eitthvað hikandi og ákvað hann að gefa boltann á Henry. Þetta voru auðvitað mikil mistök en sem betur fer var okkur ekki refsað fyrir þetta."

Þá slapp Arsenal aftur með skrekkinn undir lokin þegar það sem virtist vera löglegt mark var dæmt af sóknarmanninum Daris Vassell. Dómari leiksins var hins vegar viss í sinni sök og því þurftu Stuart Pearce og lærisveinar hans að sætta sig við að halda stigalausir heim á leið.

Manchester United og Tottenham Hotspurs skildu jöfn á Old Trafford í Manchester, 1-1, í stórleik helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni. Mickael Silvestre kom Manchester United yfir snemma leiks en hann fékk boltann óvænt eftir skelfileg mistök Pauls Robinson í marki Tottenham. Ruud van Nistelrooy skallaði boltann laust að markinu en Robinson tókst ekki að hemja boltann, og það nýtti Silvestre sér og skaut boltanum í markið af stuttu færi.

Tottenham var síst lakara liðið í leiknum og gekk betur að halda boltanum innan liðsins á löngum köflum. Robinson þurfti þó að taka á honum stóra sínum í nokkur skipti og varði meðal annars gott skot frá Cristiano Ronaldo í seinni hálfleik.

Jermaine Jenas jafnaði leikinn í seinni hálfleik með glæsilegu skoti beint úr aukaspyrnu. Boltinn fór í fallegum boga yfir varnarvegginn og endaði efst í hægra horninu, óverjandi fyrir Edwin van der Saar í markinu hjá Manchester United.

Alex Ferguson, knattspyrnustjóri Man. Utd. var að vonum ósáttur í leikslok. „Við hefðum átt að gera út um leikinn áður en Tottenham jafnaði. En ég verð nú líka að hrósa leikmönnum Tottenham því þeir spiluðu vel. En það vantar meiri baráttu í lið mitt og vonandi tekst okkur betur upp í næstu leikjum."

Liverpool gerði ekki góða ferð til London þegar liðið mætti Fulham á Craven Cottage. Collins John kom heimamönnum yfir á 32. mínútu með ágætu marki og staðan 1-0 í hálfleik. Söknarleikur Liverpool hefur verið afar stirður það sem af er tímabili en liðið hefur aðeins skorað fimm mörk í átta leikjum. Luis Boa Morte bætti við öðru marki á lokamínútu leiksins og lokastaðan því 2-0 Fulham í vil.

magnush@frettabladid.is

ROBERT PIRES OG THIERRY HENRY Hér sjást þeir félagar reyna að spila boltanum úr vítaspyrnunni en það mistókst algjörlega. Á efri myndinni sjást leikmenn Tottenham fagna Jermaine Jenas, sem skoraði stórkostlegt mark beint úr aukaspyrnu gegn Man. utd.

Ívar Ingimarsson og íslenska landsliðið:

Ívar hefur fullan stuðning knattspyrnustjórans

FÓTBOLTI Ívar Ingimarsson nýtur fulls trausts Steve Coppell, framkvæmdastjóra síns hjá enska 1. deildarliðinu Reading, kjósi hann að gefa kost á sér í íslenska landsliðið á ný. Þetta kemur fram í viðtali við Coppell á opinberri heimasíðu Reading.

Ívar ákvað um mitt síðasta ár að gefa ekki kost á sér í landsliðið undir stjórn Ásgeirs Sigurvinssonar og Loga Ólafssonar þar sem honum fannst tækifæri sín með liðinu af skornum skammti. Síðan hefur hann blómstrað með félagsliði sínu og vilja margir meina að það stafi að stórum hluta vegna minna álags sem fæst með því að sleppa við öll ferðalögin sem fylgja landsliðinu. Eftir að Eyjólfur Sverrisson var ráðinn sem landsliðsþjálfari hefur Ívar gefið sterklega til kynna að hann muni gefa kost á sér á nýjan leik.

„Ákvörðunin er algjörlega undir Ívari komin," segir Coppell. „Ég skildi það mjög vel á sínum tíma þegar hann hætti að spila fyrir landsliðið. Hann taldi að sitt hlutskipti væri að vera varamaður, sama hvernig gengi liðsins var, og honum líkaði það ekki. Hann var mjög vonsvikinn á þeim tíma en ef hann vill snúa aftur þá mun ég styðja hann 100%," segir Coppell.

- vig

ÍVAR INGIMARSSSON Mun líklega gefa kost á sér í íslenska landsliðið á ný.

ÚRSLIT GÆRDAGSINS

Þýska úrvalsdeildin:

B. MUNCHEN-DUISBURG	4-0
FRANKFURT-KÖLN	6-3
HANNOVER-W. BREMEN	0-0
HERTHA BERLÍN-MAINZ	3-1
M´GLADBACH-KAISERSLAUTERN	4-1
NURNBERG-BIELEFELD	2-3
WOLFSBURG-SCHALKE	0-0

STAÐA EFSTU LIÐA:

BAYERN M.	**10**	**8**	**1**	**1**	**22-6**	**25**
W. BREMEN	10	7	2	1	27-12	23
HAMBURG	**9**	**6**	**2**	**1**	**17-5**	**20**
SCHALKE	10	4	6	0	11-6	18
M´GLADB.	**10**	**5**	**3**	**2**	**15-11**	**18**
HERTHA	10	5	2	3	15-13	17
WOLFSB.	**10**	**4**	**4**	**2**	**12-12**	**16**
BIELEFELD	10	3	3	4	12-15	12
D´MUND	**9**	**2**	**5**	**2**	**14-13**	**11**
HANNOVER	10	2	5	3	13-13	11
STUTTGART	**9**	**2**	**5**	**2**	**10-10**	**11**

EINAR LOGI VIGNISSON: SKRIFAR UM FÓTBOLTANN Í SUÐURLÖNDUM.

Blessaðir bæjarvellirnir að syngja sitt síðasta

Hvernig stendur á því að eitt af fimm ríkustu félagsliðum heims, Juventus, leikur á jafn ónýtum leikvangi og Delle Alphi er? Og hvernig stendur á því að ekki einn einasti leikvangur hefur verið byggður á síðustu 15 árum í einu höfuðlandi fótboltans á mestu velmegunartímum í sögu leiksins fagra?

Þetta eru spurningar sem þeir sem fylgjast með ítalska boltanum spyrja sig gjarna. Svörin eru margslungin en bera flest að sama brunni; úreltu fyrirkomulagi á eignarhaldi á leikvöllum syðra.

Lág leiga veitti forskot

Á Ítalíu er knattspyrna talin mikilvægur hluti af menningararfi þjóðarinnar. Opinber afskipti af ýmsum viðskiptalegum ákvörðunum tengdum fótboltanum eru algeng ef að talið er að málin snerti almannaheill. Þannig er skylt að sýna frá helstu stórmótum og öllum leikjum ítalska landsliðsins í opinni dagskrá í sjónvarpi. Einnig beita yfirvöld félögin þrýstingi um að halda miðaverði niðri og gæta þess að ungviðið geti komist á leiki án þess að fara að tína flöskur eða bera út blöð en fátt vita Ítalir verra en að fólk byrji að vinna mikið fyrir þrítugt. Mestu afskiptin eru þó í gegnum leigu á leikvöllum en á Ítalíu hefur sú hefð skapast að öll helstu bæjarfélög landsins eiga sinn leikvöll sem síðan eru leigðir út til liðanna. Eina nafntogaða liðið sem á sinn völl er Bari auk þess sem Vicenza er að eignast bæjarvöllinn um þessar mundir. Þetta fyrirkomulag hefur ríkt frá upphafi vegar og ekki staðið styrr um þetta fyrirkomulag fyrr en síðasta áratugin. Enda var þetta afar hagstætt liðunum lengstum, leigan á völlunum var lág og það veitti liðunum svigrúm til að yfirbjóða ensku og spænsku liðin í samkeppninni um erlenda leikmenn.

Átveislan olli ógleði

Í kringum 1990 fór hinsvegar að hrikta í stoðum þessa kerfis. Fyrir heimsmeistarakeppnina sem haldin var á Ítalíu 1990 átti sér stað mikil uppbygging á leikvöllum. Margir vellir voru byggðir eða endurbyggðir. Sem dæmi má nefna að Delle Alphi og völlurinn í Bari voru nýbyggingar og San Siro í Mílanó og Marassi í Genóa voru endurbyggðir frá grunni þannig að nánast algerlega nýja leikvanga var að ræða. Þessar framkvæmdir fóru algerlega úr böndunum og sprengdu allar kostnaðaráætlanir þúsundfalt. Mafían á Ítalíu hafði löngum komið sér vel fyrir í byggingariðnaðinum í suðurhluta landsins og allir lokuðu augunum fyrir því. En þjóðinni var ofboðið þegar upp fyrir henni rann að mafían átti óbeint öll helstu fyrirtækin sem mökuðu krókinn á þessum framkvæmdum. „Þetta var svo óhófleg átveisla að Ítölum varð óglatt, fólk vissi að mafían makaði krókin á ýmsum framkvæmdum en það var of mikið að þeir skyldu skíta úr sjálfa þjóðaríþróttina" segir Giorgio Baruchello lektor við Háskólann á Akureyri og bætir við að HM hneykslið hafi átt stóran þátt í þeirri þjóðarvakningu sem varð gegn mafíunni á þessum árum og nefnd var hreinar hendur.

Ofdekruð stórlið

Fótboltafélögunum var slétt sama um spillinguna, þau fengu glæsivelli í hendurnar fyrir lítið. Fljótlega fór þó gamanið að kárna, bæjarfélögin voru að sligast undan afborgunum af völlunum. Einnig var það þungur baggi að þar sem að langflestir vellirnir höfðu verið endurbyggðir í stað þess að reisa nýja í útjaðri borganna þá hefur löggæslukostnaður ævinlega verið mjög hár. Samgöngukerfið ræður illa við þessa gömlu velli í hjarta bæjanna og lögreglan þarf að vera með meiri viðbúnað þar sem tugþúsundir streyma í gegnum íbúðahverfi en þyrfti ef vellirnir væru betur staðsettir. Ítölsku félögin hafa hinsvegar ekki verið tilbúin að taka við rekstri vallanna og þrátt fyrir vegna óánægju stórliðana með núverandi fyrirkomulag hefur ekki einn einasti völlur verið byggður síðan 1990. Juventus situr sáróánægt á Delle Alphi og hótar borgaryfirvöldum að flytja eitthvað annað ef þau styrkja ekki byggingu nýs vallar í eigu Juve. Er þar komið að kjarna málsins, liðin eru orðin svo fársjúk af ofdekri borgar og ríkis í gegnum tíðina að þau hafa hvorki dug né þor til að reka af sér slyðruorðið og reisa almennilega velli á eigin reikning.

ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

„Ooh, man – you scared the crap out of me. See? There it is."

Svar:
Rodney úr kvikmyndinni Dr. Doolittle árið 1998.

dagskrá

Í TÆKINU VALERIA GOLINO LEIKUR Í RESPIRO KL.21.55 Í SJÓNVARPINU

Átti að leika aðalhlutverkið í Pretty Woman

Leikkonan Valeria Golino fæddist í Napoli 22. október 1966. Ítalskur faðir Valeriu var sérfræðingur í menningu Þjóðverja en móðir hennar var grískur málari. Foreldrar Valeriu skildu snemma og hún flakkaði mikið á milli Napoli og Aþenu í barnæsku.
Valeria var 14 ára þegar hún hóf fyrirsætustörf í Aþenu en eftir að hafa verið uppgötvuð af leikstjóranum Linu Wertmuller lék hún sitt fyrsta kvikmyndahlutverk og hætti stuttu síðar í skóla. Hún lék fyrsta aðalhlutverkið árið 1985 í myndinni Little Fires eftir Peter Del Monte en ári síðar hlaut hún verðlaun sem besta leikkonan á Feneysku kvikmyndahátíðinni fyrir myndina Storia d'amore. Eftir að hafa leikið í nokkrum evrópskum myndum (Last Summer in Tangiers, The Gold-Rimmed Glasses og Love and Fear) fór hún til Hollywood og lék árið 1988 í myndinni Big Top Pee-wee. Fljótlega fékk hún hlutverk í myndum eins og Rain Man með Dustin Hoffman í aðalhlutverki og Hot Shots! and Hot Shots! Part Deux þar sem hún lék á móti Charlie Sheen. Hún kom líka til greina í hinni frægu Pretty Woman en Julia Robert hreppti hlutverkið þar sem Valeria hafði ekki enn losað sig við ítalskan hreiminn.
Núna leikur Valerie jafnt í bandarískum myndum (Clean State, An Occasional Hell), evrópskum (The King's Whore, Immortal Beloved) og ítölskum, sér í lagi með ungum leikstjórum (Like Two Crocodiles, Le Acrobate, L'albero delle pere).
Valeria átti í fjögurra ára ástarsambandi við leikarann Benicio Del Toro en í dag er hún trúlofuð ítalska leikaranum Andrea Di Stefano.

Þrjár bestu myndir Valeriu: **Rain Man** – 1988 **Immortal Beloved** – 1994 **Frida** – 2002

21.55 *Bíó*
RESPIRO

20.15 *Gaman*
MONK

21.15 *Raunveruleiki*
MY SUPERSWEET

11.00 *Nýtt*
SUNNUDAGS-ÞÁTTURINN

20.30 *Golf*
US PGA FUNAI CLASSIC

SJÓNVARPIÐ

8.00 Morgunstundin **8.03** Engilbert **8.15** Matti morgunn **8.30** Magga og furðudýrið **9.00** Disneystundin **9.01** Lilo og Stitch **9.23** Teiknimyndir **9.31** Mikki mús **9.54** Matta fóstra **10.21** Leirkarlinn **10.27** Latibær **10.55** Spaugstofan **11.25** Kallakaffi **11.55** Hrjóta ekki allir?

12.25 Þjóðlegar og skemmtilegar **12.45** Ásýnd íslams breytist **14.00** Söngvakeppnin í 50 ár **16.50** Andlitið (1:2) **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Stundin okkar

18.30 **Fjársjóðsleitin**
18.50 **Lísa** (2:13)
19.00 **Fréttir, íþróttir og veður**
19.35 **Kastljós**
20.00 **Kallakaffi** (5:12)
20.30 **Örninn** (1:8) (Ørnen II) Danskur spennumyndaflokkur um hálfíslenskan rannsóknarlögreglumann í Kaupmannahöfn, Hallgrím Örn Hallgrímsson, og baráttu hans við skipulagða glæpastarfsemi.
21.30 **Helgarsportið**
▶ **21.55** **Eyjan hennar Graziu** (Respiro) Ítölsk verðlaunamynd frá 2002 um þriggja barna móður sem býr á fátækri eyju og er frjálsleg í háttum. Manninn hennar og aðra eyjarskeggja grunar að hún sé galin og þeir vilja senda hana á geðsjúkrahús en sonur hennar er á öðru máli.

23.50 Kastljós **23.55** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

STÖÐ 2

7.00 Barnatími (Kýrin Kolla, Litlir hnettir, Pingu, Myrkfælnu draugarnir, Töfrastígvélin, Addi Paddi, Könnuðurinn Dóra, Ginger segir frá, WinxClub, Batman, Scooby Doo, Horance og Tína, Titeuf, Skrímslaspilið, Froskafjör, Strórí draumurinn, Home Improvement 2)

12.00 Silfur Egils **13.30** Neighbours **13.50** Neighbours **14.10** Neighbours **14.30** Neighbours **14.50** Neighbours **15.15** Það var lagið **16.15** Idol – Stjörnuleit 2 (33:37) (e) **17.40** Idol – Stjörnuleit 2 (34:37) (e) **18.10** Whoopi (5:22) (e)

18.30 **Fréttir Stöðvar 2**
19.15 **Einu sinni var (6:6)** (Dómari)
19.40 **Sjálfstætt fólk**
▶ **20.15** **Monk (15:16)** (Mr. Monk And The Election) Rannsóknarlöggan Adrian Monk er einn sá besti í faginu. Aðferðir hans eru oft stórfurðulegar en árangursríkar. Monk er illa haldinn af vænisýki en hin snjalla rannsóknarlögga getur verið óþolandi á köflum. Í þriðju syrpunni heldur Adrian Monk uppteknum hætti og leysir hvert málið á fætur öðru.
21.00 **Blind Justice (10:13)** (Blint réttlæti) Hörkuspennandi myndaflokkur.
21.45 **The 4400 (2:13)** (4400) Magnþrunginn myndaflokkur.
22.30 **Deadwood (5:12)** (Complications) Verðlaunaþáttaröð um lífið í villta vestrinu.

23.20 Idol Sjtörnuleit 3 (4:45) **0.15** Crossing Jordan (9:21) **1.00** Silfur Egils **2.30** Route 666 (Stranglega bönnuð börnum) **3.55** Heroe's Mountain **5.35** Strákarnir **6.00** Fréttir Stöðvar 2 **6.45** Tónlistarmyndbönd frá Popp Tívi

SIRKUS

14.40 Real World: San Diego (18:27) **15.10** The Cut (8:13) **16.00** Veggfóður **16.50** Hell's Kitchen (8:10) **17.35** Friends 4 (5:24) **18.00** Idol extra 2005/2006

18.30 **Fréttir Stöðvar 2**
19.00 **Fashion Televison (1:4)**
19.30 **Hogan knows best (3:7)** (Brooke's Big Break) Hulk Hogan er ekki einungis frægasti glímukappi heims.
20.00 **Hell's Kitchen (9:10)** (Hell's Kitchen 1)
20.45 **Laguna Beach (3:11)** Einn ríkasti og fallegasti strandbær veraldar.
▶ **21.15** **My Supersweet (3:6)** Raunveruleikaþáttur frá MTV þar sem fylgst er með nokkrum 15 ára stúlkum sem eruá fullu að undirbúa sig fyrir stærstu stund lífs þeirra hingað. 16 ára afmæli þeirra er á næsta leyti og samkvæmt hefðinni verður haldið stórt ball.
21.45 **Fashion Televison (3:4)**
22.15 **Weeds (3:10)**
22.50 **So You Think You Can Dance (3:13)**

0.05 Rescue Me (3:13) **0.55** Ken Park (Stranglega bönnuð börnum)

SKJÁREINN

10.15 Þak yfir höfuðið (e)
▶ **11.00** Sunnudagsþátturinn – NÝTT!

12.00 Cheers – öll vikan (e) **14.00** Design Rules (e) **14.30** Allt í drasli (e) **15.00** House (e) **16.00** Sirrý (e) **17.00** Innlit / útlit (e) **18.00** Judging Amy (e)

19.00 **Battlestar Galactica (e)** Það lítur út fyrir að það leynast óvinir á Galactica.
20.00 **Popppunktur**
21.00 **Dateline** Dateline er margverðlaunaður, fréttaskýringaþáttur frá NBC sjónvarpsstöðinni í Bandaríkjunum. Þættirnir hafa unnið til fjölda viðurkenninga og eru frægir fyrir gagnrýna og óvægna umfjöllun sína um þau mál sem hæst ber.
22.00 **C.S.I: New York** Stella rannsakar morð á barnfóstru en hún finnst myrt á almenningsklósetti í Central Park.
22.50 **Da Vinci's Inquest** Da Vinci rannsakar dauða barns og það lítur allt út fyrir að barnið hafi framið sjálfsmorð

23.40 C.S.I. (e) **0.35** Sex and the City (e) **2.05** Cheers – 7. þáttaröð (e) **2.30** Þak yfir höfuðið (e) **2.40** Óstöðvandi tónlist

SÝN

7.55 Spænski boltinn **9.35** UEFA Champions League **11.15** Meistaradeildin með Guðna Berg **11.55** A1 Grand Prix

15.30 Meistaradeildin í handbolta **16.50** Spænski boltinn

18.50 **Ítalski boltinn** (Serie A) Bein útsending frá ítalska boltanum. Um helgina mætast eftirtalin félög: AC Milan – Palermo, Chievo – Cagliari, Fiorentina – Parma, Leece – Juventus, Livorno – Reggina, Messina – Ascoli, Roma – Lazio, Sampdoria – Siena, Treviso – Empoli og Udinese – Inter.
▶ **20.30** **US PGA Funai Classic** Bein útsending frá síðasta keppnisdegi Funai Classic sem er liður í bandarísku mótaröðinni. Ryan Palmer sigraði á mótinu í fyrra og á því titil að verja. Leikið er í Flórída.

23.30 US Champions Tour 2005 **0.25** Spænski boltinn

STÖÐ 2 BÍÓ

6.00 Showtime (B. börnum) **8.00** Baywatch: Hawaiian Wedding **10.00** Kate og Leopold **12.00** Johnny English **14.00** Baywatch: Hawaiian Wedding **16.00** Kate og Leopold **18.00** Johnny English **20.00** **Showtime** (Stóra tækifærið) Hasargamanmynd. **22.00** **Patton** Mögnuð fjögurra stjarna bíómynd. **0.45** Lovely and Amazing (B. börnum) **2.15** Showtime (B. börnum) **4.00** Patton (e)

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

E! ENTERTAINMENT

12.00 Rich Kids: Cattle Drive **13.00** Rich Kids: Cattle Drive **14.00** Rich Kids: Cattle Drive **15.00** Rich Kids: Cattle Drive **16.00** Rich Kids: Cattle Drive **17.00** The E! True Hollywood Story **18.00** Star Maps **19.00** The E! True Hollywood Story **20.00** Fight For Fame **21.00** Rich Kids: Cattle Drive **22.00** Wild On Tara **22.30** Wild On Tara **23.00** Party @ the Palms **23.30** Party @ the Palms **0.00** 101 Most Awesome Moments in... **1.00** 101 Most Awesome Moments in...

AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

ENSKI BOLTINN

10.15 West Ham – Middlesbrough frá 22.10 **12.20** Newcatle – Sunderland (b) **14.50** Everton – Chelsea (b) **17.15** Newcastle – Sunderland

19.30 **Everton – Chelsea** Leikur sem fram fór fyrr í dag.
21.30 **Helgaruppgjör**
22.30 **Helgaruppgjör (e)**

23.30 Spurningaþátturinn Spark (e) **0.00** Dagskrárlok

VIÐ MÆLUM MEÐ...

Ørnen

Sjónvarpið **kl. 20.30**

Hallgrim er hálfíslenskur lögreglumaður

Danskir spennuþættir

Nú er hafin ný syrpa úr danska spennumyndaflokknum Erninum. Þættirnir fjalla um hálfíslenskan rannsóknarlögreglumann í Kaupmannahöfn, Hallgrim Örn Hallgrimsson, og baráttu hans við skipulagða glæpastarfsemi og skugga sinnar eigin fortíðar. Þetta eru æsispennandi þættir þar sem sagan berst út um víðan völl, til Svíþjóðar og Noregs, Berlínar, Parísar, Pétursborgar og Kongó. Meðal leikenda eru Jens Albinus og Marina Bouras en íslensku leikararnir Elva Ósk Ólafsdóttir og Kormákur Gunnarsson einnig við sögu.

TALSTÖÐIN FM 90,9

9.00 Er það svo? e **10.03** Gullströndin – Skemmtiþáttur Reykjavíkurakademíunnar **11.00** Messufall

12.10 Silfur Egils **13.40** Sögur úr Húsdýragarðinum e. **14.00** Sögur af fólki **15.03** Barnatíminn **16.00** Laugardagsmorgunn **18.00** Hitt og þetta úr Allt&sumt e.

18.30 Fréttir Stöðvar 2 **19.00** Barnatíminn e. **20.00** Sögur úr Húsdýragarðinum e **20.30** Silfur Egils e. **22.00** Sannar kynjasögur eftir Cheiro. **23.00** Frjálsar hendur Illuga Jökulssonar.

0.00 Messufall e. **1.00** Gullströndin e.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

8.00 Fréttir **8.05** Morgunandakt **8.15** Tónlist á sunnudagsmorgni **9.03** Lóðrétt eða lárétt **10.00** Fréttir **10.15** Bókmenntaárið 1955 **11.00** Guðsþjónusta í Árbæjarkirkju

12.00 Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **13.00** Fjölskylduleikritið: Dóttir línudansaranna **14.10** Söngvamál **15.00** Fjallkonur fyrr og nú **16.00** Fréttir **16.10** Endurómur úr Evrópu

18.28 Seiður og hél **19.00** Íslensk tónskáld **19.40** Þjóðbrók **20.35** Sagnaslóð **21.15** Laufskálinn **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Slæðingur **22.30** Í kvöld um kaffileytið **23.00** Kvöldvísur

0.10 Útvarpað á samtengdum rásum

RÁS 2 FM 90,1/99,9

6.05 Morguntónar **8.00** Fréttir **8.05** Morguntónar **9.00** Fréttir **9.03** Helgarútgáfan **10.00** Fréttir **10.05** Helgarútgáfan

12.20 Hádegisfréttir **12.45** Helgarútgáfan **16.00** Fréttir **16.08** Rokkland

18.00 Kvöldfréttir **18.28** Tónlist að hætti hússins **19.00** Sjónvarpsfréttir **20.00** Popp og ról **22.00** Fréttir **22.10** Popp og ról

0.00 Fréttir

BYLGJAN FM 98,9

5.00 Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

12.00 Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

18.30 Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

ÚTVARP SAGA FM 99,4

12.25 Meinhornið

AÐRAR STÖÐVAR

FM 95,7 Effemm / Zúúber tónlistarstöðin
FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp
FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni
FM 96,7 Létt / Tónlist og afþreying
FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni
FM 89,5 Kiss / Nýja bítið í bænum
FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni
FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying
FM 104,5 Radíó Reykjavík / Tónlist og afþreying

ERLENDAR STÖÐVAR

SKY NEWS
Fréttir allan sólarhringinn.

CNN INTERNATIONAL
Fréttir allan sólarhringinn.

FOX NEWS
Fréttir allan sólarhringinn.

EUROSPORT
11.30 Motorcycling: Grand Prix Turkey **13.00** Table Tennis: World Cup Liege Belgium **13.30** Table Tennis: World Cup Liege Belgium **15.00** Tennis: WTA Tournament Zurich **16.15** Beach Volley: Swatch-fivb World Tour Brazil **17.00** Cross-country Skiing: World Cup Düsseldorf Germany **18.00** Motorsports: Motorsports Weekend **18.30** FIA Gt: Championship Zhuhai **19.30** Car Racing: World Series by Renault Monza **19.45** Motorcycling: Grand Prix Turkey **20.45** Rally: World Championship Corsica France **21.15** Olympic Games: Mission to Torino **21.45** Freestyle Motocross: US Tour **22.15** News: Eurosportnews Report **22.30** Champ Car: World Series Australia

BBC PRIME
12.00 Classic EastEnders **12.30** Classic EastEnders **13.00** EastEnders Omnibus **13.30** EastEnders Omnibus **14.00** EastEnders Omnibus **14.30** EastEnders Omnibus **15.00** The Life of Mammals **16.00** Last of the Summer Wine **16.30** 2 point 4 Children **17.00** Down to Earth **18.00** Rick Stein's Food Heroes **18.30** Changing Rooms **19.00** No Going Back **20.00** Top Gear Xtra **21.00** I'll Show Them Who's Boss **21.40** Hunting Chris Ryan **22.30** Wildlife **23.00** Wellington: The Iron Duke **0.00** Mohammed Reza Pahlavi: The Last Shah **1.00** Spain on a Plate **1.30** Make German Your Business

NATIONAL GEOGRAPHIC
12.00 Seconds From Disaster **13.00** A Treasure Ship's Tragedy **14.00** The Nelson Affair **16.30** The Death of Aryton Senna **17.00** Perfect Swarm **18.00** When Expeditions Go Wrong **19.00** Megastructures **20.00** San Francisco Earthquake **21.00** Eruption At Pinatubo **22.00** Mount St Helens Eruption **23.00** San Francisco Earthquake **0.00** Eruption At Pinatubo

ANIMAL PLANET
12.00 Killing for a Living **13.00** The Life of Birds **14.00** Monkey Business **14.30** Meerkat Manor **15.00** Big Cat Diary **15.30** Predator's Prey **16.00** Crocodile Hunter **17.00** Lions **18.00** Amazon Super River **19.00** The Life of Birds **20.00** K9 Cops **21.00** Cell Dogs **22.00** Killing for a Living **23.00** The Life of Birds **0.00** Lions **1.00** Monkey Business **1.30** Meerkat Manor

DISCOVERY
12.00 Extreme Machines **13.00** Mythbusters **14.00** Brainiac **15.00** Deadliest Catch **16.00** Blueprint for Disaster **17.00** The Great Biker Build-Off **18.00** American Chopper **19.00** Mythbusters **20.00** Krakatoa **22.00** Zero Hour **23.00** Code of Silence **0.00** Spy

MTV
14.00 TRL **15.00** Dismissed **15.30** Just See MTV **16.30** Trippin' **17.00** World Chart Express **18.00** Dance Floor Chart **19.00** Switched On **20.00** Top 10 at Ten **21.00** Wonder Showzen **21.30** MTV Making the Movie **22.00** MTV Live **23.00** Just See MTV

VH1
12.00 Top 100 **20.00** Grease: Behind The Movie **21.00** VH1 Goes Inside **22.00** VH1 Weekly Album Charts **23.00** VH1 Hits

CLUB
12.10 Staying in Style Again **12.40** Matchmaker **13.10** Design Challenge **13.35** Lofty Ideas **14.00** Fantasy Open House **14.25** Completely Hammered **14.50** Art and Soul **15.15** City Hospital **16.00** Yoga Zone **16.25** The Method **16.50** Crime Stories **17.40** Retail Therapy **18.10** Girls Behaving Badly **18.40** The Roseanne Show **19.30** Come! See! Buy! **20.00** Cheaters **21.00** What Men Want **21.30** My Messy Bedroom **22.00** Sextacy **23.00** Women Talk **23.30** Sex and the Settee **0.00** Hollywood One on One **0.25** Hollywood One on One **0.55** Paradise Seekers **1.20** Staying in Style Again **1.50** Fantasy Open House

CARTOON NETWORK
12.00 Dexter's Laboratory **12.30** Ed, Edd n Eddy **13.00** Codename: Kids Next Door **13.30** The Powerpuff Girls **14.00** Hi Hi Puffy AmiYumi **14.30** Atomic Betty **15.00** Transformers Energon **15.30** Beyblade **16.00** Codename: Kids Next Door **16.30** Foster's Home for Imaginary Friends **17.00** Duck Dodgers in the 24 1/2 Century **17.30** Charlie Brown Specials **18.00** What's New Scooby-Doo? **18.30** Tom and Jerry **19.00** The Flintstones **19.30** The Jetsons **19.45** The Jetsons **20.00** Droopy Master Detective **20.30** Scooby-Doo **21.00** Tom and Jerry **22.00** Dexter's Laboratory **22.30** The Powerpuff Girls **23.00** Johnny Bravo **23.30** Ed, Edd n Eddy **0.00** Skipper & Skeeto **1.00** Spaced Out **1.30** Spaced Out

JETIX
12.05 Totally Spies **12.30** Totally Spies **13.00** Totally Spies **13.30** Totally Spies **14.00** Totally Spies **14.30** Totally Spies **15.00** Totally Spies **15.30** Totally Spies

MGM
12.10 Women of San Quentin **13.45** White Lightning **15.25** Lilies of the Field **17.00** Fight For Life **18.40** The Rosary Murders **20.25** Killing Mr. Griffin **22.00** The Lunatic **23.35** Sometimes They Come Back **1.15** Out on Bail

TCM
19.00 Cannery Row **21.00** Ice Station Zebra **23.25** Royal Wedding **1.00** Suzy **2.35** A Yank At Eton

HALLMARK
12.30 Love Or Money **14.15** The Sandy Bottom Orchestra **16.00** Dinotopia **17.30** I Do But I Don't **19.00** Law & Order Vi **19.45** McBride: The Chameleon Murder **21.15** My Own Country **23.00** High Sierra Search And Rescue **23.45** Law & Order Vi **0.30** I Do But I Don't

BBC FOOD
12.00 Full On Food **13.00** Off the Menu **13.30** My Favourite Chef **14.00** My Favourite Chef **14.30** Dinner in a Box **15.00** The Naked Chef **15.30** Saturday Kitchen **16.00** Neven Cooks **16.30** Safari Chef **17.00** Ainsley's Gourmet Express **17.30** Worrall Thompson **18.00** Sophie's Weekends **18.30** Paradise Kitchen **19.00** United States of Reza **19.30** The Tanner Brothers **20.00** Rachel's Favourite Food **20.30** Made to Order **21.00** The Hi Lo Club **21.30** Masterchef Goes Large

DR1
12.05 Champ Car **13.20** Tennis: ATP Challenger turnering, finale **14.20** HåndboldSøndag **16.00** Sigurds Bjørnetime **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** 'Allo 'Allo! **17.30** Sådan ligger landet **18.00** Ørnen **19.00** TV Avisen **19.15** Søndag **19.45** Søndagssporten med SAS liga **20.10** De skrev historie **20.50** Blind Justice **21.30** OBS **21.35** You Can Count on Me

SV1
12.20 Go'kväll **13.05** Folktoppen **14.05** Antonio Negri **15.00** Gränslös kärlek **15.30** Skolakuten **16.00** BoliBompa **16.01** Nasse **16.10** Pingu **16.15** Tv-huset **17.30** Rapport **18.00** Lite som du **18.30** Sportspegeln **19.15** Stopptid **19.20** Agenda **20.15** VeteranTV **20.45** Vetenskap – Universums hemligheter **21.15** Rapport **21.25** Design 365 **21.30** Kommissionen **22.15** Sändning från SVT24

ALLIR Á MÓTI ÖLLUM
...OG ALLIR MEÐ ÖLLUM?

ÁSTARFLEYIÐ FIMMTUDAGA KL. 21:00

FYLGSTU MEÐ!

SIRKUS

HRÓSIÐ

...fá aðstandendur Iceland Airwaves-hátíðarinnar fyrir enn eina vel heppnuðu hátíðina.

HIN HLIÐIN - REGÍNA ÓSK ÓSKARSDÓTTIR SÖNGKONA

Mikilvægt að vera trúr sjálfum sér

Hvað er að frétta? Það er bara allt rosagott að frétta. Platan mín var að koma út í vikunni og það er nóg að gera að kynna hana.

Augnlitur?: Blágrár.

Starf?: Söngkona og söngkennari.

Fjölskylduhagir? Bý ein með dóttur minni.

Hvaðan ertu?: Úr Árbænum í Reykjavík. Borgarbarn.

Ertu hjátrúarfull/ur?: Nei, ég get ekki sagt það.

Uppáhaldssjónvarpsþáttur?: Judging Amy ef ég á að velja einn.

Uppáhaldsútvarpsþáttur?: Ég hlusta mjög lítið á útvarp en aðallega á Létt.

Uppáhaldsmatur?: Nautalundir með bakaðri kartöflu og bernaissósu.

Fallegasti staður?: Jökulsárlón finnst mér ofboðslega fallegt.

ipod eða geislaspilari?: Ég á hvorugt en nota ipod í vinnunni við að kenna.

Hvað er skemmtilegast?: Að syngja.

Hvað er leiðinlegast?: Skúra.

Helsti veikleiki?: Fljótfærni.

Helsti kostur?: Ég er stundvís og traustur vinur.

Helsta afrek?: Að fæða barnið mitt.

Mestu vonbrigði?: Að hafa hætt píanónámi of snemma.

Hver er draumurinn?: Að geta haldið áfram að vinna við tónlist.

Hver er fyndnastur/fyndnust? Ég myndi segja Pétur í Strákunum.

Á hvað trúirðu?: Sjálfa mig.

Hvað fer mest í taugarnar á þér? Baktal og óstundvísi.

Uppáhaldskvikmynd?:Pretty Woman.

Uppáhaldsbók?: Harry Potterbækurnar.

Hvað er mikilvægast?: Að vera trúr sjálfum sér.

The White Stripes til Íslands

The White Stripes, ein vinsælasta rokkhljómsveit heims, heldur tónleika í Laugardalshöll þann 20. nóvember. Það er fyrirtækið Hr. Örlygur sem stendur fyrir Airwaves-hátíðinni sem sér um komu The White Stripes til Íslands.
Gítarleikarinn og söngvarinn Jack White og trommarinn Meg White mynda sveitina sem var stofnuð í Detroit árið 1997.
Sveitin vakti mikla athygli fyrir sína fyrstu breiðskífu sem bar nafn sveitarinnar árið 1999. Í kjölfarið fylgdu skífurnar De Stijl, White Blood Cells og Elephant sem með lögum á borð við Seven Nation Army og I Just Don't Know What To Do With Myself kom The White Stripes í röð vinsælustu hljómsveita heims.
Fimmta breiðskífa sveitarinnar Get Behind Me Satan, sem kom út í sumar, hefur fengið góðar viðtökur bæði hlustenda og gagnrýnenda. Fyrstu tvö smáskífulög plötunnar Blue Orchid og My Doorbell hafa notið mikilla vinsælda, en nýtt smáskífulag „The Denial Twist" kemur út viku fyrir tónleika þeirra í Reykjavík.

THE WHITE STRIPES

STEINUNN SIGURÐARDÓTTIR Hugleiddi það eina kvöldstund hvort hún ætti að fá taugaáfall. Komst svo að þeirri niðurstöðu að það væri sennilega ekki það réttasta í stöðunni.

STEINUNN SIGURÐARDÓTTIR: LÆTUR ÞJÓFNAÐ EKKI TRUFLA SIG.

Sólskinshesturinn sprengdur?

Í sjö ár hefur rithöfundurinn Steinunn Sigurðardóttir unnið að skáldsögunni Sólskinshestur sem kemur út í næsta mánuði. Hún býr í litlu þorpi að nafni Pouzoll en það er átta hundruð manna þorp í Frakklandi. Fyrir skömmu þurfti höfundurinn hins vegar að bregða undir sig betri fætinum og koma heim. Dóttirin að gifta sig. Vegna tæknilegra örðugleika var ekki unnt að flytja söguna á milli tölva og neyddist hún því til að prenta þrekvirkið út. Vinnuferð og einangrun í Ölfusi var óumflýjanleg þar sem Steinunn dvaldist og vann myrkrana á milli við að handskrifa leiðréttingar á handritinu.

Hálfum mánuði síðar var það tilbúið og ferðinni heitið heim til Frakklands þar sem færa átti leiðréttingarnar inn á tölvutækt form. „Ég setti handritið í bakboka og setti hann ekki upp í handfarangursgeymsluna heldur við fæturna. Gætti hans eins og sjáaldurs auga míns og var í raun slétt sama um allt annað," útskýrir Steinunn og hlær.

Allt gekk eins og í sögu en þegar komið var á flugvöllinn sneru heilladísirnar baki við henni. „Sambýlismaður minn þurfti að finna bílastæðamiðann," segir Steinunn og sú leit gekk ekki þrautalaust fyrir sig. „Ég lagði bakpokann frá mér á kerru og við lentum í smá krađaki. Þegar röð og regla komst á hlutina var bakpokinn á bak og burt." Einmana útroðnir bakpokar eru ekki vel séðir á alþjóðaflugvelli en þeir eru sprengdir í loft upp án nokkurrar viðvörunar. Steinunn segist hafa leitað af sér allan grun og fengið staðfestingu hjá lögreglunni á staðnum að bakpokinn hafi ekki hlotið svo grimmileg örlög heldur verið stolið. Hún geti þó ekki verið hundrað prósent viss.

Steinunn segir að hún hafi tekið sér eina kvöldstund og hugleitt hvort hún ætti að fá taugaáfall eða ekki. „Ég og maðurinn minn fórum út að borða á ítalskan veitingastað. Þar ákvað ég að þessi þjófur skyldi ekki komast upp með þetta," segir hún ákveðin. Strax daginn eftir gróf hún djúpt í heilabúið og reyndi að muna allar leiðréttingarnar. Sumar hafi komið fram í dagsljósið en aðrar séu týndar og tröllum gefnar. „Þetta kostaði mikla vinnu og sumt varð betra en annað ekki." Bókin kemur hins vegar út þrátt fyrir tilraun bakpokaþjófs að koma í veg fyrir það.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Mannlífsrýnirinn **Jón Ársæll Þórðarson** tekur hús á sjálfum **Gísla Marteini Baldurssyni** í þætti sínum Sjálfstætt fólk á Stöð 2 í kvöld. Jón Ársæll fylgist með þessum glaðlega fyrrverandi sundlaugarverði, sem vill nú verða borgarstjóri, í leik og starfi í nokkra daga og segir Gísla Martein fara á kostum í þættinum. Það má því búast við miklu stuði á Stöð 2 í kvöld þó þetta val á viðmælanda Jóns Ársæls hafi vakið upp blendnar tilfinningar, ekki síst hjá stuðningsmönnum **Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar**, sem stefnir líkt og Gísli Marteinn á fyrsta sætið í prófkjöri sjálfstæðismanna fyrir borgarstjórnarkosningarnar.

Það er vitaskuld fín kynning að komast að hjá Jóni Ársæli. Stuðningsmenn Vilhjálms undrast mjög þann góðvilja sem Gísli Marteinn, starfsmaður RÚV til margra ára, á inni hjá samkeppnisaðilanum á Stöð 2 en hann var nýlega einn í viðtali í Ísland í dag þar sem **Svanhildur Hólm Valsdóttir** spjallaði við hann. Á milli þeirra er svo góður kunningsskapur að Gísli Marteinn var veislustjóri í brúðkaupi hennar í sumar. Þar var látið í það skína að Vilhjálmur hefði ekki treyst sér til að mæta Gísla Marteini í beinni. Úr herbúðum Vilhjálms hefur hins vegar heyrst að Vilhjálmur og Gísli hefðu gert með sér samkomulag um að mætast fyrst í Kastljósi Sjónvarpsins á fimmtudaginn en Gísli hefði kosið að þjófstarta í Íslandi í dag.

thorarinn@frettabladid.is

alltmatur
Alla föstudaga

Íslendingar á Taggart-ráðstefnu

Þó að Jim Taggart hafi safnast til feðra sinna þá lifir minningin um Taggart góðu lífi. Í Glasgow stóð nýlega yfir ráðstefna til heiðurs þáttaröðunum um lögregluna í Glasgow. Að sjálfsögðu voru Íslendingar þar á meðal þátttakenda en um áttatíu ráðstefnugestir úr öllum hornum heimsins sóttu skosku borgina heim.

Jim Taggart og félagar birtust fyrst á skjánum fyrir rúmum tuttugu árum. Þættirnir hafa unnið til fjölda verðlauna og eru nú sýndir í yfir áttatíu löndum. Ráðstefnugestir borguðu tuttugu pund eða rúmar tvö þúsund krónur og var í verðinu innifalið hlaðborð. Þá mátti sjá á heimasíðu ráðstefnunnar að hægt var að komast á barinn en hann var þó ekki innifalinn í kostnaðinum.

Þættirnir komu hingað til lands og nutu hvað mestra vinsælda þegar Taggart sjálfur var í fararbroddi. Mark McManus, sem gerði lögreglustjórann ódauðlegan, lést fyrir ellefu árum og telja margir að þættirnir hafi ekki beðið þess bætur. Engu að síður skila þeir ITV-sjónvarpsstöðinni sjö milljónum punda á ári sem samsvarar 750 milljónum íslenskra króna.

DUFF OG MICHIE Hafa reynt að halda uppi heiðri Taggart-þáttanna sem margir telja að hafi dáið með Mark McManus sem lék Jim Taggart.

Leikararnir Blythe Duff sem lék lögreglukonuna Jackie Reid og John Michie sem er Robbie Ross voru meðal þeirra sem heiðruðu ráðstefnuna með nærveru sinni auk fjölda framleiðenda og leikstjóra.

Veftímaritið Evening Times gerði ráðstefnunni nokkuð góð skil og sömuleiðis The Herald. Það er því deginum ljósara að Taggart lifir.

Opið í dag

BT Skeifan kl. 11 til 22

BT Kringlunni, BT Egilsstöðum, BT Selfossi kl. 13 til 17

BT Smáralind kl. 12 til 18

TOSHIBA Satellite

PSM40E-08D03NED

TOSHIBA SATELLITE M40-238

- Intel® Centrino™ mobile tækni
- Intel® Pentium® M 740 1.73 GHz (Dothan)
- 512MB DDR minni (Mest 2048MB)
- 60GB S.M.A.R.T. drif
- 15.4" Breiðtjaldsskjár (1280 x 800 upplausn)
- ATI X600 64MB DDR skjástýring
- Super DVD Multi brennari - Dual Layer
- 10/100 Ethernet og V.90 mótald
- VGA skjátengi, Sjónvarpsútgangur
- i.LINK® (IEEE 1394) Firewire, 3x USB 2.0
- Media Bay kortalesari
- Harman Kardon víðóma hátalarar
- 360 x 270 x 25 mm, 2.78 kg
- Lithium-ion, Allt að 3.7 klst. (Mobile Mark™)
- Intel® PRO/Wireless 2200 b/g 54Mbps
- Windows XP Home
- 2 ára alþjóðleg ábyrgð á vinnu og varahlutum

15,4"

Intel Centrino
Ný útgáfa af Centrino örgjörvanum sem afkastar allt að 22% meira

15,4 Breiðtjaldsskjár
Sjáðu alla myndina í góðri upplausn en hámarks-upplausn er 1280 x 800 punktar.

FireWire (DV ready)
Gerir stafræna myndvinnslu að veruleika. Nú er leikur einn að færa myndskeið af stafrænni tökuvél og klippa í tölvunni.

S.M.A.R.T
Verndar gögnin þín. Með þessari tækni eru gögnin þín öruggari. Lætur þig vita af yfirvofandi bilun harða disksins.

Harman Kardon hátalarar
Toshiba hefur notast við Harman Kardon hátlarar í sínum fartölvum í gegnum tíðina. Betri hljóm færð þú varla.

ATI X600 skjákort
Eitt öflugasta skjákortið á markaðnum. Ný og hraðari tækni, PCI-Express gagnabrautir.

Þessi getur ALLLLLT!

FYLGIR 4.799

FYLGIR

*4.487

20th Anniversary Toshiba Notebook PC Since 1985

Árið 1985 var fyrsta fartölva heimsins sett á markað af Toshiba. Toshiba hefur verið leiðandi í framleiðslu og þróun fartölva í 20 ár

4.487* Tölvukaupalán 48 mán.

13.999** Vaxtalaust 12 mán.

155.988 Staðgreitt

*Meðalmánaðargreiðsla á 48 mánaða tölvukaupaláni V.Í.S. Umsóknin er afgreidd á staðnum á innan við mínútu.

**Miðað við 12 jafnar vaxtalausar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 0,5% stimpilgjald bætist við samningsfjárhæðina og greiðist með jöfnum greiðslum yfir samningstímann.

DVD spilari og upptökutæki

TEVION

DVD spilari með upptöku
- Innbyggður 160GB harður diskur - fyrir upptöku á allt að 204 klukkustundum.
- DV tengi að framan
- Nicam Stereo
- Time-Shift tækni - settu sjónvarpið á pásu
- Progressive Scan
- Þægilegur klippihugbúnaður
- OTR (One Touch Recording)
- Dolby Digital Decoder

3.299 Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST

39.588 STAÐGREITT

Time Shift tækni - settu sjónvarpið á pásu á meðan þú eldar kvöldmatinn. Pause!

Taktu upp 204 klukku-stundir af sjónvarpsefni beint á harða diskinn. 204 KLST

Klipptu þína sjón-varpsdagskrá saman á auðveldan hátt. Min dagskrá!

Með innbyggðum 160 GB hörðum disk

32" LCD sjónvarp

Ódýrasta 32"LCD tækið á Íslandi

10.999 Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST

131.988 STAÐGREITT

JDV JDV 32" LCD flatsjónvarp

Mynd í mynd
Tækið er útbúið mynd í mynd tækninni sem er mjög þægileg fyrir þá sem vilja vita hvað er að gerast hverju sinni.

Ótal tengimöguleikar
Sjónvarpið er útbúið 2 scart tengjum sem auðveldar tengingar við DVD spilara, heimabíó eða afruglara. Einnig er tækið útbúið 2x S-VHS og RGB tengi.

Tengdu við tölvuna
Medion flatsjónvarpið er með inngang fyrir tölvur. Upplausnin býður uppá góða mynd jafnvel á 32" tæki.

High Definition Ready
Sjónvarpið er með 1280x720 dpi upplausn á meðan hefðbundinn sjónvörp eru með 640x480 dpi. Flatsjón-varpið getur því skilað skýrari mynd en þú átt að venjast.

Denver DVD/Divx spilari að verðmæti kr. 7.999 fylgir

DVD spilari í kaupbæti! FYLGIR 7.999

BT

BT Skeifan • BT Kringlan • BT Smáralind • BT Hafnarfjörður • BT Spönginni • BT Akureyri • BT Egilsstaðir • BT Selfoss • BT Ísafjörður • www.bt.is • Sími 550 4444

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

BAKÞANKAR

VERNHARÐS ÞORLEIFSSONAR

Mér hefur flogið í hug að ég sé einhverfur, innkaupalega séð. Það virðist engu máli skipta hversu vel skipulagður ég er þegar ég fer í matvöruverslun, það eru alltaf sömu hlutirnir sem ég kaupi. Tómatsósa, bakaðar baunir, hrísgrjón, pasta og aspas. Bökuðu baunirnar voru reyndar ekki vandamál lengi vel, ég var duglegur að torga þeim og því kom það ekki að sök þó ég verslaði eina dós í hverri ferð. En þegar þeir byrjuðu að selja fjórar dósir saman í pakka fór að síga á ógæfuhliðina. Við síðustu talningu voru átta baunadósir í eldhússkápnum.

FYRSTA skref í átt að bata var að viðurkenna vandamálið. Næsta skref var að leita sér hjálpar. Ég las nefnilega af miklum áhuga pistil í einhverju blaði um sölugildrur í verslunum. Þar stóð að allar betri verslanir væru gaumgæfilega uppsettar til þess að stjórna hvernig neytandinn verslar. Leið neytandans í gegnum verslunina er stjórnað og sölugildrunum plantað á þeirri leið. Lausnin var einföld. Labba öfugan hring. Ég ákvað að prófa.

ÞEGAR til þess kom reyndist það hægara sagt en gert. Í fyrsta lagi komst ég ekki inn í verslunina fyrr en hjón sem höfðu nýlokið sínum innkaupum komu að sjálfvirku hurðinni. Ég stakk mér inn og vorkenndi parinu í hljóði fyrir að hafa látið plata sig. Þau hefðu átt að lesa greinina.

ÞEGAR ég hafði troðið mér framhjá röðinni við kassann gat ég hafið innkaupin. Reyndar varð ég fyrst að verða mér úti um kerru þar sem þær eru af ásettu ráði eingöngu staðsettar við innganginn í þeim tilgangi að gera okkur skynsömu neytendunum erfiðara fyrir. Þessi öfuga búðarferð tók mig lengri tíma en venjulega þar sem ég synti, eins og lax upp á, gegn straumi fólks sem var í óða önn að láta búðina stjórna sér. Þegar ég stóð loksins við innganginn og hafði lokið innkaupunum sneri ég við í átt að afgreiðslukassanum. Ég var mjög meðvitaður um gildrurnar sem biðu mín á þeirri leið og náði því að blokkera á umhverfið. Ég einblíndi á kerruna og á tímabili urðum við eitt. Ég komst klakklaust að afgreiðslukassanum.

AÐ sjálfsögðu stóð ég að endingu við kassann með nákvæmlega sömu vörur og venjulega, nema bara í öfugri röð í kerruni.

KANNSKI er ég ekki einhverfur heldur einfaldlega einfaldur.

www.expressferdir.is

Fíton/SÍA

OPNUNARTILBOÐ
FULHAM–BOLTON
25. – 27. nóvember
FYRSTUR BÓKAR – FYRSTUR FÆR!

ÚT AÐ LEIKA

... í útlöndum því Express ferðir, ferðaskrifstofa Iceland Express, ætlar að einbeita sér að því að flytja íslenskt áhugafólk þangað sem næra má áhugasviðið fyrir lítið fé. Hvort sem þú elskar golf, fótbolta eða tónleika í almennilegum húsakynnum finnur þú ferð og verð við þitt hæfi hjá Express ferðum.

» Til að fagna opnun Express ferða bjóðum við takmarkað sætaframboð á eðal-fótboltaferð í enska boltanum.

» Bókaðu núna á **www.expressferdir.is**

» Opnunartilboð

Fulham – Bolton
25. – 27. nóvember

Verð **39.900 kr.**
Innifalið er flug, gisting í tvær nætur á þriggja stjörnu hóteli með morgunverði ásamt miða á leikinn. Miðað er við að tveir séu saman í herbergi.

Express ferðir

Ferðaþjónusta Iceland Express, Grímsbæ, Efstalandi 26, sími 5 500 600

AEG
FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI

LOKADAGAR ÞVOTTADAGA



AEG ÞVOTTAVÉLAR, ÞURRKARAR OG UPPÞVOTTAVÉLAR Á TILBOÐSVERÐI!

EFTIRSÓTTASTA PAR LANDSINS

RADIONAUST
FURUVÖLLUM 5 • AKUREYRI • SÍMI 461 5000

ORMSSON

LÁGMÚLA SÍMI 530 2800
SMÁRALIND SÍMI 530 2900
UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

Auglýsingastofa Guðnýar Önnu